## Bróðirinn varð eftir í Úkraínu



Fjölskylda Maríu Vygovska flúði Úkraínu en bróðir hennar fékk ekki að fara. ➤ 34

## Markvissar mannkynsbætur



Foreldrar Nóa Sæs segja það gamaldags hugsun að skima fyrir Downs heilkenni. ➤ 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

60. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 26. MARS 2022


# Mæður eftir fertugt



Fimm mæður sem allar eignuðust börn eftir fertugt segja frá breyttum áherslum með hækkandi aldri og meiri tíma. ➤ 28

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




## Fréttablaðið fékk tvær tilnefningar

arnartomas@frettabladid.is

**FJÖLMIÐLAR** Tveir blaðamenn Fréttablaðsins hlutu í gær tilnefningar til Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2021. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og eru þrjár tilnefningar í hverjum flokki.

» **Aðalheiður Ámundadóttir og Björk Eiðsdóttir hlutu tilnefningar.**

Björk Eiðsdóttir hlaut tilnefningu í flokknum Viðtal ársins fyrir viðtal sitt við Sigríði Gísladóttur sem lýsir barnæsku sinni hjá móður með geðsjúkdóm. Aðalheiður Ámundadóttir hlaut tilnefningu í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins fyrir fréttaskýringar um dómaframkvæmd Landsréttar í nauðgunarmálum.

Meðal annarra tilnefndra eru Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum, fyrir fréttaskýringar um skæruliðadeild Samherja. Sunna Karen Sigurþórsdóttir, hjá Stöð 2, fyrir umfjöllun um tilefnislausar lífslokameðferðir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, og Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni, fyrir umfjöllun um eignir og eignatengsl í íslenskum sjávarútvegi. ■

## Nýjar kröfur Loftslagsverkfallsins




Loftslagsverkfallið stóð fyrir mótmælum á Austurvelli í gær. Nýjar kröfur hreyfingarinnar fela í sér uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aukið vægi ungs fólks í ákvarðanatökum og að stjórnvöld verji minnst fjórum prósentum af vergri landsframleiðslu í loftslagsaðgerðir. „Þetta er barátta sem heldur áfram og við megum engan tíma missa,“ segir Jóhann Páll Jóhannsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem var viðstaddur mótmælin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



FKA-konur í mannvirkjaiðnaði saman komnar á sýningunni Verk og vit.

## Konum fer fjölgandi í iðngreinum

ser@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Konum í iðngreinum á Íslandi er að fjölga að mun eins og vel sést á sýningunni Verk og vit sem nú stendur yfir í Laugardalshöll.

„Þeim er að fjölga, já, en ekki nógu hratt að mínu viti,“ segir Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans, en hún segir breytinguna þó augljósa frá því fyrir tíu árum eða svo. „Og það gleðilega er að þessar stúlkur eru að koma til iðnnáms beint úr grunnskóla.“

„Konum fjölgar helst í rafiðngreinunum, en einnig í húsasmíði og pípulögn – og núna eru til dæmis fjórar stúlkur að læra vélstjórn sem var óþekkt fyrir nokkrum árum,“ segir Hildur.

„Það eru gríðarleg tækifæri fyrir konur í þessum greinum,“ segir Hildur jafnframt og skorar á stúlkur og ungar konur að huga að þessum atvinnumöguleika, en iðnaðarmenn eru afar eftirsóttir til starfa. ■

**Aðalfundur BÍ 2022**

*Fimmtudaginn 28. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23*

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2022 verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl n.k. að Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

**BÍ-félagar eru hvattir til að mæta**

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

# Mikil pappírsvinna eftir áður en göngustígarnir sjást

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk mest allra ferðamannastaða í tæplega þriggja milljarða úthlutun fjármuna til uppbyggingar innviða og náttúruverndar.

benediktboas@frettabladid.is



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk mest úr úthlutun ríkisins til uppbyggingar innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það er heilmikil skrifborðs- og pappavinna eftir áður en við fáum að sjá bílastæði og göngustíga birtast,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri Þingvallanefndar, en í úthlutun fjármuna til uppbyggingar innviða og náttúruverndar á ferðamannastöðum fékk Þjóðgarðurinn mest allra.

Lagning bílastæða og gerð gönguleiðar norðan Öxarárfoss og Stekkjargjár, að undangenginni frumathugun; uppfærsla á skiltun og merkingum í Þinghelgi, fær 171 milljón á næsta ári.

Uppfærsla á skiltun og merkingum; deiliskipulag fyrir strandlengju og áframhaldandi uppbygging malarstígs fær 34 milljónir og merkingar á meginaðkomum í þjóðgarðinn á þremur stöðum fær 16,2 milljónir. Viðgerð á föllnum brúarsporði við Öxará fær fjórar milljónir.

„Það er mikilvægt að hlúa vel að náttúru og minjastöðum okkar, sem svo margir njóta að heimsækja. Áætlunin gefur fyrirsjáanleika og fjármagn til lengri tíma, en einnig svigrúm til að bregðast hratt og örugglega við óvæntu álagi vegna ferðamanna, eins og við höfum gert,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, þegar hann tilkynnti um úthlutunina. Gert er ráð fyrir um 2,8 milljarða króna framlagi til næstu þriggja ára til uppbyggingarinnar víðs vegar um land.

Alls er nú 151 verkefni á áætlun næstu þriggja ára á rúmlega 90 ferðamannastöðum, þar af 65 ný verkefni sem bætast við að þessu sinni. Þar má nefna uppbyggingu á Geysissvæðinu, byggingu útsýnispalls og göngustíga í Ásbyrgi, yfirbyggingu minja þjóðveldisbæjarins á Stöng í Þjórsárdal, skála með góðri heilsárs salernisaðstöðu í Vaglaskógi, vandaða göngustíga við Búrfellsgjá, áframhaldandi umbætur á aðgengi ofan við Gullfoss með steyptum stígum og frekari skref til bættrar aðstöðu við Jökulsárlón.

> **Það er mikilvægt að hlúa vel að náttúru og minjastöðum okkar.**



Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður og framkvæmdastjóri Þingvallanefndar

Einar segir að hann sé ánægður með verkefnaáætlunina og segir það vera verkfæri sem virkar vel.

„Við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvað mikið við getum byggt af innviðum á hverjum stað og hvað við getum tekið á móti mörgum ferðamönnum á hverjum stað. Við erum langt frá þeirri stöðu núna en það er skylda okkar sem erum að reka þessa staði að skanna inn í framtíðina hvort sem það eru þrjú, fimm eða tíu ár,“ segir Einar glaður í bragði.

„Hér er snjó að taka upp og syndir vetrarins að koma í ljós. Sandurinn sem við notuðum til að hálkuverja er þó að tætast um allt. Það er nánast Reynisfjara við Hakið,“ segir hann og skellir upp úr. ■




Kaupauki við aukahlutina þína að verðmæti

# 618.000 kr.

Þú kaupir aukahluti* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

## Tölur vikunnar



**42**
alþjóðlegar ráðstefnur verða haldnar á Íslandi í ár, árið 2019 voru þær 34.



**162**
milljónir króna er samanlögð bótakrafa á hendur eiganda Bræðraborgarstígs 1.



**953**
almennir borgarar hafa látist vegna innrásarinnar í Úkraínu samkvæmt tölum SÞ.



**101**
almennir lögreglumenn starfa hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, fækkun um sex frá árinu 2015.



**45**
prósent Reykjavíkinga eru hlynnt frekari þéttingu byggðar, 35 prósent eru því andvígir.

## Þrjú í fréttum



**Salvör Nordal**
umboðsmaður barna

sendi bréf til mennta- og barnamálaráðherra þar sem hún fór fram á að hætt yrði að leggja fyrir svokölluð píptest í íþróttakennslu grunnskóla. Hún segir að mörg börn upplifi vanlíðan og kvíða fyrir prófunum auk þess sem mörg þeirra upplifi niðurlægingu þegar þau detta út í hlaupinu fyrir framan skólafélaga sína.



**Aleksander Moshensky**
kjörræðismaður Íslands í Hvíta-Rússlandi

var í umfjöllun Stundarinnar sagður vera einn áhrifamesti auðjöfur heimalands síns og náinn bandamaður forsetans Aleksanders Lúkasjenkó. Utanríkisráðuneytið hafnar því að hafa haldið sérstakri verndarhendi yfir honum þegar kom að refsiaðgerðum. Þá sagði Vinnslustöðin að hann hefði reynst vel þegar fyrirtækið hafi misst leyfin til innflutnings til Rússlands.



**Elín María Óladóttir**
móðir nítján ára drengs sem fæddist með skarð í vör og gómi

er nú í baráttu við Sjúkratryggingar Íslands um að fá greiðslur til að ljúka aðgerðum vegna meðfæddu gallanna. Sjúkratryggingar hafi misst þolinmæðina á meðferðinni. Hefur hún leitað til ráðherra. Ráðuneytið vill ekki veita málinu stuðning. ■

# Sendiherra Póllands á Íslandi segir ástandið minna á heimsstyrjöldina

Við ættum að hætta að tala um innrás Rússa og frekar tala um stríð, segir sendiherra Póllands á Íslandi. Pútín sé búinn að eyðileggja öryggið í heiminum.

bth@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi, segir að ef Úkraínumenn gefist ekki upp verði næsta skref Pútíns að myrða konur og börn. Hann telur baráttuvilja Úkraínumanna gríðarlegan. Ástandið minni á heimsstyrjöldina síðari.

„Rússland hefur ráðist á sjálfstætt ríki Úkraínu. Ef Úkraína fellur ekki munu Rússar næst drepa konur og börn. Við Pólverjar lýsum yfir fullri samstöðu með Úkraínu,“ segir sendiherra Póllands á Íslandi.

Spurður hvort Pólverjar óttist innrás Rússa í Pólland, svarar Pokruszyński að Pólverjar séu öllu undirbúnir. „Mitt svar er þetta. Ef þeir ráðast á okkur þá erum við tilbúnir að taka á móti.“

Hann vitnar til framkvæmdastjóra NATO sem ítreki að ef ráðist verði á eitt ríki innan þess muni allt bandalagið svara. Það sé þó vandamál að ef Pútín ráðist inn í Finnland, þá séu Finnar ekki aðilar að NATO.

„Pútín hefur gjörsamlega eyðilagt öryggi heimsins. Okkar verkefni er að finna nýjan arkitektúr að endurreistu öryggi.“

Ekkert land í nágrenni Úkraínu hefur tekið við öðrum eins fjölda flóttamanna og Pólland. Talið er að úkraínskir flóttamenn í Póllandi séu nú á þriðju milljón og hafa Pólverjar af miklu örlæti opnað híbýli sín fyrir flóttafólkinu. Hins vegar telur sendiherrann að sú staða gæti komið upp að fjöldi úkraínskra flóttamanna tvöfaldist.

„Það er áætlað að nú hafi um 10 milljónir manna misst heimili sitt. Ef Pútín ræðst líka á vesturhluta Úkraínu má vænta þess að aðrar 10 milljónir flóttamanna bætist við. Evrópa og allur heimurinn þarf að taka á móti þessu fólki,“ segir Gerard Pokruszynski.

Sendiherrann segist hafa verið í Úkraínu. Hann hafi sjálfur kynnst hugrekki þjóðarinnar.

„Ég vissi þegar Pútín fór fram að Úkraínumenn myndu berjast og þeir munu berjast af enn meiri ákefð ef þeir geta verið vissir um að flóttafólkið, konur þeirra og börn, séu í öruggum höndum. Það er fjöldaverkefni okkar allra að verja þessi líf.“

Bara í Póllandi eru nú um 700.000 flóttabörn frá Úkraínu. Pólskt skólakerfi, líkt og fleiri innviðir, er undir miklu álagi en það er bóta að margir úkraínskir kennarar starfa nú í Póllandi.

Varðandi þátt Íslands í móttöku flóttafólks lýsir sendiherrann ánægju með að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hafi ákveðið að veik börn frá Úkraínu hljóti skjól á Íslandi.

„Sá flutningur er nú í bígerð,“ segir Pokruszynski.

Hann segir að um 300 Úkraínumenn hafi búið á Íslandi fyrir stríðið. Flóttinn hafi nú þegar tvöfaldast og muni að líkindum vaxa mikið.

„Þetta er harmleikur – við getum kallað þetta hernaðaraðgerðir eða krísu en við ættum að kalla þetta stríð af því að þetta er stríð. Þetta er hrottafengið stríð þar sem rússneski herinn drepur fólk í borgum, þetta ástand minnir mjög á seinni heimsstyrjöldina,“ segir Pokruszynski. ■



Sendiherra Póllands á Íslandi segir að Pólverjar séu viðbúnir innrás Pútíns í Pólland. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þetta er hrottafengið stríð þar sem rússneski herinn drepur fólk í borgum, þetta ástand minnir mjög á seinna heimsstyrjöldina.
>
> Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi




100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

FIAT 500e ER FYRSTI FALLEGI RAFMAGNSSMÁBÍLLINN.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN MEÐ ALLT AÐ 433 KM DRÆGNI.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • FIAT.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT


Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur af öllum vörum
BOSS HUGO BOSS
Stenströms
HUGO HUGO BOSS
gardeur
SAND COPENHAGEN
EMPORIO ARMANI
bugatti
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
POLO RALPH LAUREN
eterna
LES DEUX copenhague
LLOYD
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

# Kjósendur skipa sér í fylkingar í stórum málum

**Meirihluti kjósenda flokkanna sem mynda meirihluta í Reykjavík er hlynntur Borgarlínu og þéttingu byggðar. Kjósendur annarra flokka eru á öndverðri skoðun. Kjósendur Framsóknarflokksins virðast stilla sér upp með kjósendum flokka sem standa utan núverandi meirihluta.**

adalheidur@frettabladid.is

Rúmlega helmingur Reykvíkinga er hlynntur Borgarlínu en innan við þriðjungur andvígur henni, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem Prósent framkvæmdi fyrir Fréttablaðið.

Líkt og með frekari þéttingu byggðar í Reykjavík, sem Fréttablaðið fjallaði um fyrir viku, sýnir könnunin meðal annars að kjósendur þeirra flokka sem mynda núverandi meirihluta í Reykjavík eru líklegri til að vera hlynntir Borgarlínu en kjósendur annarra flokka. Þá eru flokkarnir sem standa utan meirihluta, að Framsókn meðtalinni, líklegri til að vera heldur andvígir bæði Borgarlínu og þéttingu byggðar.

„Góður stuðningur við Borgarlínu og græna borgarþróun í flestum flokkum kemur ekki á óvart,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Hann segir Borgarlínu góða fyrir umferðina og nauðsynlega til að minnka umferðartafir. Markmið í loftslagsmálum náist ekki nema með bættum almenningssamgöngum.

„Það er ekki nýtt að Sjálfstæðisflokkurinn sé klofinn í þessu en það gildir reyndar um margt annað,“ bætir Dagur við.

Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, skýtur hins vegar föstum skotum til baka og skýrir hvers vegna könnunin kemur henni ekki á óvart: „Hún talar inn í það menningarstríð sem borgarstjóri hefur skapað í borginni þar sem fólki er skipað í fylkingar eftir því hvernig það velur að lifa sínu lífi. Meirihlutaflokkunum hefur algjörlega mistekist að skapa sátt um framtíðar samgöngur og skipulag í borginni sem hefur leitt til vantrausts og óánægju,“ segir Hildur.

Einar Þorsteinsson, oddviti lista Framsóknarflokksins, tekur að nokkru leyti undir með Hildi. „Umræðan um Borgarlínu og þéttingu byggðar hefur verið föst í skotgröfum og upphrópunum og því vill Framsókn breyta. Framsóknarflokkurinn styður Samgöngusáttmálann sem formaður flokksins hafði forgöngu um. Þar er markmiðið að einfalda alla umferð fyrir akandi, almenningssamgöngur, hjólandi og gangandi,“ segir Einar. Útfærslan sé hins vegar meiri verkfræði en pólitík.

„Hvað þéttingu byggðar snertir þá hefur þróun fasteignamarkaðar undanfarið sýnt að skynsamlegast er að byggja með þarfir allra borgarbúa í huga. Bæði þétta byggð og brjóta nýtt land,“ segir Einar.

*En verða þessi mál borgarbúum ofarlega í huga í aðdraganda kosninga?*

„Þróun borgarinnar er að sjálfsögðu eitt aðalmál kosninganna í vor. Ekki aðeins Borgarlína heldur Miklabraut sem er að fara í stokk. Mér brá að sjá Sjálfstæðisflokkinn nú leggjast gegn því í samþykktri stefnu sinni,“ segir Dagur.

„Kjósendur ræða held ég ekki Borgarlínu við morgunverðarborðið,“ segir Einar sem telur að kosið verði um grunnþjónustuna; hvort börnin komist inn á leikskóla, hvort fatlað fólk fái úrræði, hvort eldri borgurum líði vel, hvort stígar séu ruddir og ruslið hirt.

Hildur tekur undir með Einari og bætir við: „Kosningarnar munu snúast um það hvaða stjórnmálaafl er trúverðugast til að tryggja framúrskarandi þjónustu, öfluga innviði og nauðsynlegar breytingar í borginni. Það er engum vafa undirorpið í mínum huga að þetta afl er Sjálfstæðisflokkurinn.“

Um flokkslínurnar í könnuninni og myndun meirihluta eftir kosningar segir Dagur mikilvægt að næsti meirihluti styðji þessi verkefni og Samgöngusáttmálann. „Framkvæmd hans er eitt af stóru málunum fram undan,“ segir Dagur.

Aðspurður túlkar Einar könnunina ekki þannig að myndun meirihluta sé skrifuð í skýin. „Mér finnst þetta aftur á móti senda skýr skilaboð um að borgarbúar vilji að það sé áframhaldandi sátt um samgöngumál borgarinnar á grundvelli Samgöngusáttmálans og uppbygging haldi áfram. Ég held að allir séu sammála um að efla þurfi almenningssamgöngur.“

Aðspurð segir Hildur að Sjálfstæðisflokkurinn gangi óbundinn til kosninga. „Myndun meirihluta mun snúast um mun fleira en skipulag og samgöngur, til að mynda fjármál borgarinnar, leikskólavandann, húsnæðisvandann og innviði.“

Mestur stuðningur við Borgarlínu er meðal íbúa í miðborginni og Vesturbænum í Reykjavík. Minnstur stuðningur er hins vegar meðal íbúa í Árbæ, Breiðholti og í Grafarvogi. Viðhorf til Borgarlínu eftir hverfum eru svipuð viðhorfum til frekari þéttingar byggðar sem Fréttablaðið fjallaði um í síðustu viku.

Könnunin var gerð af Prósenti dagana 4. til 18. mars síðastliðinn. Úrtakið var 2.400 og svarhlutfallið 52 prósent. ■

**Viðhorf til Borgarlínu og þéttingar byggðar eftir stuðningi við flokka**




**Viðhorf til Borgarlínu eftir póstnúmerum**




**Hversu hlynnt/ur eða andvíg/ur ert þú Borgarlínu?**




> **Meirihlutaflokkunum hefur algjörlega mistekist að skapa sátt um framtíðar samgöngur og skipulag í borginni.**


Hildur Björnsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins

> **Það er ekki nýtt að Sjálfstæðisflokkurinn sé klofinn í þessu en það gildir reyndar um margt annað.**


Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

> **Umræðan um Borgarlínu og þéttingu byggðar hefur verið föst í skotgröfum og upphrópunum og því vill Framsókn breyta.**


Einar Þorsteinsson, oddviti lista Framsóknarflokksins







## Honda HR-V Hybrid – Ást við fyrsta start

Nýr Honda HR-V tengir saman fágaða hönnun, háþróað hybrid kerfi og akstursupplifun sem hefur aflað Honda aðdáenda um allan heim. Leyfðu HR-V að heilla þig.

**Komdu og reynsluaktu nýjum HR-V Hybrid.**
**Við hlökkum til að sjá þig.**

Honda HR-V Hybrid Elegance

**5.390.000 kr.**

**Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Instagram
instagram.com/hondaisland

Fylgdu okkur á Facebook
facebook.com/hondaisland

Námssjóður
Sigríðar Jónsdóttur

Styrkumsóknir 2022

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Styrkir eru veittir til:

- Öryrkja vegna hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- Einstaklinga sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu fólks með þroskahömlun.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu ÖBÍ, obi.is • Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu ÖBÍ og fá eyðublað sent í pósti.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl nk.

Upplýsingar um styrkúthlutun liggja fyrir eigi síðar en 16. maí nk. Allar nánari upplýsingar gefa Kristín Margrét Bjarnadóttir, kristin@obi.is eða starfsmenn móttöku ÖBÍ, mottaka@obi.is og í síma 530-6700.



Bátar við höfnina í Þórshöfn.

## Kosið á tveimur stöðum í dag

kristinnhaukur@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Tvær sameiningarkosningar fara fram í dag, laugardag. Annars vegar er kosið um sameiningu Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar. Hins vegar um sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Á Snæfellsnesi er kosið í Grunnskólanum í Stykkishólmi og Félagsheimilinu Skildi. Á kosningunum á Norðurlandi er kosið á þremur stöðum, félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn, skólahúsnæðinu á Bakkafirði og í Svalbarðsskóla.

Kjörfundur hefst klukkan 10 og lýkur klukkan 18 í báðum kosningum. Niðurstöðurnar munu liggja fyrir í kvöld. Verði sameiningarnar samþykktar ganga þær í gegn við næstu sveitarstjórnarkosningar. ■



Gustað hefur um meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í Norðurþingi á kjörtímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Slökkviliðsbíllinn nýjasta deilumálið í Norðurþingi

Oddviti Vinstri grænna í Norðurþingi hafnar því að það hrikti í stoðum meirihlutans þrátt fyrir að sífellt bætist við deilumálin. Stutt er síðan flokkurinn lýsti yfir áhyggjum af gangi mála í sveitarstjórninni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Kaup á nýjum slökkviliðsbíl eru nýjasta málið sem valdið hefur ósætti innan meirihluta bæjarstjórnar Norðurþings. Aldey Unnar Traustadóttir, forseti bæjarstjórnar og oddviti Vinstri grænna, hefur mótmælt kaupunum á tveimur síðustu byggðarráðsfundum.

Um er að ræða þátttöku Norðurþings í útboði Ríkiskaupa sem upprunalega áttu að vera 75 milljónir króna. Aldey bendir á að þessi tala hafi hækkað upp í 92 milljónir. Nú þegar hafi 300 milljóna króna uppbygging slökkviliðshúss skert fjárfestingargetu sveitarfélagsins og hafi meðal annars komið niður á skólastarfi. Brýnt sé að endurnýja tölvu og tæknibúnað grunnskólans sem og framkvæmdir á lóð og fleira.

Ekki eru nema tveir mánuðir síðan Vinstri græn létu bóka að flokkurinn hefði áhyggjur af gangi mála í sveitarstjórninni. Gerðar voru athugasemdir við verkstjórn sveitarstjórans, Kristjáns Þórs Magnússonar, og að mikil starfsorka hefði farið í eftirfylgni þeirra mála sem flokkurinn stæði fyrir. En Vinstri græn eru í meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna.

Aldey hafnar því að mál slökkviliðsins sé erfitt mál fyrir meirihlutann. „Þetta er alls ekki erfitt og samstarfið gengur mjög vel,“ segir Aldey. „En við erum ósammála um forgangsröðunina á fjármunum. Fólk er ekkert alltaf sammála og það er í lagi.“

Ýmis mál hafa komið upp á undanförnum árum. Meðal annars lögðust Vinstri græn gegn uppsetningu könnunarmasturs fyrir vindorkuver árið 2020. Þáverandi oddviti, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, sagði sveitarfélagið og atvinnulífið fá lítið sem ekkert fyrir sinn snúð en mastrið yrði lýti á útivistarsvæðinu.

Aðspurð útilokar Aldey ekki að meirihlutaflokkarnir geti áfram unnið saman eftir sveitarstjórnarkosningarnar, sem fram fara 14. maí næstkomandi. „Ég sé fyrir mér alls konar möguleika eftir kosningar. Þess vegna að allir flokkar ynnu saman. Það er að minnsta kosti mín upplifun af þeim tíma sem ég hef setið í bæjarstjórn,“ segir Aldey. „Það hafa aldrei komið upp mál sem eru þess eðlis að ég efist um að samstarfið gangi upp.“

Kristján Þór hefur lýst því yfir að hann hyggist ekki sækjast eftir því að leiða lista Sjálfstæðismanna áfram og hættir í stjórnmálum. Listi Vinstri grænna liggur ekki fyrir en Aldey segist vilja leiða hann áfram. ■

> Það hafa aldrei komið upp mál sem eru þess eðlis að ég efist um að samstarfið gangi upp.
>
> Aldey Unnar Traustadóttir, forseti bæjarstjórnar Norðurþings







NÝSKÖPUNARMÓT ÁLKLASANS

í Hátíðarsal Háskóla Íslands miðvikudaginn 30. mars kl. 14–16

Verið velkomin á Nýsköpunarmót Álklasans. Dagskrá er fjölbreytt að vanda þar sem gefin verður innsýn í spennandi þróunarverkefni hjá iðnaðinum, sprotafyrirtækjum og rannsóknarsamfélaginu.

Dagskrá
- **Sigurður Magnús Garðarsson**, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands
- **Ágúst Valfells**, deildarforseti verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík
- *Snjallar lausnir í álframleiðslu*
  **María Kristmundsdóttir**, framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar og upplýsingatækni hjá Alcoa
- **Steinunn Dögg Steinsen**, yfirmaður umhverfis- og öryggismála álvera hjá Century Aluminum, móðurfélagi Norðuráls
- *Áliðnaðurinn í átt til kolefnishlutleysis*
  **Bjarni Már Gylfason**, leiðtogi samfélagsmála og samskipta hjá Ísal

Örerindi
- *Aðstaða til tæknirannsókna fyrir orkuiðnað*
  **Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir**, klasastjóri Álklasans og framkvæmdastjóri Tækniseturs
- *Endurvinnsla kerbrota*
  **Sunna Ólafsdóttir Wallevik** – Gerosion
- *Loftslagsvæn kolefnislaus álframleiðsla*
  **Jón Hjaltalín Magnússon** – Arctus Aluminium
- *Nýr umhverfisvænn kragasalli og arftaki koltjörubiks*
  **Kristján Friðrik Alexandersson** – Álvit
- *Nýsköpunarmolar í HR*
  **Guðrún Sævarsdóttir**, dósent í Háskólanum í Reykjavík
- *Evrópusamstarf í áltengdum þróunarverkefnum*
  **Guðmundur Gunnarsson** – Tæknisetur

Afhending nemendaviðurkenninga og kynning á nemendaverkefnum.

Skráning á si.is

SAMÁL · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK · HÁSKÓLI ÍSLANDS · TÆKNISETUR · Samtök iðnaðarins · ÁLKLASINN




# Mæltu þér mót við meistaraverk.

**Sýnum nýjustu mótorhjólin frá Honda í dag milli 12-16 í Öskju, Krókhálsi 13.**
Fyrstu Honda mótorhjólin voru flutt inn til Íslands af Honda umboðinu árið 1969 og hafa æ síðan skipað stóran sess í hjörtum áhugafólks um bifhjól. Þau eru þekkt fyrir gæði, áreiðanleika, fallega hönnun og fjölbreytt notagildi en ekki síst fyrir ánægjulega akstursupplifun.

**Kynntu þér úrvalið á honda.is**
**Eigum úrval hjóla til afgreiðslu strax. Við hlökkum til að sjá þig.**



**Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Instagram
https://www.instagram.com/honda_motorhjol

Fylgdu okkur á Facebook
https://www.facebook.com/hondamotorhjol

# Covid-tilfellum fer ört fjölgandi innan Evrópu

**Fjöldi Covid-tilfella í Evrópu eykst hratt. Svæðisstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu telur ástæðuna hratt afnám samkomutakmarkana en er þó bjartsýnn á að faraldurinn sé að líða undir lok.**

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) segir að fjöldi Covid-19 tilfella sé að aukast hratt hjá um þriðjungi Evrópuþjóða eftir að samkomutakmarkanir, grímuskylda og sóttvarnareglur hafi víða verið felldar úr gildi.

Lönd sem stofnunin nefnir sérstaklega og segir þurfa að hafa áhyggjur eru Kýpur, Þýskaland, Grikkland, Frakkland, Bretland, Ítalía og Írland.

Hans Kluge, svæðisstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu, telur þær þjóðir sem eigi það sameiginlegt að sjá mestu aukningu Covid-tilfella einnig eiga það sameiginlegt að hafa nýlega farið úr því að búa við miklar samkomutakmarkanir og harðar sóttvarnareglur í það búa við nánast engar takmarkanir.

Í síðustu viku fjölgaði staðfestum tilfellum Covid í Evrópu afar hratt og voru þá orðin 5,4 milljónir talsins samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, í lok febrúar voru þau 4,9 milljónir. Í síðustu viku létust yfir tólf þúsund manns af völdum Covid-19 í Evrópu.

Þrátt fyrir þessar háu tölur segist Kluge bjartsýnn. Þar spili inn í hjarðónæmi, sem sé að byggjast upp með bólusetningum, vetur sé að enda og sumar á næsta leiti ásamt því að Omíkron-afbrigði veirunnar sé vægara en fyrri afbrigði.




> „Ef maður er bólusettur eru allir mjög slakir, það er frekar verið að einblína á þá óbólusettu í sambandi við takmarkanir.
>
> Halldór Arnarsson

Í Grikklandi var meðaltal daglegra nýrra Covid-tilfella þann 22. mars um 2.100 á dag. Þar hafa um 73 prósent verið fullbólusett.

Halldór Arnarsson býr í Grikklandi þar sem hann stundar nám. Hann segir aukinn fjölda smita ekki hafa áhrif á hans daglega líf, enn séu í gildi sömu takmarkanir og þegar hann flutti til landsins, í byrjun október. Á mánudaginn tilkynntu yfirvöld í Grikklandi framlengingu núgildandi takmarkana til 4. apríl.

„Bólusetningarvottorðið þarf maður að sýna nánast alls staðar ég þarf að sýna það til að komast í skólann og líka til að fara á kaffihús og bari þó maður ætli að sitja úti,“ segir Halldór og bætir við: „Ef maður er bólusettur eru allir mjög slakir, það er frekar verið að einblína á þá óbólusettu í sambandi við takmarkanir.“

Í Þýskalandi þar sem meðalfjöldi daglegra tilfella er enn hærra en í Grikklandi er sagan önnur. Á föstudaginn fyrir viku voru samþykkt ný lög sem heimila niðurfellingu nánast allra sóttvarnaaðgerða í landinu.

Yfirvöld í Þýskalandi hafa þó gefið út að enn verði grímuskylda í almenningssamgöngum og á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Grímuskylda er ekki lengur við lýði í verslunum eða á veitingastöðum. ■


Styrkir

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði til nýsköpunar- og þróunarverkefna.

Forgangssvið 2022 eru:

- Efla samstarf fræðsluaðila í þróun stafrænnar hæfni í kennslu, óháð búsetu. Gerð er krafa um samstarf minnst þriggja fræðsluaðila.
- Gerð og þróun rafrænna námsgagna, með áherslu á talað mál og menningu, í íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Sérstök áhersla á neðri þrep evrópska tungumálarammans (A1, A2, B1).
- Hæfnigreiningar og starfaprófíllar í samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila eða Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Við mat á umsóknum er m.a. litið til þess hvernig þær falla að markmiðum 2. greinar laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu, faglega þekkingu og reynslu umsækjanda af að vinna verkefni sem sótt er um styrk til.

Að auki þurfa umsóknir að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera vandaðar og skýrt fram settar.
- Skýr tenging við markhóp laga um framhaldsfræðslu.
- Mæti sýnilegri þörf fyrir úrræði í framhaldsfræðslu.
- Hafi skýr skilgreind markmið og skilgreinda verkefnastjórn.
- Hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun.
- Skili hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Verkefnin skulu vera opin öllum fræðsluaðilum, mega ekki gera kröfu um umtalsverðan eða íþyngjandi kostnað, eða flókna sérfræðiþekkingu fyrir þá sem nýta sér afurðina.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is

Umsóknarfrestur er frá 28. mars og til 1. maí.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS 20 ÁRA

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


## Þórólfur er smeykur við inflúensuna

helenaros@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segist svolítið smeykur við umfang inflúensunnar, útbreiðsluna og alvarleikann, sem gæti orðið meiri en áður. „Vegna þess að því að við höfum ekki verið með inflúensuna í gangi síðastliðin tvö ár. Það er alveg mögulegt en það er kannski of snemmt að segja til um það,“ segir hann.


Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

Nú þegar er búið að staðfesta tilfelli inflúensu hjá hátt í 300 manns að sögn Þórólfs, sem telur inflúensuna koma bratt inn.

Aðspurður hvort möguleiki sé á að ónæmi fólks sé lélegra gagnvart inflúensu nú frekar en áður vegna tveggja ára pásu svarar Þórólfur játandi.

„Jú, það er ástæða fyrir því að menn óttast að útbreiðslan geti orðið meiri og alvarleikinn kannski meiri því að við höfum ekki verið með neina inflúensu síðastliðin tvö ár, þannig gæti ónæmi verið lakara núna af því að svona reglubundnar sýkingar efla ónæmið í samfélaginu og efla þannig viðnámsþróttinn.“

Þórólfur segir ákveðna möguleika á því að útbreiðsla inflúensunnar verði meiri og þá sé einnig möguleiki á því að veikindin gætu orðið verri.

„Við þurfum bara að vera við því búin. Við höfum verið að hvetja til bólusetningar og það er búið að bólusetja mjög marga, eitthvað um 85 þúsund manns, og enn þá eru til um tíu þúsund skammtar í samfélaginu og aldrei verið bólusett eins mikið og núna.“ ■

## Prófkjör á nýjan leik eftir klofning

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTMANNAEYJAR** Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum fer fram í dag. Flokkurinn klofnaði í Eyjum árið 2018 vegna óánægju hluta flokksmanna með ákvörðun um uppstillingu. Hrapaði flokkurinn úr rúmlega 73 prósenta fylgi í 45 og hefur verið í minnihluta á kjörtímabilinu.

Þeir sem vildu prófkjör komu að stofnun bæjarmálafélagsins Fyrir Heimaey undir forystu Írisar Róbertsdóttur. Listinn fékk rúmlega 34 prósent og leiðir meirihluta með Eyjalistanum. Klofningurinn olli miklum sárindum og hörð orð voru látin falla. Að sögn heimildarmanna sem til þekkja eimir enn eftir af þessum erfiðleikum milli meiri- og minnihluta í bæjarstjórn.


Elliða Vignissyni bæjarstjóra var stillt upp í 5. sætið en hann náði ekki kjöri. MYND/SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

Að þessu sinni gefa tvö kost á sér til að leiða listann. Annars vegar Hildur Sólveig Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari og núverandi oddviti. Hins vegar Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Tveir aðrir frambjóðendur tilgreina ekki það sæti sem þeir sækjast eftir en alls gefa 15 kost á sér. ■

ICELANDAIR




icelandair.is

Verðum við ekki úti í vor?

Er ekki kominn tími til að kíkja á Strikið, borða smurbrauð og skemmta sér konunglega á krá við Nýhöfn? Eða kannski fara með fjölskyldu og vinum í Tívolí? Sama hvað þú gerir þá er góð stemning í Köben að vori.

Finndu þína draumaferð til Kaupmannahafnar.

## Ók á leigubíl frá London til Úkraínu

bth@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Breski leigubílstjórinn Matt Westfall, sem alla jafna ekur bíl sínum í London, ákvað fyrir nokkru að leggja Úkraínu lið. Hann fór fyrir bílalest nokkurra leigubíla og eins sendibíls sem fluttu úkraínska flóttamenn frá landamærum Úkraínu og Póllands til borga í Evrópu þar sem flóttafólkið fær hæli.

Matt safnaði 11.000 evrum á netinu til að standa straum af kostnaði við ferðirnar. Hann ók frá London austur að landamærum Póllands og Úkraínu.

Segir í frétt BBC að kynni hans af flóttafólkinu og akstur því til bjargar hafi breytt lífi hans um aldur og ævi. Skapað nýtt sjónarhorn á heiminn.

„Sársauki, brostið hjarta, léttir,“ voru þau orð sem Matt segir að helst lýsi upplifuninni að ferð lokinni.

Saga Matts er enn eitt dæmið um mannúð og hjartagæsku einstaklinga víða um heim vegna mesta flóttamannavanda sem skapast hefur frá seinni heimsstyrjöld.■

> Sársauki, brostið hjarta, léttir.




# Spennan magnast í Moskvu

**Gangur stríðsins í Úkraínu er ekki eins og Pútín forseti eða flestir aðrir reiknuðu með. Sérfræðingur í málefnum Rússlands telur mannlega þáttinn stærri en ástand hergagna.**

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Stríðið í Úkraínu hefur nú geisað í rúman mánuð og víglínurnar hreyfast lítið. Enn hafa Rússar aðeins náð einni stórri borg á sitt vald, Kerson, en á allra síðustu dögum hafa Úkraínumenn náð nokkru svæði til baka, þar á meðal tveimur bæjum austan við höfuðborgina.

„Við gætum séð lítið breytt ástand í töluverðan tíma. Þar sem Rússar og Úkraínumenn vinna sitt á hvað lítið landsvæði,“ segir Jón Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands og sérfræðingur í málefnum Rússlands. Þar sem nokkuð af yfirgefnum hergögnum hafi fundist séu miklar sögusagnir um liðhlaup í rússneska hernum.

Samkvæmt opinberum tölum Kremlar hafa 1.355 hermenn fallið, sem er umtalsvert meira en Rússar hafa áður viðurkennt. Talan er að öllum líkindum mun hærri. Því hefur verið velt upp hvort örvænting færist yfir stjórnvöld í Moskvu ef herinn fer halloka. Gætu Rússar þá farið að beita meira ofbeldi og jafnvel hættulegri vopnum.

Jón segist enn hvorki sjá merki um neitt hrun í rússneska hernum né heldur umtalsverðar endurheimtur Úkraínumanna á landi. Umræðu um lélegan og úreltan búnað Rússa segir Jón ofaukna. Rússar hafi eytt miklu í hergagnauppbyggingu á undanförnum árum og til að mynda lagt áherslu á flóknar eldflaugar.

„Búnaður rússneska hersins er ekki jafn slæmur og margir vilja láta. Rússar eiga í mun meiri erfiðleikum með mannlega þáttinn. Þeir eru að verða fyrir mannfalli og átta sig á að raunveruleikinn er ekki sá sem þeir áttu von á,“ segir hann.

Upp á yfirborðið sé að koma í ljós að í æðstu lögum hersins voru miklar efasemdir um innrásina. Altalað sé að liðsandinn sé slæmur í rússneska hernum. Það sama eigi við um stöðuna heima fyrir.

„Það er greinilegt að spennan er að magnast í Moskvu. Bæði meðal almennings og inni í kerfinu,“ segir Jón og nefnir harkalega löggjöf og heftingu skoðanafrelsis. „Fólk er ekki aðeins handtekið fyrir mótmæli heldur einnig fyrir að tjá skoðanir sínar. Það skapar svakalega eitrað andrúmsloft.“

Ekki séu enn þá teikn á lofti um að stöðu Vladimírs Pútín Rússlandsforseta sé verulega ógnað. Staðan sé þó flókin. „Það er erfitt að sjá Pútín geta lifað af pólitískt séð ef hann tapar stríðinu. Hann þarf því að koma sér í ákveðna stöðu áður en friður verður saminn til að geta lýst yfir sigri,“ segir Jón.■



Fólk hefur líkt óförum rússneska hersins við þess sovéska í vetrarstríðinu í Finnlandi árið 1940. Jón segir mannlega þáttinn stóran. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



GRINDAVÍK, VÍKURHÓP 57

**Opið fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða**

**Bjarg íbúðafélag** hefur opnað fyrir umsóknir vegna nýrra leiguíbúða í Grindavík.

**Umsóknir og nánari upplýsingar** á heimasíðu félagsins

**www.bjargibudafelag.is**

BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

BSRB



Vímuefnið Spice er orðið algengt meðal unglinga sem eiga auðveldara en áður með að fela neysluna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Stór hópur barna í fikti eða neyslu

arib@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Það eru rúmlega 28 þúsund börn á aldrinum 12 til 18 ára hér á landi. Um fjögur þúsund þeirra eru í fikti eða neyslu á vímuefnum,“ segir Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss. „Þetta er nánast jafn stór hópur og í hverjum árgangi.“

Tölurnar koma frá barnaverndum sveitarfélaga og rannsóknamiðstöðinni Rannsóknir og greining. Í fyrra voru alls 13.264 tilkynningar. Á árunum 2019 til 2020 fjölgaði samanlögðum fjölda tilkynninga um eitt þúsund.

Berglind telur þó að alls ekki öll tilvik séu tilkynnt og það sama eigi við um ofbeldi, það er mikið og líklegt að það sé algengara en tölur gefa til kynna. „Ofbeldi gegn börnum er áhættuþáttur fyrir ofbeldi seinna meir, því hef ég miklar áhyggjur af fjölda tilkynninga um ofbeldi gegn börnum, en þær voru 3.827 árið 2021,“ segir hún. „Ofbeldi er áfall sem getur leitt til vímuefnanotkunar sem að sama skapi getur leitt til siðrofs og ofbeldis. Þetta er hringur sem þarf að rjúfa, til þess þarf að ráðast að rót vandans sem getur verið misbrestur í uppeldi.“

Andleg líðan ungmenna versnaði í kórónaveirufaraldrinum og þunglyndiseinkenni jukust. Slíkt eykur líkur á neyslu vímuefna. Nú er Spice orðið algengt meðal unglinga sem eiga auðveldara en áður með að fela neysluna. Bæði vegna þess að foreldrar þekkja ekki þetta vímuefni auk þess sem það er lyktarlaust.



Berglind Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Foreldrahúss

Berglind óttast að hér verði fjölskyldur þar sem margar kynslóðir glími við sama vandann.

„Ég hef verið með marga unga foreldra í viðtölum hjá mér, margir hafa eignast barn í von um að hætta í neyslu. Fíknin er enn til staðar, sumir foreldrar geta athafnað sig tiltölulega eðlilega í þjóðfélaginu og verið samt í neyslu, en þetta getur auðveldlega leitt til alvarlegra truflana á uppeldi og bitnar þá á börnunum, framtíðinni okkar,“ segir hún.

„Á sama tíma var tilkynnt um 5.614 börn sem höfðu orðið fyrir vanrækslu.“ Vanræksla er vítt hugtak sem nær yfir bæði að skilja börn lengi eftir eftirlitslaus og að tryggja ekki að þau hafi réttan búnað í skóla.

Berglind segir margt gott á dagskrá stjórnvalda en það vanti alltaf meira fjármagn. „Ég er orðin dálítið pirruð á skilningsleysi og skorti á fjármunum fyrir þennan málaflokk. Við erum sífellt að sjá fólk fara í gegnum dómstólana og eða undir læknishendur vegna geðrænna kvilla sem rekja má beint til neyslu, sem hefði verið hægt að grípa.“■


OFUR
FYRIR KRAKKA
BANNAÐ FULLORÐNUM
NÝTT BRAGÐ
LÝSI
KRAKKALÝSI
LÝSI
KRAKKALÝSI
LÝSI
KRAKKALÝSI
LYSI



# 20%

## AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM

**MUUBS SPACE**
Borðstofuborð. Eik.
Ø150 x 75 cm. ~~379.990 kr.~~
**Nú 303.992 kr.**

Borðstofuborð. Svartur askur.
Ø150 x 75 cm. ~~299.990 kr.~~
**Nú 239.992 kr.**



**MARIBO**
Tungusófi, vinstri eða hægri. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. ~~169.990 kr.~~
**Nú 127.493 kr.**



**VERA**
3ja sæta sófi í gulu eða bronze áklæði.
226 x 96 x 85 cm.
~~279.990 kr.~~
**Nú 209.993 kr.**

**MANZANO**
2ja sæta sófi. Vandað ítalskt leður (botn, bak og armhliðar með bonded leðri).
165 x 91 x 91 cm.
~~189.990 kr.~~
**Nú 151.992 kr.**





**FRANCIS DUSK**
Tungusófi í bláu eða gráu sléttflaueli.
371 x 177/120 x 80 cm. ~~649.990 kr.~~
**Nú 519.992 kr.**

## VINNUR ÞÚ **100.000 KRÓNA** GJAFABRÉF?

# #hollinmin

Taktu mynd af heimili þínu, birtu á Instagram og notaðu myllumerkið #hollinmin til að geta átt möguleika á að vinna gjafabréf frá Húsgagnahöllinni upp á 100.000 krónur.

Ein mynd verður valin af dómnefnd og sigurvegarinn tilkynntur þann 15. apríl nk. á samfélagsmiðlum Húsgagnahallarinnar.









**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**11 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**11 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*



**YORK**
Borðstofustóll. Dökkgrár, brúnn eða svartur.
~~26.990 kr.~~
**Nú 21.592 kr.**



**GAIN**
Borðstofustóll. Dökkgrátt sléttflauel.
~~28.990 kr.~~
**Nú 23.192 kr.**






**RICHMOND**
Borðstofuborð, olíuborin eik. Ø120 cm. ~~99.990 kr.~~
**Nú 79.992 kr.**



**ECLIPSE**
Stækkanlegt borðstofuborð, Grár eða svartur askur. 200/300 x 110 x 77 cm.
~~279.990 kr.~~
**Nú 223.992 kr.**






**KENNEDY** 3ja sæta sófi, ljósgrátt eða grátt áklæði. 195 x 98 x 95 cm.
~~279.990 kr.~~
**Nú 223.992 kr.**



**FRANKLIN** Tungusófi, vinstri. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. 268 x 161 x 87 cm.
~~319.990 kr.~~
**Nú 255.992 kr.**






**COLLINS** 3ja sæta sófi í gráu áklæði. 224 x 100 x 92 cm.
~~299.990 kr.~~
**Nú 239.992 kr.**

*Fáðu innblástur*

í glæsilegu tímariti Húsgagnahallarinnar




Skannaðu QR-kóðann til að lesa þetta stórglæsilega tímarit

husgagnahollin.is/hollin-min/

HÚSGAGNA HÖLLIN

> Ég fæddi heilbrigt barn í þennan heim, og ég ætlaði honum allt aðra framtíð en nokkurn tímann þetta.



Dagbjört, móðir Sigfúsar, hefur stutt son sinn á þrautagöngu hans. Hún kallar eftir mildari viðhorfum í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekki aftur snúið eftir fyrstu sprautuna

**Sigfús er nýhættur að sprauta sig og bíður eftir að komast í meðferð. Hann hefur verið upp á svarta markaðinn kominn með ópíóíða sem hann hefur verið háður í mörg ár. Fréttablaðið segir sögu hans og móður hans.**



Benedikt Arnar Þorvaldsson
benediktarnar
@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég er búinn að missa fjóra vini mína frá því í desember. Tveir voru með mér í skóla, hinir tveir voru neyslufélagar. Þeir dóu út af „oxycontin overdose“. Þeir voru allir í sömu stöðu og ég, þeir voru að bíða eftir að komast í meðferð,“ segir Sigfús Már Dagbjartarson, þrítugur Reykvíkingur sem barist hefur við ópíóíðafíkn í nokkur ár og vímuefnafíkn frá unglingsárum.

„Ég byrja í neyslu ungur, í hassreykingum og amfetamíni. Mér var hent út á götu á 18 ára afmælisdaginn minn og ég svaf upp við ofn á stigagangi, í brunastigum eða í ruslageymslum. Ég þurfti að stela mér mat því ég átti ekki neitt á þessum tíma, var í sömu fötum í marga daga og þurfti oft að biðja um að fá að fara frítt í sturtu í Breiðholtslaug, það fór bara eftir hver var á vakt hvort ég fékk að fara í sturtu.“

„Það var gífurleg þjáning, ég var að hitta hann á laun og systir mín var að taka hann inn til sín. Hann bjó á stigagöngum. Hann fékk aldrei það tækifæri sem hann hefði þurft. Ég er ekkert viss um það að hann hefði farið svona djúpt í neyslu ef honum hefði ekki verið hent út af heimilinu,“ segir Dagbjört Ósk Steinarsdóttir, móðir Sigfúsar, sem var aldrei sátt við ákvörðun föður Sigfúsar um að vísa honum af heimilinu.

**Ólýsanleg fráhvörf**

Eftir ár á götunni var Sigfúsi bent á gistiskýlið við Lindargötu. „Fyrsta sem ég sé er maður fyrir utan að drekka spritt og æla blóði. Ég gat ekki hugsað mér að vera þarna, aðstaðan var ekki mannleg,“ segir Sigfús, sem mætti lokuðum dyrum alls staðar og neyddist til að vera áfram á götunni.

„Ég var á biðlista eftir félagslegu húsnæði í sex ár og var á götunni í tvö ár í heildina. Á tímabili át ég svo mikið dóp vegna þess að ég vildi óverdósa.“

Svo komst Sigfús á Vog. Hann fór í tíu daga afeitrun og náði smá tíma edrú. „En í mars, apríl 2019 sprautaði ég mig í fyrsta sinn og þá varð ekki aftur snúið.

Neyslan mín fór út í ópíóíða neyslu, morfín, oxycontin, fentanyl. Þetta var ég að nota alveg í fleiri mánuði upp á dag. Síðan kemur að því að maður nær ekki að redda sér og þá fer maður í fráhvörf,“ segir Sigfús og lýsir fráhvörfum ópíóíðafíknar:

„Stundum liggur við að ég öskri úr sársauka, verkurinn fer upp mjóbakið og líkaminn verður undirlagður af verkjum. Ég svitna og skelf, kemst ekki úr rúminu af því ég verð svo veikur.“ Hann segir að ópíóíðar séu lengi að fara úr kerfinu. „Þeir bindast líkamanum svo lengi, þannig að það tekur svakalega langan tíma að fyrir líkamann að hreinsa sig. Maður er að þjást alveg svakalega lengi og mikið. Síðan kannski verður maður að bjarga sér með að taka meiri töflur, oxycontin eða eitthvert morfín.“

Sigfús vinnur nú í að koma sér á beinu brautina og vill losna undan ópíóíðafíkninni. „Núna verð ég að hætta. Ég get ekki meira.“

Sigfús hætti nýverið að sprauta sig, en það hefur reynst honum erfitt. „Ég tók þetta bara „cold turkey“, sem getur verið hættulegt. Ég verð svo erfiður í skapinu, þarf að fara í heitar og kaldar sturtur til skiptis, fólk forðast mig,“ segir Sigfús. Hann þakkar guði fyrir að vera á lífi en óttast að fara aftur að nota ef hann kemst ekki í viðhaldsmeðferð bráðlega.

„Ég er að bíða eftir innlögn á Vog, er búinn að vera með umsókn þar frá því í desember. Á þessum fjórum mánuðum er þetta búið að vera svona upp og niður, detta í það aftur og aftur og redda sér skammti,“ segir Sigfús. Hann hefur notið þjónustu hjá Frú Ragnheiði, skaðaminnkunarúrræði Rauða krossins, og hefur starfsfólk þar reynt að liðka fyrir því að hann komist í meðferð.

**Dauðalistinn**

Sigfús hefur verið að kaupa sér fráhvarfslyfið Suboxone, en það er dýrt á svarta markaðnum, segir hann. „Á sama tíma færðu Suboxone gjaldfrjálst ef þú ert í viðhaldsmeðferð hjá Vogi,“ segir hann og útskýrir viðskiptamódel svartamarkaðarins.

Þar sé bæði mun auðveldara að kaupa ópíóíða og slá lán fyrir þeim. „Það er nóg til af oxy, fentanyl og svipuðu dópi. Þú ert enga stund að fá þessa ópíóíða, færð þá um leið,“ segir hann og bætir við: „Þú þarft að borga Suboxone um leið. Þú færð ekki skammtinn nema borga strax, en þú getur fengið lán fyrir oxycontin, aðgengið er mun auðveldara að því,“ segir hann og gagnrýnir að aðgengi að Suboxone sé ekki betra.

„Vogur segir nei, Landspítalinn segir nei. Þú verður fyrst að koma í inniliggjandi meðferð. Þá hugsar maður: Á ég að drepast á meðan ég bíð?“ spyr hann, en biðlistann kallar hann „dauðalistann“.

Sigfús kallar eftir breytingu á meðferðarúrræðunum. „Þessi meðferðarúrræði í dag þurfa að breytast, þessir biðlistar eru bara dauðalistar. Það er endalaust fjallað um þetta í fjölmiðlum en ekkert gerist. Fólk er að deyja á þessum biðlistum.“

> Stundum liggur við að ég öskri úr sársauka, verkurinn fer upp mjóbakið og líkaminn verður undirlagður af verkjum. Ég svitna og skelf, kemst ekki úr rúminu af því ég verð svo veikur.

**Meira þurfi frá ríkinu**

Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, aðstoðarmaður yfirlæknis á Vogi, segir að SÁÁ myndi gjarnan vilja sjá ríkið stíga inn af meiri krafti. Ríkið greiði fyrir þjónustu við 90 sjúklinga í lyfjameðferð við ópíóíðafíkn, en nú séu um 250 einstaklingar í þessari meðferð. Mismuninn greiði SÁÁ fyrir með sjálfsaflafé. „Við erum því að teygja starfsemina og sjálfsaflaféð eins mikið og mögulegt er til að reyna að anna þessari eftirspurn, en vildum gjarnan sjá ríkið stíga inn í þetta með okkur af meiri krafti,“ segir hún. Í dag séu alls 750 á biðlista eftir innlögn á Vog.

„Þegar þú ert kominn inn og þú hefur verið greindur með ópíóíðafíkn og sem kandídat í viðhaldsmeðferð, þá er í rauninni engin bið. Biðin er bara hvað við getum afkastað á Vogi,“ segir hún.

Dagbjört, móðir Sigfúsar, telur þennan vanda með helstu meinum heimsins. „Yfirvöld verða að fara að vakna,“ segir hún. „Ég hef sent póst á heilbrigðisráðherra, ég vil fá fund og ræða að fólki sé refsað og það sektað fyrir að vera með skammtinn sinn á sér, hvað skilar því? Það skilar bara meiri skuldum á þetta fólk. Það skilar því í fangelsi, hvað kostar það? Hverjir borga það? Það erum við skattborgarar. Það er verið að ráðast á og taka pening frá fólki sem á ekkert.“

Dagbjört segist þó yfirleitt hafa mætt góðu viðmóti og þakkar sérstaklega Frú Ragnheiði, Vogi og öðru heilbrigðisstarfsfólki og jafnvel lögreglumönnum sem hafa sýnt skilning.

Dagbjört heldur samt alltaf í vonina. „Ég fæddi heilbrigt barn í þennan heim, og ég ætlaði honum allt aðra framtíð en nokkurn tímann þetta. Það hafa allir foreldrar þær væntingar til barnanna sinna að þau finni hamingjuna. Ég segi líka að á meðan fíkillinn lifir er von, og maður hefur séð kraftaverkin.“ ■

**Hvað eru ópíóíðar?**

Ópíöt eru lyf sem eru annaðhvort unnin úr ópíumi eða hafa svipaða efnafræðilega byggingu og virkni og slík lyf. Meðal ópíata teljast meðal annars morfín, heróín, kódín, metadón og petidín. Þau hafa áhrif á heila og miðtaugakerfi, til dæmis hafa þau öflug verkjastillandi áhrif og valda syfju, sljóleika og sælutilfinningu. (Af Vísindavefnum.)

» **Ríkið greiðir fyrir þjónustu við 90 sjúklinga í lyfjameðferð við ópíóíðafíkn, en 250 eru í slíkri meðferð hjá Vogi.**

AÐEINS ÞESSA HELGI

# SÍÐUSTU TEPPIN

## ALLT AÐ 78% AFSLÁTTUR

## SÍÐUSTU TEPPIN SELJAST Á GJAFAVERÐI
## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

**NÁÐU ÞÉR Í DRAUMATEPPIÐ Á DRAUMAVERÐI!**

Verðið segir
allt sem
segja þarf

























**Cromwell Rugs® ehf.**

Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

**Vöruhúsið er opið fyrir almenning í tvo daga til viðbótar**

Laugardag ......26/3
Sunnudag .......27/3

Víkurhvarf 2
Sími 835 70 70

LAUGARDAG
**10–22**
SUNNUDAG
**12–22**

Meðan birgðir endast

# Eyjólfur í Epal og uppáhaldslitirnir

**Litasamsetningar eru vandmeðfarið mál þegar falleg hús eru annars vegar. Strandi fólk í fagurfræðinni er hægt að styðjast við litaspjald Eyjólfs Pálssonar til að fá hugmyndir.**

elinhirst@frettabladid.is

**BYGGINGARLIST** „Ég geng mikið um bæinn og eitt sinn kviknaði sú hugmynd hjá mér að búa til litaspjald til að auðvelda fólki að velja liti sem pössuðu fyrir eldri hús og umhverfi þeirra,“ segir Eyjólfur Pálsson hönnuður, oftast kenndur við verslunina Epal.

„Mig langaði mikið til að þessi hugmynd mín yrði að veruleika og við vorum svo heppin að Minjastofnun Íslands veitti styrk úr húsafriðunarsjóði til að þróa litaspjaldið og síðan varð til starfshópur um verkefnið. Þar var saman kominn valinkunnur hópur fólks sem hefur séð um endurgerð húsa um árabil,“ segir Eyjólfur.

„Niðurstaðan varð lítið leiðbeiningarit þar sem eru ljósmyndir af 28 eldri húsum frá mismunandi tímaskeiðum sem þykja til fyrirmyndar hvað litaval snertir,“ segir hann.

Eyjólfur segir Íslendinga alveg óhrædda við breytingar og það sjáist vel á því hvernig við málum húsin okkar. Sumir velji skæra liti sem kalli á augað eða setji saman mjög ólíka liti.

Nú þegar sumar er í lofti fara örugglega margir að að huga að því að mála húsin sín. Þeir sem vilja skoða betur uppáhaldsliti Eyjólfs í Epal á gömlum húsum geta farið inn á vef Borgarsögusafnsins eða fengið bæklinginn ókeypis í verslunum Epal. ■


Hugmynd Eyjólfs hlaut styrk frá Minjastofnun Íslands úr húsafriðunarsjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



### Gröndalshús í Grjótaþorpi

**Byggt árið 1882**

Árið 1881 rak á fjörur í Höfnum á Suðurnesjum seglskipið Jamestown, sem var fulllestað timbri.

Á næstu árum voru mörg hús byggð úr timbri úr skipinu þar á meðal svokallað Gröndalshús.

Benedikt Gröndal skáld eignaðist húsið 1888 og bjó þar til dauðadags árið 1907.

Aðallitur hússins er dökkrauður, gluggaumgjarðir hvítar.



### Aðalstræti 4, Akureyri

**Byggt árið 1859**

Jóhann Pétur Thorarensen lyfsali lét reisa þetta stóra og glæsilega hús fyrir fjölskyldu sína og lyfjaverslunina á Akureyri árið 1859.

Aðallitur hússins er dökkgulur, þakið er grátt og tréverkið í brúnum litatóni.

### Aðalstræti 16

**Fyrst byggt 1764**

Upphaflega stóð eitt af húsum Innréttinganna svokölluðu á lóðinni. En um síðustu aldamót var lagður grunnur að uppbyggingu hótels á lóðunum við Aðalstræti og Túngötu. Við hönnun nýbygginga umhverfis hið gamla friðlýsta hús var tekið tillit til umhverfisins í Grjótaþorpi. Stærðir og hlutföll tóku mið af því og gafl hins fornfræga Fjalakattar var reistur til stuðnings götumyndinni.

Endurbygging Aðalstrætis 16 miðaðist við seinasta byggingarstig þess rúmri öld fyrr sem og litavalið sem prýðir húsið, gráir, mosagrænir ljósir tónar.





### Skálholtsstígur 7

**Byggt árið 1903**

Magnús Stephensen landshöfðingi lét reisa þetta hús fyrir sig og og fjölskyldu sína árið 1903. Húsið er skrautlegt með austurlenskum áhrifum sem sjá má á hinum einkennandi turni þess.

Vegglitur er ljósmosagrænn og aðalþak og turnspíra eru rauð. Gluggar og tréskraut eru hvít. Síðan er notaður mosagrænn litur auk þess sem kjallarinn er málaður í dökkgráu.



### Laufásvegur 31

**Nú á Árbæjarsafni, byggt árið 1902**

Þetta hús þykir einstaklega glæsilegt dæmi um svokallaðan sveitser-stíl, sem var mikið í tísku í Reykjavík í byrjun síðustu aldar. Stíllinn er ættaður frá svissneskum og suðurþýskum bóndabæjum og er með miklu skrauti og útskurði. Aðallitur hússins er ljósmosagrænn, en gluggaumgjarðir ásamt hornsúlum, vindskeiðum og sperruendum eru í dökkmosagrænum lit til áherslu. Gluggar eru í hvítum lit til mótvægis við grænu litina og einnig til að draga fram einkenni stílsins í gluggunum.


FSRE
AÐSTAÐA Í ALLRA ÞÁGU

HÚSNÆÐI FYRIR FÓLK Á FLÓTTA

FRAMKVÆMDASÝSLAN - RÍKISEIGNIR vinnur að öflun skammtímahúsnæðis fyrir fólk sem flúið hefur Úkraínu vegna árásarstríðs Rússlands á hendur þjóðinni.

Leitað er að húsnæði sem verður heimili flóttafólks fyrstu vikur dvalar þess á Íslandi. Að því loknu mun fólkið flytja í sveitarfélög sem samið hafa við stjórnvöld um móttöku flóttafólks.

**Gististaðirnir þurfa að hafa fleiri en 20 herbergi og vandaða aðstöðu fyrir fólk í viðkvæmri stöðu.**

Aðilar sem telja sig geta boðið húsnæði, hvort sem er ókeypis eða gegn gjaldi geta skráð eign sína á skráningarsíðu **fsre.is.**

Athugið að hér er um að ræða markaðskönnun, ekki er um formlegt útboðsferli að ræða.

# GIRNILEG HELGARTILBOÐ

**GILDA: 26.–27. MARS**




## WELLINGTON NAUTALUND

**3.998** KR/KG
**ÁÐUR:** 7.995 KR/KG
**50% AFSLÁTTUR**

KJÖTSEL



**20% AFSLÁTTUR**

**Lambakonfekt**
Þurrkryddað
**3.839** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.799 KR/KG




**25% AFSLÁTTUR**

**Lamba-prime**
**2.999** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.999 KR/KG




**20% AFSLÁTTUR**

**Íslensk kjötsúpa**
1 kg
KJÖTSEL
**1.327** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.659 KR/PK




**20% AFSLÁTTUR**

**Laxabitar**
Beinlausir - Fisherman
**2.239** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.799 KR/KG

KJÖTSEL



**30% AFSLÁTTUR**

**Nautapiparsteik**
Mjöðm
**2.589** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.699 KR/KG

GOÐI



**20% AFSLÁTTUR**

**Pítubuff**
með brauðum, 6x60 g
**1.839** KR/PK
**ÁÐUR:** 2.299 KR/PK



**40% AFSLÁTTUR**

**Graskersbrauð**
508 g
**377** KR/STK
**ÁÐUR:** 629 KR/STK




*Heilsuvara vikunnar!*

**25% AFSLÁTTUR**

**C-1000 vítamín**
Guli miðinn - 60 stk.
**1.094** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.459 KR/PK

netto
Lægra verð – léttari innkaup



## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.*
*Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

# Fátækt barna



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Þegar öllu er á botninn hvolft og hismið er skilið frá kjarnanum eigum við sem samfélag að huga að velferð barna. Ekkert hlutverk er fullorðnu fólki göfugra en að tryggja farsæld yngstu kynslóðarinnar og auka líkurnar á bjartri framtíð hennar.

En okkur hefur ekki orðið mjög ágengt í þessum efnum. Við höfum búið til samfélag sem hafnar börnum í stórum hópum. Og hvort sem okkur líkar betur eða verr hefur okkur verið nokk sama þótt minnstu börnin okkar njóti ekki þeirrar þjónustu sem tryggir þeim þroska, færni og aukin lífsgæði.

Árið 2020 voru 5.057 íslensk börn undir fátæktarmörkum, samkvæmt skilgreiningum OECD. Að baki tölunni eru brostnar vonir og útilokun frá þátttöku í einu ríkasta samfélagi heims.

Aðskilnaðarstefnan er rekin hér á landi. Hún er fólgin í því að verðleggja samfélagsþátttöku barna og setja verðmiða á sjálfsögð réttindi þeirra. Og svívirðan er fólgin í því að skipta börnum samfélagsins í þann flokk sem hefur efni á þjónustu og hinn hópinn sem getur í besta falli verið áhorfandi að möguleikum dagsins.

Á málþingi Velferðarsjóðs barna sem fram fer í dag í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar er spurt jafn ásækinna spurninga og þær geta verið óþægilegar. Af hverju eru börn rukkuð fyrir leikskóla, skólamáltíðir, tónlistarnám, fótboltaæfingar og tannréttingar?

Málþingið er haldið í ljósi þess að efnahagslegur ójöfnuður barna er tilfinnanlegur á Íslandi og þar verður leitast við að svara þeirri áleitnu spurningu hvort það sé raunverulegur vilji til þess að öll börn fái jöfn tækifæri í lífinu.

Nú um stundir virðist það einmitt vera svo að eitt ríkasta samfélag heims hafi ekki efni á öllum sínum börnum. Það setur þau fremur á biðlista en að sinna þeim. Það flækir kerfið svo mjög úr hófi að mikilvægustu lagfæringar á heilsugöllum barna sitja á hakanum.

Hvaða skilaboð eru það til barns að það fái ekki sálfræðimeðferð vegna alvarlegra andlegra vandræða fyrr en eftir dúk og disk? Hvaða boðskapur er fólginn í því að tveggja ára barn með málþroskaröskun þurfi að bíða í tvö ár eftir þjónustu talmeinafræðings? Hvað merkir sú orðsending í raun og veru að tannréttingar barna séu aðeins á færi aflögufærra foreldra?

Aðskilnaðarstefnan er rekin hér á landi. Við gerum ráð fyrir flestum börnum okkar, en ekki öllum. ■

> ”
> **Aðskilnaðarstefnan er rekin hér á landi. Hún er fólgin í því að verðleggja samfélagsþátttöku barna og setja verðmiða á sjálfsögð réttindi þeirra.**


# Til sölu




**Vegg/Loftapanill**
12x120mm - 252 fm.

**Gólfborð**
28x120mm - 97 fm.

Verð fyrir allan pakkann 903.000 kr.
Verð sirka í Bykó/Húsa 1,806.000
Efnið er nýtt og er enn í pakkningunum.

Einig til sölu nýtt hert öryggisgler í svörtum ramma 200x200 cm. tilvalið skjólveggi.

*Uppl. í síma 618 4341*


## Gunnar




## Mín skoðun

# Þegar fólk dó gangandi



**Sif Sigmarsdóttir**

Það var á sólríkum sunnudegi fyrir nokkrum árum að ég heimsótti sýningu á Þjóðminjasafni Bretlands um rómverska keisarann Hadrían. Hadrían ríkti frá árinu 117 til 138 og er þekktur fyrir að vera einn af „góðu keisurunum fimm“. Á sýningunni sást þó að embættisferill Hadríans var ekki jafnflekklaus og viðurnefnið gaf til kynna.

Í einum sýningarskápanna gat að líta eigur flóttafólks sem flúið hafði vægðarlaus þjóðarmorð Hadríans á gyðingum. Þarna var leðursandali, matardiskur úr viði, spegill og húslykill. Lykillinn fangaði hug minn þar sem ég stóð yfir gljáfægðum glerkassa með bolla af nýlöguðu kaffi í greipunum. Hann var svo fallega merkingarþrunginn. Þótt eigandi lykilsins hefði aldrei snúið aftur til síns heima táknaði hann von.

Mér varð hugsað til lykilsins í vikunni. Hversu margir húslyklar eru í vösum úkraínskra flóttamanna? En svo runnu á mig tvær grímur.

Í næsta mánuði eru fimm ár liðin frá því að umdeild breyting var gerð í friðarsafninu í Hírósíma. Frá árinu 1971 höfðu þrjár gínur staðið í safninu, líkneski af konu og tveimur börnum sem reika skaðbrennd um borg í logum. Var gínunum ætlað að fanga aðstæður í Hírósíma fyrstu andartökin eftir að kjarnorkusprengju var varpað á borgina 6. ágúst 1945. En í apríl 2017 voru þær fjarlægðar.

Stuttu fyrir brotthvarf líkneskjanna heimsótti blaðamaður The Times safnið. Þar hitti hann fyrir hina rúmlega áttræðu Megumi Shinoda. Shinoda var þrettán ára þegar kjarnorkusprengjunni var varpað á heimaborg hennar. Systir hennar og yngri bróðir létust í árásinni. Stuttu síðar missti hún flestalla ættingja sína úr krabbameini af völdum geislavirkni. Shinoda hafði helgað sig því að minna umheiminn á hryllinginn sem hlaust af kjarnorkusprengjunni. Hún trúði því að koma mætti í veg fyrir að atburðurinn endurtæki sig ef við gættum þess að gleyma ekki. Shinoda var stödd í safninu til að berjast gegn því að gínurnar yrðu fjarlægðar.

„Fólkið leit nákvæmlega svona út,“ sagði hún við blaðamann The Times og benti á plastlíkneskin. „Fólkið var sótsvart og rauðflekkótt, líkamar þaktir brunasárum og blóði. Það var varla að sjá að þetta væru manneskjur. Fólkið teygði fram handleggina því húðin bráðnaði utan af holdinu – aðeins neglurnar héldust á sínum stað. Fötin höfðu fuðrað upp og það kallaði „mamma, mamma“. Fólk dó gangandi.“ Shinoda brast í grát. „Ef gínurnar eru fjarlægðar úr safninu, hvernig á fólk að fara að því að muna?“

> ”
> **Shinoda hafði helgað sig því að minna umheiminn á hryllinginn sem hlaust af kjarnorkusprengjunni.**

**Við eigum að vera hrædd**

Vladímír Pútín Rússlandsforseti sagðist við upphaf innrásarinnar í Úkraínu hafa virkjað hersveitir landsins sem sjá um kjarnorkuvopn. Fórnarlömb stríðsins sem nú geisar eru mörg. Ekki er ólíklegt að eitt þeirra verði alþjóðlegar tilraunir til kjarnorkuafvopnunar. Óhugnaður dvínar með tíma. Það sem var fyrir tvö þúsund árum sársauki einstaklings af holdi og blóði sem horfði upp á lífið murkað úr vinum og ættingjum í þjóðernishreinsunum er nú snotur myndlíking handa menningarvitum og túristum sem upphefja sig og andann yfir sunnudagskaffibollanum.

Gínurnar í friðarsafninu voru fjarlægðar því þær þóttu ósmekklegar og helst til ógnvekjandi. „En við eigum að vera hrædd,“ sagði Shinoda. Í stað þeirra komu menjar í anda lykilsins í Þjóðminjasafni Breta, munir úr fórum þeirra sem urðu fyrir árásinni, sjón sem hægt er að virða fyrir sér án þess að svelgjast á helgarkaffinu.

Sjötíu og sjö ár eru liðin frá því að kjarnorkuvopnum var beitt í stríði í fyrsta og eina sinn. Minnkandi vilji til að fækka kjarnorkuvopnum í heiminum í kjölfar yfirstandandi stríðs yrði ósigur mannkynsins alls. Við getum aðeins vonað að það taki hrylling lengri tíma að hverfast í myndlíkingu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skrúfudagurinn

**Skrúfudagurinn verður hann haldinn hátíðlegur laugardaginn 26. mars milli kl. 13:00 og 16:00 í húsnæði Tækniskólans við Háteigsveg.**

**Gestum og gangandi gefst kostur á að skoða aðstöðuna, heilsa upp á nemendur og starfsfólk og prófa hina ýmsu hluti t.d. að sigla í fullkomnasta siglingahermi landsins.**

**Dagskráin er virkilega fjölbreytt og glæsileg.**

**Þið eruð öll hjartanlega velkomin.**

## Setning

⚓ Víglundur Laxdal, skólastjóri, og Júlíus Bjarnason, form. Skólafélags Véltækniskólans, opna hátíðina kl. 13:00.

⚓ Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flytur ávarp.

⚓ Tónlistarmaðurinn KK leikur nokkur lög.

## Útisvæði

⚓ Ýmsar kynningar fyrir framan skólann. Slökkviliðið, Landsbjörg, Slysavarnaskólinn og Landhelgisgæslan eru meðal þeirra sem taka þátt.

## Fyrirtækjakynningar

⚓ Fyrirtækjakynningar verða víðs vegar í byggingunni. Mörg af glæsilegustu fyrirtækjum og stofnunum landsins í sjávarútvegi verða á staðnum.

## Aðalbygging - 1. hæð

⚓ Móttaka gesta.

⚓ Vélahermar opnir. Skoðaðu þig um í fullkomnasta vélahermi landsins!

## Aðalbygging - 2. hæð

⚓ Veiðarfæri, vírar, tóg og fleira áhugavert til sýnis.

⚓ Hægt að læra að splæsa saman og gera pelastikk.

⚓ Sögusýning um Halaveðrið.

## Aðalbygging - bókasafn

⚓ Gamlar útskriftarmyndir til sýnis sem og gömul lokaverkefni.

## Aðalbygging - Turn

⚓ Siglingatæki verða til sýnis í turninum.

⚓ Ef veður leyfir er hægt að fara út á svalir en þar er frábært útsýni yfir Reykjavík.

## Rafmagnshús

⚓ Siglingahermir í gangi. Gestir geta prófað að taka í stýrið.

⚓ Nemendur að störfum.

## Vélahús

⚓ Delta vélin gangsett á hálftíma fresti.

⚓ Glóðarhausavél gangsett á heila tímanum.

⚓ Aðrar vélar ræstar reglulega.

⚓ Nemendur að störfum.

## Veitingasala

⚓ Boðið verður upp á veitingasölu í mötuneyti á 4. hæð. Þetta er styrktarsala fyrir útskriftarhóp Véltækniskólans. Fríar veitingar fyrir börn undir sex ára.

**#skrufan22**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins




**2011**
lék hún með Djurgårdens IF í Svíþjóð

**453**
leiki lék hún á sínum ferli, samkvæmt KSÍ

**2**
sinnum valin besti leikmaður deildarinnar

**15**
mörk skoraði hún 2008 í 17 leikjum

**94**
mörk skoraði hún í efstu deild

**2001**
spilaði hún fyrsta Meistaraflokksleikinn. Kom inn á á 44. mínútu gegn Blikum í 1-0 tapi Vals

**20**
mörk

**114**
A-landsleikir

**18**
mörk

**2**
Evrópumót

**2017**
sleit hún krossband

**269**
leikir í efstu deild

**43**
leikir í bikarnum

**8**
sinnum varð hún Íslandmeistari (2004, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2019 og 2021)

**5**
sinnum bikarmeistari (2001, 2003, 2006, 2009 og 2010)

**4**
sinnum meistari meistaranna (2004, 2005, 2009 og 2010)

# Ein sú besta kveður sviðið

Dóra María Lárusdóttir tilkynnti í vikunni að skórnir væru komnir upp í hillu. Dóra afrekaði að verða Íslandsmeistari átta sinnum og bikarmeistari fimm sinnum auk þess að spila 114 landsleiki. Hún spilaði fyrsta leikinn fyrir Val árið 2001 og hefur skemmt áhorfendum í hartnær 20 ár.

benediktboas@frettabladid.is

Dóra spilaði sinn fyrsta leik árið 2001. Önnur stór atvik í heimssögunni:

- Harry Potter and the Sorcerer's Stone, Lord of the Rings, Shrek og Monsters, Inc. voru vinsælustu myndirnar
- Fallin með Alicia Keys var vinsælasta lagið
- Sex and the city, Friends og Survivor: The Australian Outback var vinsælast í sjónvarpi
- Tom Cruise og Nicole Kidman skildu.
- Björk var í svanakjólnum á Óskarnum.
- Aaliyah lést í flugslysi.
- IPod kom á markaðinn.
- 9/11 harmleikurinn átti sér stað.

# Upp með sokkana!

Árlega missum við 320 pabba, afa, bræður, syni og vini úr krabbameinum. Sýndu lit, þekktu einkennin og kauptu sokka til styrktar Krabbameinsfélaginu.



MOTTUMARS

Krabbameinsfélagið

mottumars.is

# Framkvæmd

## um helgina í Húsasmiðjunni í

Tilboðin gilda í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals

**Allt parket og flísar**
**30%** afsláttur

**Öll LADY málning**
**30%** afsláttur

**Allar hljóðvistarplötur**
**30%** afsláttur

PHILIPS
**Öll ljós**
**25%** afsláttur
Gildir ekki af HUE

**Öll búsáhöld**
**30%** afsláttur

**Öll smáraftæki**
**25%** afsláttur

AUTHOR SILVERBACK
**Öll reiðhjól o.fl.**
**20%** afsláttur

**Allar potta-plöntur**
Ný sending vikulega
**30%** afsláttur

enox.
**Þvottavél, 1400 sn.**
Kolalaus, með 16 þvottakerfum, allt frá hraðþvotti, ECO, ullar og íþróttafatnaði. Orkuflokkur er B.
1860472
Sparaðu 17.000 kr.
**67.990kr**
~~84.990kr~~

enox.
**Þurrkari, barkalaus**
8 kg, með 16 þurrkkerfum, orkuflokkur B, 69dB.
1860473
Sparaðu 15.000 kr.
**69.990kr**
~~84.990kr~~

SAMSUNG
**Sjónvarp, 65"**
4K Ultra HD upplausn, með Crystal 4K örgjörva, býður upp á Wi-Fi og Bluetooth tengingu. 1860806
25%
**139.990kr**
~~187.990kr~~

## Vorerikurnar
eru komnar

**Vorerikur**
Blómapottar seldir sér.
**799kr/stk.**



**Styrkur frá Húsasmiðjunni**
Eigendur Húsasmiðjunnar, Bygma, hafa veitt Rauða krossinum á Íslandi styrk upp að 4,8 milljónum sem rennur óskertur til lífsbjargandi verkefna fyrir þolendur átakanna í Úkraínu.

## Styrkjum gott málefni
Þúsund krónur af hverjum blómvendi renna óskertar til Rauða krossins á Íslandi, til styrkar þolenda átakanna í Úkraínu.

**Friðarvöndur**
Hægt að velja um rósir eða Gerberur.
**1.990kr**



NEXGRILL
**Gasgrill, Evolution 4b**
með innrauða tækni, með fjóra aðal brennara.
Grillflötur: 68,1 x 43,8 cm, 16.6 kW, hliðarhella 2,5 kW. 3000150
20%
**75.990kr**
~~94.990kr~~

OUTBACK
**Gasgrill, Graphit 3B**
Þriggja brennara, ryðfríri brennarar, afköst aðal 9,3kW, hliðabrennari 3,1kW.
Grillsvæði: 56x38 cm. 3000390
15%
**42.492kr**
~~49.990kr~~

NEXGRILL
**Gasgrill, Classic 3b**
Þriggja brennara með hliðarhellu.
Grillflötur: 62,2 x 43,4 cm, 4,35 kW.
Stærð: 118,2 x 124,5 x 61,5 cm.
3002011
20%
**54.392kr**
~~67.990kr~~

## Allir fá íspinna
á meðan birgðir endast
í Skútuvogi



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

dahátíð

Skútuvogi

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

# Dagskrá á laugardag

Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum okkar á laugardag

Laugardag

## Gólfefna-ráðgjöf

Eggert Þorsteinn veitir ráðgjöf í parketi, flísum og hljóðvistarplötum á laugardag **kl. 13-17**.

Laugardag

## Ljósa- og heimilis-tækjaráðgjöf

Jón Arnar veitir ráðgjöf við val á ljósum, heimilstækjum, þvotta-vélum, ofnum, uppþvottavélum o.fl. á laugardag **kl. 13-17**.

Laugardag og sunnudag

## Litaráðgjöf

Maja Ben veitir litaráðgjöf laugardag og sunnudag **kl. 12-15**

Broil King weber NEXGRILL OUTBACK

Laugardag

## Grillráðgjöf

Rut Sigurðardóttir veitir ráðgjöf í grilldeild. Ráðgjöf við val á grillum frá Weber, Broil King, Outback og Nexgrill, laugardag **kl. 13-17**.

AUTHOR SILVERBACK

Laugardag

## Reiðhjólaráðgjöf

Sólon veitir ráðgjöf við val á hjólum frá Silverback og Author, laugardag **kl. 13-17**.

Laugardag

## Ræktunar-ráðgjöf

Lára Jónsdóttir veitir ráðgjöf í Blómavali við ræktun, sáningu fræja og vorlauka, umpottun potta-plantna og fleira, laugardag **kl. 13-17**.





BJORK@FRETTABLADID.IS

# Fleiri eiga börn eftir fertugt

Mæðurnar fimm sem prýða forsíðu þessa tölublaðs eiga það sameiginlegt að hafa eignast barn eftir fertugt. Það er kannski ekkert tiltökumál að koma með nýtt barn á fimmtugsaldri eða þótti það alla vega ekki árið 1853 þegar 115 börn komu í heiminn hjá mæðrum á aldrinum 40 til 44 ára og var talan svipuð lengi vel.

Árið 1966 kemur getnaðarvarnarpillan hingað til lands. Það ár fæddust 31,8 börn mæðrum á þessum aldri en tíðni fæðinga í þessum aldurshóp sem öðrum fór lækkandi og árið 1974 fæddist mæðrum á aldrinum 40 til 44 ára 12,8 börn.

Áratuginn 1980 til 1990 er fjöldi fæddra barna hjá mæðrum á aldrinum 40 til 44 ára 8,75 börn. En 2008 til 2020 eru þau orðin 14,3. Almennt hefur aldur mæðra hækkað og þróunin virðist vera sú að fleiri eignist börn eftir fertugt.

Við lifum lengur, skiptum um starfsframa og jafnvel maka og sífellt fleiri virðast tilbúnir að bæta við barni á seinni hluta ævinnar. Það er þó langt í frá sjálfgefið að það sé hægt. Það vita þær allar, mæðurnar sem ræða barneignir eftir fertugt í þessu tölublaði og verður tíðrætt um þakklætið og meðvitundina um hversu hratt tíminn líður. ■

**Almennt hefur aldur mæðra hækkað og þróunin virðist vera sú að fleiri eignist börn eftir fertugt.**

## Við mælum með

**Pitsu og brauðstöngum BakaBaka**

Pitsurnar á BakaBaka í Bankastræti eru virkilega ljúffengar og pitsubotninn er sérlega „flöffí“ og góður. Við mælum sérstaklega með hvítu pitsunni með mascarpone, kartöflum og rósmaríni en hún bráðnar í munni. Einnig eru Langos brauðstangirnar með hvítlauksdýfu einstaklega ljúffengar, hvort sem er sem meðlæti eða forréttur. Á BakaBaka má einnig finna mikið úrval náttúruvína. ■





**Bætt um betur á Stöð 2**

Þríeykið Inga Lind, Kári Sverriss og Ragnar Sigurðsson halda framkvæmdaglöðum fagurkerum límdum við skjáinn í þáttunum Breytt og bætt á Stöð 2. Þeir félagar Kári og Ragnar eru auðvitað endalaus uppspretta dýrðlegra hugmynda og lausna og umturna hverju rýminu á eftir öðru í eitthvað sem enn sómað gæti sér á forsíðu Bo Bedre. Að fá Ingu Lind aftur á skjáinn er svo bara dísætt kirsuberið á toppinn! Aðra seríu, takk! ■



Þokuvísindafólkið Hulda og Karlsson mæta á vettvang með mælitæki sín að leita sjaldgæfrar þoku. MYND/AÐSEND

# Íslensk/færeysk þoka á svið

**Í dag, laugardag, er frumsýnd í Borgarleikhúsinu íslensk/færeyska leiksýningin Þoka en sýningin, sem ætluð er börnum, leikur á mörkum vísinda og þjóðsagna.**

bjork@frettabladid.is

Sýningin fjallar um náttúrufyrirbrigðið þoku sem er, þegar öllu er á botninn hvolft, lítið annað en sveimur örsmárra vatnsdropa, ský sem liggur við jörðu.

Þokuvísindafólkið Hulda og Karlsson eru komin á vettvang með mælitæki sín til að leita ofursjaldgæfrar þoku. Verkefni þeirra reynist þó allt annað en einfalt því margt býr í þokunni og í bland við fræðslu um þetta magnaða veðurfyrirbæri opnast ævintýra- og þjóðsagnaheimur á sviðinu.

**Þórshafnarþokan innblástur**

Aðalbjörg Árnadóttir leikstýrir verkinu og er jafnframt einn höfunda en hugmyndin kom upp fyrir nokkrum árum þegar hún tók þátt í samnorrænu verkefni í Þórshöfn, Færeyjum.

„Einn daginn fór ég út að labba í svartaþoku. Skyndilega heyrðust skringileg hljóð og glitta sást í eitthvað rautt sem hreyfðist upp og niður. Þegar ég kom nær sá ég að þetta voru börn að hoppa og þau kipptu sér ekkert upp við kolniðamyrkrið. Mér fannst þetta svo áhugavert. Sömu sjón sá ég svo aftur um sumarmorgun á Patreksfirði þar sem börn á leikskólalóð kipptu sér ekkert upp við kalda, daglega morguninnlögnina. Í kjölfarið fór ég að grúska í gömlum færeyskum þokunöfnum og varð alveg heilluð.“



Aðalbjörg Árnadóttir fékk hugmyndina að verkinu í svartaþoku í Þórshöfn, Færeyjum. MYND/AÐSEND

Aðalbjörg á sjálf dóttur á fimmta ári og langaði að búa til leikhús fyrir hana. „Hún vill að ég komi því á framfæri að þetta eru hennar hendur sem halda á krukkunni á kynningarmyndinni,“ segir Aðalbjörg í léttum tón.

**Ein besta leikkona í heimi**

Í Færeyjum eignaðist Aðalbjörg góða vini og upphaflega ætlaði færeysk vinkona hennar að leika í verkinu, en það gekk ekki upp.

„Þá voru góð ráð dýr, ég var komin af stað í framleiðsluferli og búin að missa færeysku leikkonuna mína. Hvernig reddar maður sér færeyskri leikkonu?“ spyr hún sjálfa sig.

„Ég vissi alveg af Gunnvá,“ segir hún og á þá við Gunnvá Zachariasen sem leikur í sýningunni á móti Hilmari Jenssyni. „En ég bara þorði ekki að biðja hana að vera með. Ég hafði leikið með henni eitt kvöld í Kaupmannahöfn og Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona hefur talað um hana sem eina bestu leikkonu í heimi,“ segir Aðalbjörg sem þó byggði upp kjark og þær áttu að hennar sögn frábæran fyrsta símafund þar sem Aðalbjörg var uppi á Melrakkasléttu og Gunnvá út í Suðurey.

**Köngsdóttir í álögum**

Sýningin er bæði á íslensku og færeysku en Aðalbjörg segir að stundum hafi þurft að grípa í ensku eða dönsku í æfingaferlingu. „Í verkinu búum við líka til okkar eigið tungumál, orð eins þokuposafella eða þokupokagildra.“

Í verkinu mæta vísindin ævintýrum og safnaði Aðalbjörg sögum og vísum tengdum þokunni. „Eina hafði ég aldrei heyrt, en það er sagan um að þokan sé köngsdóttir í álögum. Austfirðingar kannast margir við þessa sögu, en ég hef hana frá tengdamömmu minn sem er frá Borgarfirði eystra,“ segir Aðalbjörg.

„Svo skoðuðum við sögur um krumma og hunda sem hjálpa fólki gegnum þoku og um Nykurinn sem er stórt þjóðsagnaminni bæði hér og í Færeyjum,“ segir hún og tekur fram að hún hefði ekki viljað vera án ljósameistarans Ólafs Ágústs Stefánssonar. „Og það sama má auðvitað segja um alla hina,“ segir hún og bætir við: „Þetta er okkar þoka. Ofursjaldsöm íslensk/færeysk þoka,“ slettir Aðalbjörg í lokin en sjaldsöm þýðir auðvitað sjaldgæf. ■

## ■ Í vikulokin

# Reykjavíkurborg stendur traustum fótum fjárhagslega



Ólafur Arnarson

Allt þetta kjörtímabil og lengur hafa Sjálfstæðismenn og fleiri hamrað á því að fjármál Reykjavíkurborgar stefni í óefni, skuldir séu ósjálfbærar og fjármálastjórn borgarinnar ábyrgðarlaus.

Nú hefur verið sýnt fram á að slíkt tal um fjárhagsstöðu Reykjavíkur stenst ekki skoðun. Í vikunni birtist í Kjarnanum grein eftir Þorvarð Hjaltason, fyrrverandi framkvæmdastjóra sunnlenskra sveitarfélaga, þar sem hann hrekur hvert orð slíks málflutnings.

Hann notar tölur sem Samband íslenskra sveitarfélaga tekur saman úr ársreikningum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til samanburðar á stöðu A-hluta þeirra 2016-2020 sem er eini raunhæfi mælikvarðinn á rekstur sveitarfélaga.

Þorvarður skoðar þrjár lykiltölur, skuldahlutfall, skuldir á hvern íbúa og loks veltuhlutfall.

Í ljós kemur að skuldahlutfall Reykjavíkur er lægst, 96 prósent, og langt undir viðmiðum. Hæst er það í Hafnarfirði, 160 prósent.

Skuldir á hvern íbúa eru lægstar í Reykjavík, 930 þúsund, en hæstar í Hafnarfirði, 1.558 þúsund.

Veltuhlutfallið er hæst í Reykjavík, 1,3. Veltuhlutfall yfir 1,0 um áramót þýðir að nægt laust fé og útistandandi skuldir á gjalddaga á árinu er til að greiða allar lausaskuldir og afborganir á komandi ári.

Reykjavík er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu með veltuhlutfall yfir 1,0. Lægst er það í Mosfellsbæ, 0,6, og athygli vekur að frá 2016 hefur veltuhlutfall Seltjarnarness hrunið úr 3,7 í 0,7 og fjármálastjórnin þar virðist í molum. Þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið við stjórnvölinn frá upphafi og margt hefur breyst til hins verra eftir að Sigurgeir Sigurðsson lét af starfi bæjarstjóra laust eftir aldamót.

**» Skuldahlutfall Reykjavíkur er lægst á höfuðborgarsvæðinu.**

Sýnir þetta svart á hvítu að málflutningur Eyþórs Arnalds, Kjartans Magnússonar, Vigdísar Hauksdóttur og annarra dómsdagsspámanna um fjárhagslega framtíð Reykjavíkur er ómerkilegt lýðskrum. ■

# BARNIÐ VEX OG BÓKIN MEÐ







Bækur eru gott veganesti inn í lífið.

Skoðaðu úrvalið á **forlagid.is** og í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17



Berglind Ólafsdóttir átti dótturina Íseyju Von 44 ára en fyrir átti maðurinn hennar þrjú börn. Christina Gregers við hlið hennar eignaðist dóttur sína Arnhildi fertug en fyrir átti hún tvo syni og einn stjúpson. Þórunn Högna, í miðið, átti Leuh Mist 44 ára gömul en fyrir átti hún þrjú börn. Dísella Lárusdóttir eignaðist dóttur sína Snædísi Lind 43 ára en fyrir átti hún tvö börn og Þórunn Erna Clausen, lengst til hægri, eignaðist dótturina Hrefnu Margréti, í fangi hennar, þegar hún var 44 ára en fyrir átti hún tvo syni og fjögur stjúpbörn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Meðvitaðar um að gera sem mest úr tímanum



Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

**Þær Þórunn Högnadóttir, Dísella Lárusdóttir, Þórunn Erna Clausen, Berglind Ólafsdóttir og Christina Gregers eiga það sameiginlegt að hafa eignast barn eftir fertugt og allar segjast þær meðvitaðri í dag um hversu hratt tíminn líði.**

Velmegun síðustu áratuga hefur bæði birst í hækkandi dánartíðni þjóðarinnar sem og hækkandi aldri mæðra. En bæði eru konur farnar að fresta barneignum lengur auk þess sem þróun virðist í þá átt að dreifa þeim yfir lengra tímabil, jafnvel halda þeim áfram lengur.

Við hugsum betur um okkur og lifum lengur, skiptum um starfsframa og jafnvel maka og því ekki að bæta við barni á seinni hlutanum? Auðvitað eru ýmsir kostir og gallar við að eignast barn upp úr tvítugu rétt eins og upp úr fertugu og ólíku saman að jafna. Mjóbakið er klárlega betra upp úr tvítugu en foreldrar upp úr fertugu eru líklegri til að vera búnir að koma sér vel fyrir og geta gefið barninu óskipta athygli án þess að lífsgæðakapphlaupið trufli um of.

Náttúran segir okkur að eignast börn fyrr enda bæði líkur á þungun og kvillalítilli meðgöngu meiri þegar konur eru yngri. Hætta á fósturgöllum eykst með hækkandi aldri og svo er auðvitað líklega meira eftir af ævinni þegar þú eignast barn um tvítugt heldur en um fertugt, en auðvitað er ekki á vísan að róa með nokkuð slíkt.

Ef við þó horfum á ytri aðstæður, búsetuform, atvinnu og fjárhag, þá erum við augljóslega betur í stakk búin til að taka á móti nýjum einstaklingi þegar aldurinn færist yfir. Partístandið og prófgráðurnar eru að mestu að baki og fókusinn meira inn á við eða á fjölskylduna. Flestir hafa minni fjárhagsáhyggjur og eru almennt öruggari í eigin skinni. Ef markmiðið er að koma þaki yfir höfuðið og klára að mennta sig áður en barneignir eru teknar föstum tökum eru allar líkur á að þær frestist allavega fram yfir þrítugt.

Blaðamaður, sem sjálf bætti við örverpi eftir fertugt, settist niður með fimm konum sem allar eiga það sameiginlegt að hafa eignast barn eftir fertugt. Sögur þeirra eru ólíkar eins og gefur að skilja, sum börn plönuð, önnur voru óvæntur glaðningur á meðan enn öðrum þurfti að berjast fyrir. Allar eru mæðurnar þó sammála um að aukinn þroski hafi gert ferlið ánægjulegra, og allar nema ein hafa þær samanburðinn af því að eignast börn á yngri árum.

**Aldurinn …**

Berglind Ólafsdóttir heldur á frumburði sínum, Ísey Von sem er sex mánaða gömul. Hún er í mömmuhóp með öðrum konum yfir fertugu og segist þar heyra að þær upplifi annað viðhorf en hún sem eignaðist sitt fyrsta barn 44 ára gömul.

„Þær hafa margar rekist á það viðhorf hversu gamlar þær séu á meðan ég fæ meira að heyra að það sé æðislegt að ég hafi loks eignast barn.“

Þórunn Högnadóttir eignaðist dótturina Leuh Mist, sitt fjórða barn, 44 ára gömul: „Þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn var ég að læra á bíl. Það eru 28 ár á milli elsta og yngsta hjá mér. Tengingin á milli þeirra tveggja er ótrúleg. Elsti sonur minn á líka tvö börn og þau eru bara eins og systkini Leuh,“ segir Þórunn um ömmubörnin sem eru orðin tvö.

**Þórunn Clausen**: „Ég var að verða 45 ára á árinu sem Hrefna Margrét fæddist en fyrir átti ég tvo syni og fjögur stjúpbörn svo þetta er svona Von Trapp-fjölskylda.“

Dísella Lárusdóttir eignaðist þriðja barnið, dótturina Snædísi Lind, þegar hún var 43 ára: „Ég upplifi helst að ég sé yfirleitt elst af leikskólaforeldrunum og finnst það voða skrítið. En það er þó enginn að benda mér á það.“

Christina Gregers var fertug þegar örverpið, dóttirin Arnhildur, kom í heiminn en fyrir átti hún tvo syni og einn stjúpson: „Ég upplifði þetta með aldurinn meira á meðgöngunni og var þá mun meðvitaðri um það hvað mömmurnar í mömmuhópnum og meðgöngusundinu væru ungar. Hins vegar fattaði ég hvaða árgerð ég er þegar dóttir mín byrjaði í leikskólanum og ein yndisleg mamma sagðist kannast við mig því ég þekki mömmu hennar,“ segir hún og hlær.

**Þórunn Clausen**: „Ég upplifi mig ekkert gamla – tengi bara ekki við það að vera gömul mamma.“

**Berglind**: „Nei, maður er alltaf bara maður sjálfur.“

**Christina**: „Ég man þegar ég labbaði inn í 20 vikna sónarinn, hversu ungir foreldrarnir sem biðu voru. Ég leit á manninn minn og sagði: „Shit, hvað við erum gömul!“ en hann svaraði á móti: „Hvað eru svona ung börn að eignast börn?“ Það er miklu betra viðhorf.“

**Berglind**: „Við fundum fyrir þessu þegar við fórum í para-meðgöngujóga. Þar voru flestallir um tvítugt – þrítugt og við vorum samtals 99 ára,“ segir hún og hlær.

**Þórunn Clausen**: „Ég er líklega eitthvað veruleikafirrt og held greinilega að ég sé yngri en ég er.“

**Þungunin og meðgangan …**

**Berglind**: „Ég var búin að bíða svo lengi eftir henni að ég var yfirfull af ást sem var farin að flæða yfir börn vinkvenna minna,“ segir hún um litlu dótturina. „Ég var svo tilbúin og held að það sé ekki hægt að elska meira.“

Berglind, sem kynntist manninum sínum fyrir nokkrum árum, var alltaf ákveðin í að vilja verða móðir. Það gekk þó ekki hratt fyrir sig og fór hún í alls níu tæknifrjóvganir.

„Hún er sú níunda,“ segir Berglind og horfir hugfangin á dótturina í fanginu.

„Ég missti ítrekað en fór að lokum í aðgerð í Grikklandi sem líklegast hjálpaði því að verða ófrísk og klára meðgöngu. Ég var alltaf alveg ákveðin í að halda áfram og gefast ekki upp, sérstaklega eftir að ég kynntist einni konu sem fór í tólf skipti, hún var mér hvatning um að halda áfram. Ég gerði þetta bara að vinnunni minni. Ég var orðin nógu þroskuð og búin að ganga í gegnum það margt í lífinu til að takast á við þetta.“

**Þórunn Högna**: „Það var allt annað en þungun sem kom upp í huga minn. En ég hafði verið svo slöpp og rosalega flökurt. Ég gat hvorki drukkið kaffi né borðað margar tegundir matar. Ég var búin að taka próf sem var neikvætt og ég var farin að halda að það væri eitthvað alvarlegt að mér. En svo tók ég annað próf sem var jákvætt. Ég hringdi þá í manninn minn sem var himinlifandi en ég sagði á móti: „Ertu að grínast?““ segir hún og hlær. „Ég var ekki eins ánægð og hann þarna fyrst. Hann var svo fljótlega til í annað, en ég bað hann þá að panta tíma og láta klippa á,“ segir hún og hlær.

> **Ég var ekki eins ánægð og hann þarna fyrst. Hann var svo fljótlega til í annað, en ég bað hann þá að panta tíma og láta klippa á.**
>
> Þórunn Högna

**Berglind**: „Ég hélt að meðgangan yrði erfiðari þar sem ég væri eldri, en mér leið ótrúlega vel. Mér fannst einhvern veginn líkami minn loks vera með tilgang. Það er líka magnað hvernig maður síðan upplifir fæðinguna á jákvæðan hátt þó það hafi reynt á að fæða barnið.“

**Christina**: „Ég áttaði mig á því að ég væri ólétt rétt fyrir fertugsafmælið. Ég átti erfiða meðgöngu og kastaði upp allan sólarhringinn fyrstu fjóra mánuðina. Ég ætlaði að halda risa partí en sat niðri á Landspítala með næringu og ógleðilyf í æð, nýbúin að fá vítamínsprautu í rassinn og hugsaði: Er þetta allur glamúrinn við að verða fertugur? Ég átti tvo stráka frá fyrra sambandi og maðurinn minn einn. Hann langaði að bæta við barni og ég ákvað að gefa honum þriggja mánaða glugga í að gera mig ólétta,“ segir hún og hlær. „Það gekk betur en ég hafði haldið.“

**Þórunn Clausen**: „Það dundu mörg áföll yfir frá því ég eignaðist strákana þar til ég átti hana. Ég var því mikið meðvitaðri um allt sem gæti farið úrskeiðis. Ég hugsaði að ég ætti tvö heilbrigð börn og óttaðist að fara að eignast barn sem ég gæti misst. Eins óttaðist ég um eigin heilsu, að synir mínir gætu misst mig, því þeir eiga ekki pabba,“ segir Þórunn sem missti eiginmann sinn og hinn barnsföður fyrir ellefu árum. „Mér fannst ég svolítið vera að spila rússneska rúllettu, ég ætti fullt í lífinu og það væri frekja að biðja um meira. En mig langaði alltaf í litla stelpu.“

**Dísella**: „Hjá mér er þetta þannig að um leið og eitt er hætt á bleyju þá kem ég með nýtt,“ segir hún en fimm ár eru á milli barnanna þriggja. „Maður er náttúrlega geggjaður að koma með eitt í viðbót en ég var ekki tilbúin í að hætta. Ég er líka búin að vera að reyna að vera með „career“ á hliðinni og alltaf með annan fótinn úti í New York,“ segir Dísella sem starfað hefur fyrir Metropolitan-óperuna þar í borg. „Það er mjög eðlileg umræða úti að frysta eggin og fresta þessu.“

**Berglind**: „Ég hefði örugglega misst af því að eignast barn hefði ég búið áfram í Los Angeles,“ segir Berglind sem bjó þar um árabil og starfaði sem leikkona og fyrirsæta.

**Christina**: „Ég fann að ég vildi prófa þegar ég upplifði að ég væri að missa ákvörðunarvaldið. Að ég gæti ekki frestað þessu lengur. En það hentar aldrei fullkomlega að setjast niður og ákveða barneignir.“


Mæðurnar fimm eru sammála um að aukinn þroski nýtist vel í barnauppeldinu og eins sé kostur að lífið sé nú í rólegri takti en hann var í kringum tvítugt.

### Hækkandi aldur mæðra

Aldur mæðra bæði á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum er að hækka.

Árið 2020 voru tæplega 20 prósent (19,6%) kvenna sem fæddu barn 35 ára og eldri, borið saman við árið 2000 þegar þær voru rúmlega 15 prósent (15,3%) og 1980 tæplega 8 prósent (7,8%).

Meðalaldur kvenna sem fæddu barn árið 2020 var 30 ár og þær sem fæddu fyrsta barn 28 ár. Árið 2000 var meðalaldur við fæðingu fyrsta barns 25,5 ár og ef við förum aftur til 1980 var meðalaldur kvenna sem áttu sitt fyrsta barn 21,9 ár. Einnig sjáum við þróunina í hina áttina að mun færri konur eru að eignast sitt fyrsta barn yngri en 20 ára, 1,2 prósent árið 2020 samanborið við 13,9 prósent árið 1980.

Með auknum aldri er líklegra að heilsufarsvandi sé til staðar hjá öllum og sá vandi getur haft þýðingu á meðgöngu hjá konum. Meðgönguverndin er almennt skipulögð þannig að frumbyrjum er boðið að koma í tíu skoðanir hjá ljósmóður og fjölbyrjur koma sjö sinnum. Fjölbyrjum, 35 ára og eldri, er boðið að koma í tíu skipti. Í meðgönguverndinni er gert mat á áhættuþáttum hjá öllum konum og gerð einstaklingsmiðuð áætlun eftir því; almennri líðan, heilsufari, félagslegum aðstæðum o.fl. Áætlunin miðar að því að auka líkur á að vel gangi, bæði hjá móður og barni.

### Meðgöngusjúkdómar líklegri

Það eru auknar líkur á meðgöngusjúkdómum með auknum aldri og ef þungun er með gjafaeggi er það viðbótaráhætta; það eru auknar líkur á háþrýstingssjúkdómi/meðgöngueitrun, meðgöngusykursýki, blóðsega, vaxtarskerðingu hjá fóstrinu og fyrirburafæðingu. Viðbótarskoðanirnar eru því í boði þar sem mældur er blóðþrýstingur og skimað fyrir háþrýstingssjúkdómi. Í upphafi meðgöngu er skimað fyrir meðgöngusykursýki og á meðgöngunni er metið hvort þörf er á vaxtarmati fósturs með ómskoðunum.

Ef konur eru fertugar eða eldri er mælt með fyrirbyggjandi meðferð með hjartamagnýli fyrir þær sem ganga með sitt fyrsta barn og þörf á blóðsegavörn er metin. Eins er mælt með að bjóða framköllun fæðingar við 40 vikur.

**Óttinn …**

Með aldrinum aukast líkur á meðgöngusjúkdómum og því lék blaðamanni forvitni á að vita hvort það hefði valdið áhyggjum á meðgöngunni.

**Þórunn Clausen**: „Þetta tengist líka hormónum en ég hafði mikið meiri áhyggjur.“

**Þórunn Högna**: „Já, ég tengi við það líka.“

**Berglind**: „Það er líka alltaf verið að hræða mann í ferlinu, en sem betur fer er farið að skanna fyrir svo miklu. Maður er eldri og því eðlilega meiri hætta á fósturgöllum.“

**Christina**: „Því eldri sem maður er því meira veit maður að það er ekki sjálfsagt að fá heilbrigt barn eða að meðgangan gangi upp. Ég hafði mun meiri áhyggjur á þessari meðgöngu en hinum tveimur. Einnig fór ég í NIPT-próf til að fá meiri vissu og það róaði mig mjög mikið. Þegar ég mætti í 20 vikna sónarinn var ég með spurningalista fyrir ljósuna.“

**Dísella**: „Áhyggjur mínar voru svolítið bara Covid-tengdar – að vera ekki að hitta fólk ef ég kæmist hjá því. Jú, reyndar var þetta erfiðari meðganga, ég veit ekki hvort það var vegna aldurs míns eða þar sem þetta var í fyrsta sinn stelpa í bumbunni,“ segir Dísella sem áður hafði gengið með tvo stráka. „Kannski var það blanda af báðu, en ég hugsaði að ef þetta væri aldurstengt hvort það þýddi að það gæti bitnað á barninu.

> **Maður er náttúrlega geggjaður að koma með eitt í viðbót en ég var ekki tilbúin í að hætta.**
>
> Dísella

Ég hafði svolitlar áhyggjur af því í þetta skiptið – ekki hin tvö þó það hafi tæknilega verið eldri mömmu meðgöngur,“ segir Dísella sem eignaðist þrjú börn eftir 33 ára.

**Þórunn Clausen**: „Þegar ég var komin 12 vikur fór ég í NIPT blóðprufu í Finnlandi þar sem ég var í fótboltaferð með sonum mínum, þá var ekki hægt að fara í hana hér því það var lokað yfir sumartímann. Í svona blóðprufu, sem hægt er að fara í frá 9 vikum, er hægt að fá mun nákvæmari niðurstöður um fósturgalla heldur en úr hnakkaþykktarmælingu. Það er meira að segja hægt að segja til um kynið í þessari blóðprufu. Þessi prufa róaði mig líka heilmikið eins og Christinu.

**Þórunn Högna**: „Mér var boðin legvatnsástunga sem ég afþakkaði en fór í blóðprufur og man hversu létt mér var þegar niðurstöðurnar voru allar góðar.“

**Ólíkar upplifanir …**

Með hækkandi aldri erum við flest meðvitaðri um hvað tíminn líður hratt og má heyra á þessum mæðrum að það er þeim ofarlega í huga.

**Þórunn Clausen**: „Dóttir mín tveggja ára var að fara í næturpössun í fyrsta sinn um síðustu helgi þegar ég fór til útlanda að vinna.“

**Þórunn Högna**: „Mín hefur aldrei farið í næturpössun og er orðin sex ára. Hún hefur bara verið pössuð heima. Við höfum einu sinni farið tvö erlendis en höfum svo bara tekið hana með. Okkur finnst það auðveldara en að reyna að fá pössun.“

**Þórunn Clausen**: „Já, það er nú eitt, það er erfiðara að fá pössun. Covid hefur ekki hjálpað til við það heldur þannig að það er staða sem margir eru búnir að vera í síðustu tvö árin.“

**Berglind**: „Við erum mjög meðvituð um að gera sem mest úr tímanum með henni. Sumir halda að þeir hafi svo langan tíma en maður veit ekkert um það. Ég er mjög dugleg að taka myndir og skrá niður hluti, svo hún eigi það seinna. Ég finn líka að maðurinn minn upplifir þetta á aðeins annan hátt en áður. Hann hefur meiri tíma, er með mér í öllu, meðgöngujóga og svo framvegis.“

**Þórunn Clausen**: „Fólk spyr hvort það sé ekki erfitt að fara í gegnum svefnleysi en ég hef ekki fundið fyrir því. Maður er kannski búinn að vera svefnlaus í svo mörg ár að maður finnur engan mun. En það eru margir sem einblína á þetta.“

**Þórunn Högna**: „Mér finnst minna mál að vakna snemma eða á nóttunni í dag en þegar ég var ung.“

**Þórunn Clausen**: „Ég naut brjóstagjafarinnar enn meira. Ég upplifði mikið að vera að gera þetta í síðasta sinn og vildi njóta þess.“

**Þórunn Högna**: „Ég veit alveg að margar mæður lenda í svefnleysi en ég slapp við það. Ég held að þetta haldi manni ungum.“

**Christina**: „Við maðurinn minn eigum bara börn úr fyrri samböndum og ég kalla dóttur okkar oft púslið sem púslaði okkur saman. Við öll eigum hana saman. Strákarnir dýrka hana allir og bera hana á höndum sér. Það er ótrúlegt hvað svona lítill einstaklingur getur gert fyrir svona samsettar fjölskyldur.“

**Þórunn Clausen**: „Það er engin afbrýðisemi gagnvart þessu barni. Það eiga hana allir.“

**Þórunn Högna**: „Hin börnin segja að allt sé látið eftir henni. Ég ræð þó betur við að segja nei við hana heldur en pabbi hennar,“ segir hún og hlær.

**Þórunn Clausen**: „Mér finnst ég líka vera með fleiri uppeldisverkfæri í töskunni en áður og kann betur að semja við hana.“

**Vinirnir …**

Hvernig ætli vinirnir, sem flestir eru búnir með „barnapakkann“, hafi tekið fréttunum?

**Berglind**: „Ég finn að vinkonurnar eru frekar til í að passa fyrir mann en þær hefðu verið þegar allar voru með smábörn – enda eru þær margar hverjar núna tilbúnar í að verða ömmur.“

**Christina**: „Ég fékk mikið að heyra: „Hvernig nennirðu þessu?“ En svo kynnist maður líka nýju fólki. Ég á æðislegan vinkvennahóp en þær eru auðvitað lausari en ég og eru meira í jóga, bröns og að sötra kampavín um helgar. En ég er einnig búin að ná aftur sambandi við aðrar vinkonur sem eru á svipuðum stað og ég, vakna sjö og fara í ballett. Ég er með saumaklúbb um helgina og bauð klukkan 10 á laugardagsmorgun.“

**Þórunn Högna**: Ég finn alveg fyrir því að mínar vinkonur eru búnar með þetta. En maður er líka hættur að pæla í því hvað öðrum finnst og gerir það sem maður vill.“

**Útreikningur …**

***Ætli þær hugsi út í það hvað þær verði gamlar við hin og þessi tímamót í lífi barnsins?***

**Þórunn Högna**: „Það var einhver sem sagði við mig: „Hvað

»



Það var handagangur í öskjunni í ljósmyndastúdíónu enda ekki á hverjum degi sem tíu konur prýða forsíðu Fréttablaðsins.

> **Ég var alltaf alveg ákveðin í að halda áfram og gefast ekki upp, sérstaklega eftir að ég kynntist einni konu sem fór í tólf skipti, hún var mér hvatning um að halda áfram.**
>
> Berglind

» verður þú eiginlega gömul þegar hún fermist?“ Ég svaraði bara að mér væri alveg sama.“

**Christina**: „Ég dett stundum í að pæla hvað við verðum gömul þegar við fermum en annars skiptir það engu máli, aldur er bara tala.“

**Berglind**: „Ég held að fólk gleymi stundum í þessari umræðu að þó að við séum eldri foreldrar og eigum kannski ekki eftir að upplifa eitthvað, að þá sé það í raun ekkert sjálfsagt fyrir neinn að lifa lengi. Maður veit ekkert hversu mörg ár maður á, jafnvel þótt maður eignist börn ungur. Maður á bara að vera þakklátur og gefa eins mikla ást og maður getur.“

**Aðstæður ...**

***Það er oftast mikill aðstöðumunur á tvítugum og fertugum, upplifa þær að það skipti máli?***

**Þórunn Högna**: „Finnið þið ekki að nú þegar maður er búinn að koma sér ágætlega fyrir og harkið að mestu að baki og maður er ekki að flýta sér að henda barninu til dagmömmu til þess að fara að vinna og halda áfram. Mér finnst það stór breyta.“

**Christina**: „Ég eignaðist börn rúmlega tvítug, tæplega þrítug og fertug svo ég hef samanburðinn. Ég myndi mæla með 40 ef maður hugsar um hvað við getum gefið barninu. Við erum með au-pair og það er aldrei stress á heimilinu, okkur finnst við ekki vera að missa af neinu djammi og setjum hana sjaldan í pössun. Við erum mikið meira heima. En líkamlega er maður mikið betri tvítugur – þrítugur. Ég er rétt að geta hreyft mig núna og hún er að verða tveggja ára. En ég elska þetta rólega „vibe“, lífið er bara fjölskyldan.“

**Dísella**: „Já, það var auðvelt að komast aftur í form eftir fyrstu tvö en erfiðara eftir þriðja, allt í einu er ég komin með einhvern mjaðmaverk. Svo hefur maður minni tíma til að hugsa um sjálfan sig.“

**Christina**: „En auðvitað, þegar maður er vanur frelsinu og krakkarnir orðnir stórir, þá er þetta pínu frelsissvipting. Maður þarf að venjast því og minna sig á að það þarf einhver að vera heima.“

**Berglind**: „Maður áttar sig betur á því hvað tíminn líður hratt og reynir því að njóta hverrar stundar betur.“

**Christina**: „Við fengum oft að heyra að nú ættum við að vera að njóta, en við njótum þess einmitt að hafa hana með.“

**Dísella**: „Mér finnst einmitt svo gaman að lifa og njóta í gegnum börnin. Allt önnur upplifun.“

**Þórunn**: „Mér finnst yndislegt að vita til þess að við eigum eftir að upplifa svo margt skemmtilegt með henni og finnst ég ná að staldra betur við og njóta þess núna.“

**Þakklætið og framtíðin ...**

**Christina**: „Ég upplifi mikið þakklæti og segi reglulega við manninn minn: „Horfðu á hana, hvernig gátum við búið til svona flott eintak?“ Því eldri sem við erum, því meira vitum við að þetta er ekki sjálfgefið. Maður veit svo innilega að það eru ekki allir sem geta átt börn – hvað þá að börnin séu heilbrigð.“

**Dísella**: „Ætli ég hafi ekki aðeins meiri áhyggjur af framtíðinni. Að ég haldi mér í formi til að geta leikið með og verið við fulla heilsu. Mig langar enn þá að nenna á fótboltamótin og hinar tómstundirnar sem munu vera. Mér finnst það í rauninni erfiðast við að vera eldri mamma – ég held að allt annað sé jákvætt. Maður er vitsmunalega meira tilbúinn til að hugsa um þessi kríli og vonandi þolinmóðari þegar þarf. Maður er líka fjárhagslega á betri stað en heilsan er stórt umhugsunarefni – maður vill geta verið fjörugur og skemmtilegur en maður er klárlega ekki jafn liðugur og sterkur og maður var á þrítugsaldri.“

**Þórunn Clausen**: „Ég er sammála. Enda ekki sanngjarnt að hún fái ekki þetta allt, því hún er yngst.“

**Christina**: „Maður vill geta haldið í við þau, við höfum alltaf hugsað frekar vel um okkur en ég hætti til að mynda að drekka enda finnst mér leiðinlegt að vera þunn og vil vera til staðar á morgnana.“

**Berglind**: „Lífið hefur tekið alveg nýja stefnu og í raun ótrúlegt hversu mikil áhrif það hefur haft að fá hana inn í lífið okkar. Hún hefur einhvern veginn gefið framtíðinni nýjan tilgang sem gerir lífið svo miklu skemmtilegra.“ ■

### Stórstjörnur sem urðu mæður eftir fertugt

- Leikkonan Julianne Moore var 41 árs þegar hún eignaðist dótturina Liv.
- Leikkonan Halle Berry eignaðist sitt fyrsta barn 41 árs, dótturina Nahla og svo soninn Maceo þegar hún var orðin 47 ára.
- Leikkonan Susan Sarandon var 42 og 45 ára þegar hún átti synina Jack og Miles.
- Fyrirsætan Christie Brinkley var 44 ára þegar hún átti dótturina Sailor Lee.
- Leikkonan Nicole Kidman var 41 árs þegar hún eignaðist dótturina Sunday Rose.
- Leikkonan Mery Streep eignaðist dóttur rétt fyri 42 ára afmælið.
- Leikkonan Salma Hayek eignaðist dótturina Valentinu, 41 árs.
- Söngkonan Celine Dion var 42 þegar tvíburasynirnir komu í heiminn.
- Leikkonan Kim Basinger eignaðist einkadótturina, Ireland, 41 árs.
- Söngkonan Gwen Stefani eignaðist soninn Apollo 44 ára.
- Leikkonan Uma Thurman var 42 ára þegar dóttirin Altaluna fæddist.
- Söngkonan Madonna var 42 þegar sonurinn Rocco kom í heiminn.
- Söngkonan Janet Jackson var fimmtug þegar sonur hennar Eissa fæddist.
- Leikkonan Geena Davis eignaðist öll þrjú börnin sín eftir fertugt. Dóttirin fæddist þegar hún var 46 ára og tveimur árum síðar komu tvíburadrengir.
- Beverly D'Angelo og eiginmaður hennar Al Pacino eignuðust tvíburasyni rétt fyrir fimmtugt.
- Söngkonan Geri Halliwell var 44 þegar sonur hennar fæddist.
- Fyrirsætan Naomi Campbell var 51 árs þegar dóttir hennar kom í heiminn.
- Leikkonan Cameron Diaz var 47 þegar hún eignaðist dótturina Raddix.




Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki INTERIORS **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!** facebook.com/Parki.interiors




Stórsýningin Verk og vit verður haldin í fimmta sinn dagana **24.–27. mars 2022** í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Verk og vit er frábær vettvangur til að kynna sér allt það nýjasta í byggingariðnaði, mannvirkjagerð og skipulagsmálum ásamt því að kynna sér spennandi vörur og þjónustu.

**Hlökkum til að sjá þig á Verk og vit 2022 - Sjón er sögu ríkari**

**OPNUNARTÍMI**

| | | |
|---|---|---|
| Laugard. | 26. mars | kl. 11-17 |
| Sunnud. | 27. mars | kl. 12-17 |

**Verð aðgöngumiða: kr. 1.750**

Aðgöngumiði fagaðila gildir alla sýningardagana

Miðasala á verkogvit.is, tix.is og við innganginn

**Sýning • ráðstefna • viðburðir**

verkogvit.is

H2 hönnun

SAMSTARFSAÐILAR

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

SI

BYKO

# Örlög Signe Sundby



**Danskur áhugamaður um ættfræði biðlar til Íslendinga um hjálp við að leysa rúmlega hundrað ára ráðgátu sem tengist franska konsúlnum í Höfða og danskri vinnukonu.**

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is



Engar myndir hafa fundist af Signe Sundby en á þessari mynd frá 1911 má sjá Brillouin fjölskylduna spóka sig í Reykjavíkurhöfn. Frá vinstri: Jean-Paul, óþekktur maður, Ragna Alice Elodie, Martha Gudrun og Ragna Emilie Grønstad. MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Um miðjan marsmánuð barst Fréttablaðinu nokkuð sérstakt bréf frá Ebbe Holmboe, 75 ára dönskum eftirlaunaþega og fyrrum safnstjóra danska Þjóðminjasafnsins. Með bréfinu fylgdi frásögn þýdd á íslensku sem bar titilinn „Örlög Signe Sundby“ og hófst svo:

„Á Íslandi þekkja allir stóra fallega húsið Höfða í Reykjavík. Staðurinn er víðfrægur síðan forsetar Sovétríkjanna og Bandaríkjanna þeir Gorbachev og Reagan héldu þar fund árið 1986 þar sem samið var um í lok kalda stríðsins.“

Frásögnin fjallar hins vegar ekki um sjálft húsið, heldur danska konu frá eyjunni Mön sem hét Signe Sundby og var vinnukona í Höfða í byrjun 20. aldar fyrir franska konsúlinn Jean-Paul Brillouin, sem Höfði var byggður fyrir 1909. Undanfarin sex ár hefur Ebbe hjálpað afkomendum Signe Sundby að reyna að komast að afdrifum þessarar dularfullu konu sem enginn veit hvað varð um eftir 1913.

Ebbe segir leitina vera hluta af víðtækri ættfræðirannsókn á fjölskyldu hans sem hefur staðið yfir í nærri þrjátíu ár:

„Þegar meðlimur fjölskyldunnar er ættleiddur er það alltaf heillandi að komast að því hverjir voru líffræðilegu foreldrarnir. Einn meðlimur fjölskyldunnar bað mig um að hjálpa sér að komast að því hver líffræðilegur afi hennar og amma voru og ég komst að raun um það,“ segir Ebbe.

### Send út til að eiga barnið

Umrædd afi og amma voru Jean-Paul Brillouin og Signe Sundby, sem eignaðist barn konsúlsins í lausaleik árið 1912. Signe var send utan til að eiga barnið og fæddi heilbrigt stúlkubarn á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn í júlí 1912. Signe samþykkti að gefa barnið til ættleiðingar og fram kemur í skjölum að það hafi verið ættleitt af dönskum heldri borgurum. Grípum inn í frásögn Ebbe:

„Þótt undarlegt sé kom Signe til baka til Reykjavíkur og byrjaði sín fyrri störf hjá fjölskyldunni í Höfða. Eftir einhvern tíma sá hún sárlega eftir því að hafa gefið dóttur sína og Jean-Pauls til ættleiðingar og skrifaði í júní 1913 yfirvöldum í Kaupmannahöfn bréf og vildi ógilda ættleiðinguna.“

Umrætt bréf er varðveitt í ríkisskjalasafni Danmerkur og dagsett 12. júní 1913 í Reykjavík. Þar biðlar Signe til borgaryfirvalda um að fá barnið sitt aftur en að sögn hennar var ættleiðingin leynileg svo hún hafði í raun ekki hugmynd um hvaða fólk fékk barnið hennar.

„Nú biðla ég til herra amtmanns hvort ég geti dregið orð mín til baka. Hef ég ekki rétt á að fá barnið mitt aftur!“ skrifar Signe.

Allt kom þó fyrir ekki og yfirvöld neituðu að ógilda ættleiðinguna í ljósi þess að Signe hefði undirritað samkomulagið um ættleiðinguna af fúsum og frjálsum vilja í viðurvist votta. Signe fékk bréf þess efnis sent í ágúst 1913 á meðan hún bjó enn í Höfða, sem hefur án efa verið henni reiðarslag.

### Embættismaður í ævintýrahug

Víkjum sögunni að konsúlnum. Jean-Paul Brillouin (1875-1946) var stórhuga maður sem gekk misvel í sínu starfi. Hann flutti til Reykjavíkur árið 1908 og í tímaritinu Ísafold þann 18. júlí sama ár er þess getið að hann hafi siglt til Íslands með gufuskipi frá Kaupmannahöfn, hvar hann gegndi áður stöðu aðstoðarkonsúls í franska sendiráðinu. Fjölskylda Jean-Pauls fylgdi honum eftir einhverju síðar. Seinni eiginkona hans, Martha Gudrun (f. 1885), dóttir þeirra, Ragna Alice Elodie (f. 1907), tengdamóðirin Ragna Emalie Grönstad (1853) og svo auðvitað þjónustustúlkan, Signe Sundby (f. 1885), sem vann fyrir fjölskylduna í Kaupmannahöfn.

Ferill Jean-Pauls á Íslandi varð ekki ýkja langur því áramótin 1911-12 var hann leystur frá störfum vegna ágreinings við franska utanríkisráðuneytið og annar konsúll ráðinn í hans stað. Það vakti athygli að hann fékk að búa áfram í Höfða ásamt fjölskyldu sinni og þjónustuliði eftir að hafa látið af störfum. Í kjölfar þess reyndi Jean-Paul fyrir sér með ýmsum viðskiptaævintýrum á borð við það byggja höfn í Þorlákshöfn og gúanóverksmiðju í Vestmannaeyjum, en ekkert varð úr þeim hugmyndum.

Ebbe Holmboe fór til Parísar og náði að púsla saman ævi Jean-Pauls með hjálp skjalasafns franska utanríkisráðuneytisins og hefur hún þetta að segja um konsúlinn: „Hann átti ekkert stórkostlegan feril og ég held að hann hafi glímt við margar hindranir í sínu starfi. Ég er ekki viss um að hann hafi verið auðveldur í samskiptum, en ég veit það ekki.“

Jean-Paul flutti aftur til Frakklands ásamt fjölskyldu sinni haustið 1913 og var þá kominn í mikil fjárhagsvandræði eftir mislukkuð viðskiptaævintýri árin áður. Hann var ráðinn aðstoðarkonsúll í Santiago de Cuba á Kúbu en var kallaður í franska herinn þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út. Eftir að hafa gegnt herþjónustu í eitt ár dvaldi Jean-Paul í stuttan tíma í Kristiansand í Noregi en flutti loks með fjölskylduna til Kúbu 1918 þar sem hann endaði ferilinn og lést árið 1946, 71 árs að aldri.



Ebbe Holmboe hefur reynt að púsla saman fjölskyldusögunni undanfarin þrjátíu ár en örlög Signe Sundby eru stærsta ráðgátan hingað til. MYND/AÐSEND


7 - JUL 1913

Bréf Signe Sundby til borgaryfirvalda Kaupmannahafnar er varðveitt í ríkisskjalasafni Danmerkur. MYND/EBBE HOLMBOE

### Slóðin hverfur á Íslandi

Í gegnum rannsóknir sínar hefur Ebbe tekist að varpa nokkuð skýru ljósi á ævi Jean-Pauls Brillouin sem og dóttur hans og Signe. Afkomendurnir vilja enn sem komið er halda nafni hennar leyndu en vitað er að dóttirin lifði löngu og farsælu lífi í Danmörku og eignaðist fjölskyldu sem úr varð sá leggur er Ebbe þekkir til. Dóttir Signe og Jean-Pauls lést árið 2001, 89 ára að aldri og þótt hún hafi vitað hverjir líffræðilegir foreldrar hennar voru reyndi hún ekki sjálf að komast að afdrifum þeirra.

Slóð Signe Sundby hverfur á Íslandi árið 1913, um það leyti er barnsfaðir hennar flytur aftur til Frakklands. Ebbe hefur undanfarin ár leitað upplýsinga um Signe bæði í dönskum og frönskum skjalasöfnum án nokkurs árangurs.

„Það furðulega er að ég get ekki fundið neitt um hana hér í Kaupmannahöfn. Mér hefur oft lánast að finna upplýsingar um látið fólk í Kaupmannahöfn en ég get ekki fundið hana. Og það sem er ekki síður furðulegt er að ég ræddi við barnabarn einnar systur hennar sem hafði ekki einu sinni heyrt minnst á hana. Hún hafði heyrt sögur af hinum systrum ömmu sinnar en ekki Signe.“

Líklegasta atburðarásin er sú að Signe hafi snúið aftur til Danmerkur eftir að Jean-Paul flutti til Frakklands en ómögulegt er að sannreyna það því farþegalistarnir frá skipaferðum Eimskips á þessum tíma brunnu í eldsvoða. Ebbe segist þó vera með fjórar tilgátur um örlög Signe:

„Hún gæti hafa snúið aftur til Danmerkur. Það er skrýtið að ég skuli ekki geta fundið hana. Það er auðvitað sennilegasta skýringin en ég er ekki viss. Hún gæti hafa tekið sitt eigið líf vegna vonbrigða. Þá gæti hún hafa gifst á Íslandi, einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Lokatilgátan er sú að hún gæti hafa flust með Íslendingum til Kanada eða Bandaríkjanna í vesturferðunum.“

> **Ég held að einhvers staðar á Íslandi, mögulega á einhverju dvalarheimili fyrir aldraða, sitji kona eða maður sem getur hjálpað okkur.**
>
> Ebbe Holmboe

### Lykillinn að ráðgátunni er hér

Ekkert bendir til þess að Signe hafi flust með Brillouin fjölskyldunni til Kúbu enda sýna farþegalistar skipanna sem þau sigldu með einungis nöfn Jean-Pauls, Mörtu Gudrunar og Rögnu Alice. Þá kemur hvorki fram í þeim íslensku kirkjubókum sem Ebbe hefur skoðað að Signe hafi gifst né látist í Reykjavík, þótt það útiloki vissulega ekki að hún hafi gert það annars staðar á landinu.

*Þannig að það er næstum eins og Signe hafi horfið af yfirborði jarðar eftir 1913?*

„Já, nákvæmlega. Ég vona að einhvers staðar á Íslandi sé manneskja sem viti eitthvað um málið. Ég var í sambandi við ungan Íslending sem sagði mér að hann hefði heyrt þessa sögu frá ömmu sinni. Það var til umræðu í Reykjavík á sínum tíma að konsúllinn hefði eignast barn með þjónustustúlku sinni og þótti nokkurt hneyksli.“

Ebbe bindur einna helst vonir við að afkomendur íslenska vinnufólksins sem vann með Signe í Höfða á þessum tíma viti eitthvað en þau hétu Sigríður Magnúsdóttir (1889-1951) og Sigurður Guðmundsson (1889-1920).

„Ég held að einhvers staðar á Íslandi, mögulega á einhverju dvalarheimili fyrir aldraða, sitji kona eða maður sem getur hjálpað okkur. Ég er viss um það. Ekki síst vegna áhuga Íslendinga á ættfræði,“ segir Ebbe að lokum.

Þeim sem telja sig geta varpað einhverju ljósi á örlög Signe Sundby er bent á að hafa samband við blaðamann á tsh@frettabladid.is. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**LAUGARDAGUR** 26. mars 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Meðlimir Mæðraveldisins eru f.v. Þórdís Claessen, Sesar A. og Margrét Thoroddsen. MYND/AÐSEND

## Dansvænir útgáfutónleikar

starri@frettabladid.is

Fyrsta plata Mæðraveldisins kom út fyrr í þessum mánuði og er samnefnd sveitinni. Útgáfunni verður fagnað í kvöld með tónleikum á Kex hosteli í Reykjavík. Meðal sérstakra gesta verður Blaz Roca og plötusnúðurinn Ása Kolla mun þeyta skífum og halda dansinum gangandi.

Hljómsveitin Mæðraveldið samanstendur af rapparanum og textasmiðnum Sesari A., Margréti Thoroddsen, sem er söngrödd hljómsveitarinnar og leikur á hljómborð og ýmsa hljóðgervla, og Þórdísi Claessen sem leikur á bassa og sér um grafík sveitarinnar.

Meðlimir sveitarinnar lýsa tónlist sinni sem dansvænni og grípandi Afró-Cuban hipp hopp tónlist, blandaðri danstónlist tíunda áratugarins. Textarnir endurspegla lífsreynslu meðlima, ádeilumál samfélagsins, jafnt sem innstu tilfinningar.

Upphaf sveitarinnar má rekja til þess þegar Sesar A., sem stundum er kallaður afi íslenska rappsins, hóf leit að hljóðfæraleikurum til að stofna hljómsveit. Markmiðið í upphafi var að lögin yrðu að mestu leikin á hljóðfæri, ólíkt forritaðri danstónlist, og að flestir meðlimir sveitarinnar væru kvenkyns.

Aðgangur er ókeypis. Partíið byrjar kl 20.30 en Blaz Roca stígur á svið kl 21.00.

Hægt er að hlusta á plötuna á Spotify og fylgja sveitinni eftir á Facebook. ■







Úlfur Atlason sótti námskeið í Skema þegar hann var 13 ára og varð síðan þjálfari og er núna orðinn verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Börnin læra forritun í háskóla

Skema í Háskólanum í Reykjavík er brautryðjandi í forritunarkennslu fyrir börn á Íslandi. Undirstöðuatriði kennslunnar eru jákvæðni, myndræn framsetning og notkun á þrívíðum forritunarumhverfum til að auðvelda börnum að stíga fyrstu skrefin inn í heim tækninnar. 2

Úlfur Atlason er verkefnastjóri hjá Skema, en hann byrjaði að vinna þar 13 ára gamall eftir að hafa setið námskeið. Þegar hann er spurður hvernig það hafi komið til, svarar hann: „Ég sótti námskeið hjá Skema þegar ég var 13 ára og þótti mjög skemmtilegt auk þess sem mér gekk mjög vel. Síðar var ég gestur á UT Messu í Hörpu en þar var Skema að kynna sig. Þá var mér boðin vinna sem aðstoðarþjálfari, jafnt að hjálpa til í kennslunni og aðstoða krakkana ef á þurfti að halda. Síðan vann ég mig upp í starfi og varð þjálfari og eftir því sem tíminn leið fékk ég fleiri verkefni og meiri ábyrgð. Nú er ég orðinn verkefnastjóri,“ segir Úlfur sem verður 22 ára síðar á árinu.



Úlfur segir að börn séu mjög móttekileg fyrir forritun og allir geti lært hana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGYR ARI

**Allir geta lært forritun**

Úlfur segist snemma hafa fengið áhuga á tölvum og tölvuleikjum. „Ég fann mig ekki í öðrum tómstundum. Spilaði mikið tölvuleiki og var aðeins farinn að fikta við forritun. Þegar ég fór á námskeiðið kom það mér mjög vel af stað og ég sé ekki eftir að hafa sótt það. Það var ekki flókið fyrir mig að læra forritun enda geta allir lært hana. Best er að byrja á einhverju einföldu og nauðsynlegt að læra grunninn sem krakkarnir gera hjá Skema. Við kennum forritun í gegnum leik þannig að þetta er mjög skemmtilegt og flestum nemendum finnst þetta gaman auk þess sem áhugi þeirra kviknar á forritun.“

Úlfur segir að atvinnumöguleikar séu miklir í forritun. „Við sjáum fram á það í framtíðinni að forritunar-, tölvu- og tæknikunnátta séu mikilvægustu eiginleikar sem fólk getur haft á vinnumarkaðnum. Sú vegferð er auðvitað hafin en á eftir að verða mun mikilvægari. Ég myndi segja að forritunarnám opni margar dyr,“ segir hann.

**Fjölbreytt og skapandi nám**

Námskeiðin hjá Skema sem fara fram í Háskólanum í Reykjavík eru fjölbreytt og skapandi. Kennt er allt árið og sumarnámskeiðin hafa verið afar vinsæl. „Skema miðar að því að veita öllum börnum á Íslandi tækifæri til þess að læra forritun. Við höfum tileinkað okkur fjölbreyttar leiðir til þess að ná þessu markmiði en við höldum námskeiðin í HR allt árið, þjálfum einnig grunnskólakennara og kennum forritun inni í grunnskólum. Þá höldum við opna viðburði/smiðjur á bókasöfnum og mætum á stóra tækniviðburði, eins og UT-messuna og Vísindavöku Rannís,“ upplýsir Úlfur.

„Námskeiðin eru gríðarlega vinsæl og við fáum nokkur þúsund nemendur á hverju ári,“ segir hann. „Við náum mjög vel til krakkanna í gegnum grunnskólana en nemendur á námskeiðunum okkar eru frá 4 -14 ára. Yngstu börnin eru einstaklega móttækileg og eru fljót að tileinka sér forritun. Þeim mun yngri sem börnin eru því betra er að kenna þeim. Þau læra í gegnum skemmtilega leiki sem efla sköpunargáfu þeirra auk þess sem þau tileinka sér gagnrýnni hugsun og stafrænt læsi. Kynjahlutföllin á námskeiðunum eru nokkuð jöfn en við viljum leggja áherslu á að fá fleiri stelpur, sérstaklega vegna þess að konur eru í miklum minnihluta í tæknigreinum yfirleitt. Okkur er sérstaklega annt um að rétta þennan kynjahalla. Við bjóðum upp á sérstök sjálfstyrkjandi forritunarnámskeið fyrir stelpur. Einnig leggjum við áherslu á að vera með góðar kvenkyns fyrirmyndir í okkar starfsmannahópi en meirihluti þjálfaranna er stelpur,“ segir Úlfar. „Þess má geta að fyrsti forritarinn í heiminum var kona, Ada Lovelace. Konur eru mjög góðar og jafnvel betri en karlar í forritunarstörfum. Alls kyns rannsóknir hafa sýnt það,“ segir Úlfur. „Það þarf að brjóta niður staðalímyndir hjá börnum sem telja oft að einungis sveittir karlar séu forritarar. Fæstir gera sér grein fyrir hversu fjölbreyttur starfsvettvangur forritun er,“ segir Úlfur.



Börn frá 4 ára aldri geta komið á námskeið í forritun hjá Skema. Fyrrverandi nemendur fá oft tækifæri til að þjálfa þau yngri.



Forritunin er kennd í gegnum skemmtilega leiki.

**Sumarævintýri í HR**

„Aðferðafræðin sem notuð er við kennsluna var þróuð af stofnanda Skema árið 2011 en hún felur í sér að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur með námi í gegnum leik og skapandi hugsun. Við bjóðum upp á þrjár vetrarannir og eina sumarönn. Á veturna erum við með lengri námskeið í ellefu vikur. Einnig er boðið upp á stök helgarnámskeið og síðan sumarnámskeiðin sem standa yfir í fimm daga. Þá er boðið upp á skemmtilega dagskrá í leik og námi. Krakkarnir fá að kafa djúpt í forritunina og svo hvílum við okkur á milli og skoðum fallega náttúruna í kringum skólann. Við leggjum áherslu á að stunda heilbrigða tölvunotkun og þetta er sannkallað sumartæknævintýri.

**Krakkarnir eru áhugasamir um námið auk þess sem það gefur þeim góða reynslu út í lífið.**

Ef krakkarnir byrja ungir í Skema geta þau komið sumar eftir sumar og bætt sig enn frekar.“

Úlfur segir að krakkarnir séu upp með sér að setjast á skólabekk í háskóla. „Þau eru afar stolt af því og segja gjarnan að HR sé skólinn þeirra. Foreldrar eru líka stoltir af börnum sínum að vera komin í háskóla að læra forritun. Krakkarnir eru áhugasamir um námið auk þess sem það gefur þeim góða reynslu út í lífið. Þeir sem komu á námskeið í upphafi Skema eru sjálfir komnir í háskólanám núna eða að útskrifast úr menntaskóla. Margir sem ég hef talað við hafa sagt mér að námskeiðið hjá Skema hafi vakið áhuga þeirra á tæknigeiranum og þau hafi gjarnan valið sér menntaskólagreinar í framhaldi af því, til dæmis tölvunarfræði. Það er mjög gaman að sjá að verkefnið skilar sér út í atvinnulífið. Hjá Skema starfa nokkrir fyrrverandi nemendur,“ segir Úlfur enn fremur.

Skema er samfélagslegt verkefni og rekið án hagnaðar. „Allt sem við gerum er til að bæta samfélagið og veita börnum tækifæri til að nýta tæknina til að vinna með sér en ekki einungis vera neytendur hennar. Verkefnið er liður í samfélagslegri ábyrgð Háskólans í Reykjavík. Við hjá Skema tökum á móti öllum börnum og hægt er að greiða fyrir námskeiðið með frístundastyrk.“

Næstu vetrarnámskeið hjá Skema er 1. og 2. apríl, síðan verða námskeið í maí áður en sumarnámskeiðin hefjast. Einnig verður Skema með viðburð í páskafríinu sem kallast Skapandi tæknidagar sem verður mjög spennandi. ■

Hægt er að skoða námskeiðin og skrá börnin á heimasíðunni skema.is.

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jón Þórisson

**Umsjónarmenn efnis:** Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.




Magnesíum er eitt af mikilvægustu steinefnum líkamans.




Auður Helga æfir flesta daga og finnst gott að fara í bað með magnesínumflögum í lok dags. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Munnúðar og magnesíum nauðsyn á löngum æfingadögum

Auður Helga Halldórsdóttir var valin efnilegasti iðkandi á Evrópumóti í hópfimleikum aðeins 16 ára gömul og þykir munnúðar og magnesíum nauðsyn á löngum æfingadögum.

Einstakur árangur Auðar Helgu Halldórsdóttur hefur ekki leynt sér undanfarið, en þessi unga stúlka hefur afkastað afar miklu á sínum íþróttaferli gegnum tíðina. Auður Helga er aðeins 16 ára gömul og er búsett í Þorlákshöfn en íþróttir einkenna líf hennar. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Auður Helga náð ótrúlegum árangri á íþróttasviðinu en til að mynda er hún margfaldur Íslandsmeistari í frjálsíþróttum og fimleikum ásamt því að hún hefur verið valin leikmaður ársins í fótbolta þónokkrum sinnum. Hún var jafnframt valin íþróttakona Ölfuss árið 2020. Auður Helga er sérlega metnaðarfull og samviskusöm og stendur sig vel í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

**Fyrst Íslendinga að hlotnast slíkur heiður**

Frá unga aldri hefur Auður Helga æft fimleika af miklum áhuga. Í desember síðastliðnum keppti hún á Evrópumóti með stúlknaliði Íslands, sem fór fram í Portúgal, en þar höfnuðu þær í 2. sæti með frábærum árangri. Á mótinu hlaut Auður Helga verðlaun sem efnilegasti keppandi úr hópi þeirra sem kepptu í unglingaflokki allra landa sem komu til keppni. Auður Helga er fyrst Íslendinga til að hlotnast slíkur heiður með frábærum árangri sínum og má með sanni segja að hún sé þjóðinni til mikils sóma.

Auður Helga hefur verið að notast við bætiefni frá Better You og deilir hér með okkur sinni reynslu af einstökum vörum sem hafa hjálpað henni að komast í gegnum langa æfingadaga.

**Munnúðar góð leið til að muna eftir daglegum vítamínum**

„Ég tek alltaf mín vítamín inn í formi munnúða en mér finnst vítamínúðar mjög þægilegir. Ég er alltaf mikið á ferðinni og stoppa stutt heima og því er þetta mjög fljótlegt og ég gef mér því frekar tíma til að nota úðana en að taka töflur. Ég finn að ég er mun orkumeiri og tel þetta hjálpa mér í skammdeginu til að auka við vítamínforða. Mér finnst algjör snilld að það sé hægt að uppfylla daglega skammta af mikilvægum vítamínum með munnúðum,“ segir Auður, sem hefur verið að nota vítamín-munnúðana frá Better You upp á síðkastið og þykkir þeir frábærir í amstri dagsins. Munnúðarnir frá Better You eru einföld leið til að taka inn nauðsynleg vítamín og steinefni fyrir þá sem eiga erfitt með að gleypa töflur. Munnúðarnir eru sérstaklega hannaðir þannig að þeir frásogist beint inn í blóðrásina og fara fram hjá meltingarveginum og tryggja þannig hámarks upptöku.




Munnúðar frá Better You eru einföld leið til að taka inn vítamín og steinefni.

**Magnesíumflögur í baðið eftir langa æfingadaga**

Magnesíum er eitt af mikilvægustu steinefnum líkamans og er m.a. nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi hjarta, vöðva og taugakerfis. Ásamt því er magnesíum talið geta dregið úr stífleika og flýtt fyrir endurheimt vöðva eftir álag sem og haft jákvæð áhrif á svefn. Allt eru þetta góðir kostir fyrir íþróttafólk en Auður Helga hefur verið að notast við flögurnar frá Better You með frábærum árangri.

„Ég æfi flesta daga vikunnar og stundum tvisvar á dag og þá þykir mér mjög gott að geta látið leka í bað, sett magnesíumflögurnar út í vatnið og láta þreytuna líða úr líkamanum. Ég finn að ég er betur undirbúin fyrir æfingu daginn eftir og ég finn því síður fyrir þreytu í líkamanum.“ Flögurnar henta afar vel í baðið eða heita pottinn og koma í sex tegundum, Original, Muscle og Sleep ásamt vinsælu nýjungunum; Relax, Mind og Revive sem hafa notið mikilla vinsælda. Því geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. ■

> Ég tek alltaf mín vítamín inn í formi munnúða en mér finnst vítamínúðar mjög þægilegir.

BetterYou
Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð






Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

# Dansandi á leið á heimsmeistaramót



Siguratriðið í Borgarleikhúsinu um miðjan mars. MYND/AÐSEND

**Danshópurinn DASS er hópur af hæfileikaríkum krökkum á aldrinum 12-14 ára sem nú eru á leið á heimsmeistaramót í dansi í San Sebastian á Spáni í júní og hlakka mikið til.**

elin@frettabladid.is

DASS-hópurinn samanstendur af níu dönsurum sem flestir eru nemendur við Listdansskóla Íslands. Þau stofnuðu sinn eigin danshóp undir nafninu DASS. Þá æfa þau flest undir stjórn Auðar Bergdísar Snorradóttur hjá Listdansskóla Íslands. Í hópnum eru átta stúlkur og einn drengur. Hópurinn lenti í fyrsta sæti í sínum flokki í undankeppni alþjóðlegu danskeppninnar Dance World Cup sem fram fór í Borgarleikhúsinu um miðjan mars.

Keppnin á Spáni fer fram 24. júní til 2. júlí og þar sem fyrirvarinn er stuttur þurfa krakkarnir að safna sér peningum fyrir ferðina og foreldrar þeirra að hjálpa til við það. Stór hópur íslenskra dansara mun keppa á heimsmeistaramótinu, sem sýnir hversu mikill áhugi er á dansi hér á landi. Sigurvegari keppninnar verður heimsmeistari í dansi 2022.

DASS-danshópurinn hefur dansað saman í tæpt ár og komið fram á ýmsum viðburðum og segja að það sé einstaklega skemmtilegt. Um þessar mundir eru þau að útbúa myndband sem þau ætla að sýna í fermingarveislum sínum. En öll nema eitt fermast í ár.

Krakkarnir hafa verið dugleg að æfa sig, en þau sýndu hrekkjavökudans í Borgarleikhúsinu sem leiddi þau til sigurs. „Atriðið var rosalega flott,“ segja þau. „Við höfðum sýnt þetta atriði áður, en breyttum því fyrir keppnina,“ segir Snæfríður. „Við ætlum að reyna að safna okkur fyrir ferðinni til Spánar með því að selja alls konar vörur. Þau eru með síðu á Instagram undir #danshopurinndass þar sem hægt er að fylgjast með ferðum þeirra og skoða vörur sem boðnar verða til sölu.

DASS varð til þegar móðir Snæfríðar Ingvadóttur, Hrefna Hallgrímsdóttir, stofnaði hópinn til að gefa dóttur sinni tækifæri til að skapa eitthvað sérstakt í kringum dansinn. Hrefna hafði sjálf dansað mikið á yngri árum. Snæfríður fékk vini sína með sem einnig voru að æfa dans. Hópurinn hefur náð vel saman og komið víða fram. Þau eru samheldin og dugleg að æfa. Stærstur hluti hópsins æfir dans í Listdansskóla Íslands og hefur stundað námið frá unga aldri.

Vilhjálmur Árni Sigurðsson er þrettán ára og hefur verið ötull leikari í barnasýningum leikhúsanna, meðal annars í Kardemommubænum auk þess að koma fram með Skoppu og Skrítlu. Það voru reyndar þær sem vöktu áhuga hans á dansinum. Nokkrar stúlknanna í hópnum eru líka í leiklist svo listrænn áhugi er mikill hjá krökkunum. Þau segja að leikhúsin hafi oft samband við Listdansskólann og bjóði krökkum hlutverk. Vilhjálmur segist hafa kynnst stelpunum í gegnum Skoppu og Skrítlu. Honum finnst engu skipta að vera eini strákurinn í hópnum. „Markmið mitt er að halda áfram í dansi og verða mjög góður dansari. Þótt ég verði ekki dansari í framtíðinni þá læri ég svo mikið í gegnum þessa listsköpun og tjáningu. Ég legg mig alveg 100% fram í því sem ég er að gera,“ segir hann.

Fríða Lovísa Daðadóttir er yngst í hópnum, tólf ára. Hún æfir bæði ballett og listdans hjá Listdansskólanum og með DASS. „Ég stefni á að verða flottari og betri dansari,“ segir hún. Iðunn Björk Kristjánsdóttir tekur undir með Fríðu og segist ætla að halda áfram að dansa og verða enn betri í framtíðinni. „Kannski geri ég dansinn að atvinnu,“ segir hún.

María Ísól Tinnudóttir segir að sér finnist gaman í dansinum en sé óráðin með framtíðina. „Ég ætla samt að halda áfram að dansa, mér finnst það mjög gaman.“

Rannveig Edda Aspelund segist stefna á listabraut í menntaskóla. „Mér finnst mjög skemmtilegt að dansa.“ Indiana Ólafsdóttir tekur í sama streng og hinir. „Ég ætla að vera eins lengi í dansinum og ég mögulega get. Mig langar að ná öllum mínum markmiðum. Ég hef heillast af nútímadansi því hann gefur manni svo mikið frelsi.“

Snæfríður er á sama máli. Hún ætlar að halda áfram að dansa og sjá hvert hann leiðir hana. „Djassballett heillar mig alltaf.“

Sóley Hjaltadóttir stefnir á að fara til útlanda að dansa í framtíðinni. Sannarlega efnilegir krakkar sem eiga framtíðina fyrir sér á danssviðum heimsins. Bríet Járngerður Unnardóttir sem er fjórtán ára er einnig í Dass en var veik þegar viðtalið fór fram.

Það er hægt að styrkja ferðasjóðinn þeirra með því að kaupa af þeim vörur sem sýndar eru á Instagram-síðu þeirra #danshopurinndass eða með beinum framlögum í ferðasjóð þeirra, reikningsnúmer: 0370-13-009883, Kt. 120383-3109. ■



Ungu dansararnir í danshópnum DASS eru farin að hlakka mikið til að fara til Spánar og keppa á heimsmeistaramóti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

### Fjölbreytt aðstaða fyrir skapandi fólk í Hafnarhúsinu

## Ert þú samstarfsaðilinn?

Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðila til að reka miðstöð fyrir skapandi greinar í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Leitað er að aðila sem mun taka húsnæðið á leigu og sjá um framleigu og utanumhald.

Um 3000 ferm. eru til ráðstöfunar sem ekki eru í notkun í dag. Horft er til þess að starfsemin í húsinu falli að nærumhverfinu og gæði það lífi. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða í miðbæ Reykjavíkur þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman. Nánari upplýsingar má finna á vef okkar www.reykjavik.is/leiga. Fyrirspurnir um húsnæðið má senda til Eignaskrifstofu Reykjavíkur, esr@reykjavik.is

**Skilafrestur fyrir Áhuga- og Hugmyndalýsingu er til og með 13. apríl 2022.**

**Henni þarf að skila í tölvupósti til esr@reykjavik.is merkt „Áhuga- og hugmyndalýsing", eigi síðar en á 13. apríl n.k.**

Reykjavíkurborg






HAGKAUP

# Markaðs- og upplifunarstjóri

*Hagkaup hóf starfsemi sína árið 1959 og á djúpar rætur að rekja í íslensku samfélagi, enda verið órofinn hluti af verslunarsögu landsins í rúm 60 ár.*

*Hugsjón okkar hefur ávallt verið að bjóða viðskiptavinum upp á fjölbreytt vöruúrval, þægilegan opnunartíma og hlýlegt viðmót.*

*Við leggjum okkur fram við að leita fjölbreyttra leiða til að gera hversdaginn aðeins skemmtilegri, ánægjulegri og einfaldari.*

*Verslunarferðir geta svo sannarlega verið ævintýralegar, jafnt fyrir stóra sem smáa.*

**Hagkaup** leitar að metnaðarfullum markaðs- og upplifunarstjóra með brennandi áhuga á þjónustuupplifun viðskiptavina, uppbyggingu vörumerkja, umhverfismálum og metnaðarfullum sjálfbærnimarkmiðum.

Markaðs- og upplifunarstjóri sinnir fjölbreyttu og lifandi starfi sem felur í sér ábyrgð á markaðsstarfssemi Hagkaups og innleiðingu á stefnumótandi áherslum um þjónustu og upplifun viðskiptavina - með sérstöku tilliti til stefnu félagsins í umhverfis- og sjálfbærnimálum.

**Helstu verkefni:**

- Þróunar- og hugmyndavinna markaðsmála.
- Skipulag og birting markaðsefnis í gegnum fjölþætta miðla.
- Þjónusta og upplifun viðskiptavina.
- Umsjón með stafrænum samskiptamiðlum.
- Mótun og skipulag markaðsefnis innan verslana.
- Eftirfylgni vörumerkjahandbókar og mælingar á þjónustuupplifun.
- Mótun, kynning og eftirfylgni á umhverfis-, samfélags- og sjálfbærnistefnu.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af markaðsmálum.
- Reynsla af stafrænni markaðssetningu.
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði til að hrinda verkefnum í framkvæmd.
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni og geta til að leiða verkefni og vinnuhópa.
- Framúrskarandi geta til að tjá sig í ræðu og riti með faglegum hætti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Lögfræðingur

Spennandi og umfangsmikil verkefni eru framundan hjá Regin hf. Við leitum að öflugum aðila í lögfræðiteymið til að taka þátt í krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

**Starfið**

- Þátttaka í uppbyggingu innra regluverks og stjórnarhátta
- Þátttaka í eftirliti með framkvæmd verðbréfaviðskipta
- Stuðningur við regluvörslu, m.a. tengt upplýsingaskyldu útgefenda
- Samskipti við opinbera aðila og eftirlitsaðila
- Samningagerð og almenn lögfræðiráðgjöf
- Vinnsla og úrlausn innheimtu- og vanskilamála
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum
- Starfið heyrir undir yfirlögfræðing félagsins

**Menntun og hæfni**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af regluverki og viðskiptum á skipulögðum verðbréfamarkaði
- Þekking og reynsla af stjórnarháttum skráðra félaga
- Þekking og reynsla á sviði samninga-, fasteigna-, félagaréttar kostur
- Þekking og reynsla á sviði innheimtuúrræða kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt að greiningu og úrlausn fjölbreyttra lögfræðilegra álitaefna
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi
- Jákvætt viðmót og geta til að vinna í teymi

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 110 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 380 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands. Félagið hefur í gildi jafnlauna- og jafnréttisstefnur ásamt jafnlaunakerfi sem fyrirbyggir beina og óbeina mismun vegna kyns. Við ráðningar er leitast við að jafna hlutföll kynjanna að uppfylltum hæfniskröfum.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Sérfræðingur á fjármálasviði

Við leitum að öflugum og framsæknum einstaklingi í starf sérfræðings á fjármálasviði SKEL fjárfestingafélags. Um er að ræða fjölbreytt starf sem viðkemur greiningum, skýrslugerð, uppgjörsvinnu, áætlanagerð ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum á sviði fjármála.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Greiningar og upplýsingagjöf til stjórnenda
- Uppgjörsvinna og eftirlit með uppgjörum dótturfélaga
- Ársreikningagerð
- Umsjón með áætlanagerð í samráði við stjórnendur
- Vinna með stjórnendum í stefnumótandi verkefnum

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Marktæk reynsla af uppgjörsvinnu
- Góður skilningur á rekstri fyrirtækja
- Reynsla af vinnu á endurskoðunarstofu er kostur
- Reynsla af greiningarvinnu er mikill kostur
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður, hafa frumkvæði og getu til að vinna undir álagi

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

Upplýsingar veita Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is** og Þórdís Sif Arnarsdóttir, **thordis@hagvangur.is**

SKEL

SKEL fjárfestingafélag áður Skeljungur hf. er skráð félag á hlutabréfamarkaði sem leggur áherslu á þróun á nýjum tækifærum með félögum í eignasafni með langtíma verðmætasköpun að leiðarljósi auk annarra fjárfestinga.

Félagið á sér rekstrarsögu frá árinu 1928 og byggir á sterkum grunni með þekkt vörumerki innanborðs. Stefna félagsins er að leggja aukna áherslu á arðsemi, að styrkja núverandi rekstrarfélög auk annarra fjárfestinga. Þrjú sjálfstæð dótturfélög heyra undir félagið; Orkan, Skeljungur og Gallon.

Nánari upplýsingar um SKEL fjárfestingafélag og dótturfélög þess er að finna á **skel.is**.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR



# Skólastjóri Sandgerðisskóla

Suðurnesjabær óskar eftir að ráða skólastjóra Sandgerðisskóla. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn að viðhalda öflugu skólasamfélagi í samvinnu við íbúa og starfsfólk skólans. Suðurnesjabær er næst stærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum með um 3.800 íbúa og um 280 starfsmenn. Í Suðurnesjabæ eru tveir grunnskólar, leikskólar og tónlistaskólar.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Veita skólanum faglega forystu
- Móta framtíðarstefnu skólans innan ramma laga og reglugerða í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu Suðurnesjabæjar
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun
- Stuðla að framförum, árangri, velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins
- Vera í samvinnu við fræðsluyfirvöld í sveitarfélaginu um stefnumótun og ákvarðanatökur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða
- Farsæl reynsla af skólastjórnun og faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg

Sandgerðisskóli er heildstæður og heilsueflandi grunnskóli með 300 nemendur. Í skólastarfinu er unnið eftir stefnu um „Uppeldi til ábyrgðar" og lögð áhersla á virðingu gagnvart umhverfinu. Lögð er áhersla á teymiskennslu í lærdómssamfélagi nemenda og starfsmanna þar sem virðing og traust ríkir. Húsnæði skólans er rúmgott og skólalóðin stór og skemmtileg til útivistar. Gott samstarf er við Tónlistarskóla Sandgerðis sem er í húsnæði skólans.

**Leiðarljós Sandgerðisskóla eru: vöxtur – virðing – vilji - vinátta**

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2022.**

Nánari upplýsingar veita: Inga Steinunn Arnardóttir, **inga@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

hagvangur.is

HAGVANGUR


Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR



## Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

# Staða deildarstjóra stoðþjónustu

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

**Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri er laus staða deildarstjóra stoðþjónustu.**
**Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2022 eða samkvæmt samkomulagi.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með sérkennslu og kennslu íslensku sem annars máls
- Sér til þess að veitt sé stoðþjónusta í hverjum árgangi eftir þörfum
- Er tengiliður skólans við sálfræðinga, talmeinafræðinga og aðra sérfræðinga og stofnanir sem tengjast skólanum
- Veitir stuðningsfulltrúum faglegan stuðning
- Situr teymis- og skilafundi eftir því sem við á
- Aðstoðar kennara við gerð einstaklingsnámskráa
- Hefur eftirlit með námsgögnum sem eru sérstaklega ætluð sérkennslu og sér um skipulagningu á sérkennsluaðstöðu í samráði við aðra stjórnendur
- Fundar með sérkennurum og þroskaþjálfum reglulega yfir veturinn
- Skrifar skýrslu um starf skólaársins sem er hluti af ársskýrslu skólans
- Útbýr aðlagaðar stundaskrár nemenda þegar þörf er á

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (s.s. kennaramenntun, þroskaþjálfamenntun)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði sérkennslu
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- Frumkvæði og metnaður
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, önnur tungumál kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

---

Nánari lýsingar eru að finna á ráðningavef Árborgar https://starf.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (gudrun.bjorg@barnaskolinn.is), aðstoðarskólastjóri í síma 480 3200.
**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2022.**

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambandi íslenskra Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is

*Í Barnaskólanum eru 145 nemendur í 1. – 10. bekk. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samskipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsueflandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinnu varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skólasýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugu samstarfi við aðra grunnskóla i Árborg.*

limtrevirnet.is

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Límtré Vírnet ehf. auglýsir eftir sölumanni til starfa á byggingadeild að Lynghálsi 2 í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**

- Tilboðsgerð
- Sala og ráðgjöf fyrir byggingaefni, byggingalausnir og húsbyggingar.

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun í byggingariðnaði.
- Iðnmeistari, iðnfræðingur, byggingafræðingur eða sambærileg menntun er kostur.
- Þekking á Word og Excel.
- Þekking á teikniforritunum AutoCAD og SketchUp er kostur.
- Rík þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskipum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.

**Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2022**

Umsóknir óskast sendar til Sigurðar Guðjónssonar forstöðumanns byggingadeildar sg@limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

# Verkefnastjóri og véla- og tækjamaður

Flotgólf óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til starfa. Annars vegar reyndan verkefnastjóri og hins vegar véla- og tækjamann með meirapróf.

Flotgólf ehf. er traust byggingarfélag sem vinnur að stórum jafnt sem smáum fasteignaverkefnum bæði á útboðsmarkaði sem og í eigin verkefnum. Fyrirtækið hefur á að skipa öflugum starfsmönnum, stjórnendum og tækjabúnaði og getur því tekist á við verkefni af hvaða stærðargráðu sem er. Vegna aukinna umsvifa og spennandi verkefna á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.Því leitar fyrirtækið eftir kraftmiklum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni og skemmtilegar áskoranir.

## Verkefnastjóri

**Helstu verkefni:**

- Stýrir og hefur eftirlit með byggingaframkvæmdum
- Kostnaðareftirlit og gerð verkáætlana
- Þáttaka í hönnunar- og verkfundum sem og öryggis- og gæðamálum
- Samskipti við leyfisveitendur, eftirlitsaðila mannvirkis, hönnuði, iðnmeistara og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði bygginga: tækni-, verk- eða iðnfræði.
- Byggingastjóraréttindi æskileg
- Reynsla eða menntun í iðngrein er mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

## Véla- og tækjamaður

Flotgólf óska eftir að ráða tækjamenn og bílstjóra með reynslu. Viðkomandi þurfa að hafa tækjaréttindi eða meirapróf, reynslu við stjórn vinnuvéla og getu til að vinna sjálfstætt. Einnig er góð íslensku - og enskukunnátta nauðsynleg. Flotgólf leggur mikið uppúr góðri mætingu og reglusemi.

Umsóknarfrestur er til og með **11. apríl 2022.**
Starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi, skal senda á netfangið flotgolf@flotgolf.is.

FLOTGÓLF
BYGGINGAVERKTAKAR

STARF

# Vilt þú taka þátt í uppbyggingu grænnar orku?

Við á sviði Viðskiptaþróunar og nýsköpunar hjá Landsvirkjun leitum að öflugum verkefnisstjóra. Hlutverk verkefnisstjórans verður að veita ráðgjöf og þróa verkefni með það fyrir augum að auka endurnýjanlega orkuvinnslu alþjóðlega með vatnsafli, vindi á landi eða jarðvarma. Einnig mun viðkomandi taka þátt í sambærilegum verkefnum á Íslandi.

**Helstu verkefni eru:**
- Stjórnun þróunar orkuvinnsluverkefna
- Verkefnaöflun og fýsileikagreining
- Stjórnun og rýni hönnunarvinnu
- Stjórnun og rýni við gerð útboðsgagna
- Eftirlit með framkvæmdum

**Æskileg menntun og þekking:**
- Verkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af sambærilegum verkefnum og stýringu þeirra
- Mikil samskiptahæfni, þjónustulund og metnaður til að vera hluti af sterku teymi
- Lausnamiðuð hugsun
- Góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til 4. apríl**

Sótt er um starfið hjá vinnvinn.is

Landsvirkjun







Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# Sérfræðingur í greiningum

Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða kraftmikla og metnaðarfulla manneskju í nýtt starf sérfræðings í greiningum. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra og starfar náið með honum, hagfræðingi, formanni og öðru starfsfólki BHM og aðildarfélaga þess.

## Starfssvið

- Hagrænar úttektir og greiningar fyrir vefmiðla
- Upplýsingagjöf til aðildarfélaga BHM varðandi kjaratölfræði og önnur tengd málefni
- Ritun og undirbúningur umsagna um þingmál
- Seta í nefndum og starfshópum samkvæmt ákvörðun formannaráðs eða stjórnar BHM
- Útfærsla sameiginlegra stefnumála í samvinnu við aðra sérfræðinga bandalagsins
- Önnur verkefni tengd kjara- og réttindamálum eftir því sem við á, s.s. vegna kjaraviðræðna og tilfallandi aðstoð við aðildarfélög BHM

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, til dæmis á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði
- Þekking á málefnum stéttarfélaga og málefnum vinnumarkaðar
- Geta til að greina stofngögn og setja þau fram með aðgengilegum hætti
- Þekking á sviði viðskiptagreindar
- Geta til að setja fram gögn og kynningar á skýran og skilmerkilegan hátt
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Afburðafærni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Jákvæðni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **10. apríl 2022**. Umsókn óskast fyllt út á intellecta.is og með henni skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (**thelma@intellecta.is**) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (**hafdis@intellecta.is**) í síma **511 1225**.

Bandalag háskólamanna er regnhlífarsamtök 28 fag- og stéttarfélaga háskólamenntaðs fólks með samtals um sautján þúsund félagsmenn innan sinna raða. Félagsmenn starfa á öllum sviðum íslensks atvinnulífs, jafnt hjá ríki, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkafyrirtækjum. Nánari upplýsingar um BHM má nálgast á vef bandalagsins, www.bhm.is

BHM



# Deildarstjóri máladeildar

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Menntasjóður námsmanna (MSNM) óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á stjórnsýslumálum. Um framtíðarstarf er að ræða og er starfshlutfall 100%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi og verkefnum deildarinnar
- Undirbúningur og úrvinnsla erinda vegna endurgreiðslu- og vafamála fyrir og eftir stjórnarfundi
- Umsjón með kærumálum til málskotsnefndar MSNM
- Vinna við breytingar á lánareglum MSNM
- Ábyrgð á gæða- og upplýsingamálum
- Umsjón með bréfum til erfingja dánarbúa ábyrgðarmanna
- Yfirumsjón með jöfnunarstyrk
- Ýmis lögfræðileg verkefni innan sjóðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kandídats- og/eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af stjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Reynsla og þekking á sviði persónuverndar og kröfuréttar er kostur
- Leiðtogahæfni, jákvætt viðmót og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti og góð færni í textagerð

Menntasjóður námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

Hjá Menntasjóði námsmanna starfa um 40 starfsmenn.

Gildi sjóðsins eru: **fagmennska, samstarf og framsækni.**

Nánari upplýsingar má finna á: **www.menntasjodur.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **12. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku), þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Fræðagarð stéttarfélag. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Deildarstjóri eldhúsa

Grundarheimilin óska eftir að ráða öfluga manneskju til að stýra nýju miðlægu framleiðslueldhúsi heimilanna sem þjónustar rúmlega 1000 íbúa og starfsfólk heimilanna. Auk þess stýrir viðkomandi starfsemi eldhúsa á hverju heimili fyrir sig, í samstarfi við verkstjóra á hverjum stað. Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir áhugasaman einstakling sem mun taka virkan þátt í mótun starfsemi eldhúsanna. Starfshlutfall er 100% og er starfsstöð viðkomandi í Hveragerði.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð og umsjón með rekstri framleiðslueldhúss
- Umsjón með framreiðslueldhúsum í Reykjavík í samstarfi við verkstjóra
- Skipulagning vakta og matseðla ásamt samræmingu á framboði matar á deildum heimilanna
- Skipulagning og ábyrgð á framleiðslu og afhendingu matar
- Umsjón með innkaupum eldhúsa ásamt þátttöku í mótun innkaupastefnu í samstarfi við fjármálastjóra
- Samningagerð við birgja, verktaka og þjónustuaðila
- Leiðbeiningar og kennsla til starfsmanna um hitun og framreiðslu matar
- Ábyrgð á framsetningu matar og jákvæðri upplifun á matmálstímum í samstarfi við deildir hjúkrunarheimilisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi s.s. næringarrekstrarfræði, matreiðslupróf eða matartæknir
- Reynsla af stjórnun og rekstri mötuneytis er æskileg
- Þekking og/eða reynsla af næringarfræði, sérþörfum, gæðum og fjölbreytileika matar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Grundarheimilin samanstanda af þremur hjúkrunarheimilum og tengdum fyrirtækjum. Hjúkrunarheimilin eru: Grund, við Hringbraut í Reykjavík, Mörk, við Suðurlandsbraut í Reykjavík og Dvalarheimilið Ás í Hveragerði.

Auk þessara heimila reka Grundarheimilin þvottahús í Hveragerði og íbúðarfélög með húsnæði fyrir 60 ára og eldri, en íbúðirnar eru staðsettar við hlið Markar hjúkrunarheimilis.

Íbúar á hjúkrunarheimilum Grundarheimilanna eru tæplega 400 og starfa þar u.þ.b. 700 starfsmenn. Íbúðir fyrir 60 ára og eldri eru rúmlega 150 talsins.

Nánari upplýsingar má finna á **www.grund.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **13. apríl 2022.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Dagbjört Una Helgadóttir (dagbjort@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# HEILSULEIKSKÓLINN BÆJARBÓL Í GARÐABÆ AUGLÝSIR EFTIR AÐSTOÐARLEIKSKÓLASTJÓRA

Heilsuleikskólinn Bæjarból auglýsir eftir aðstoðarleikskólastjóra í 100% starf. Verksvið hans skiptist í 40% stjórnunarhlutfall og 60% í kennslu með börnunum. Leitað er að jákvæðum einstaklingi sem er framsýnn í skólamálum, sýnir frumkvæði og býr yfir hæfni í samskiptum. Starf aðstoðarleikskólastjóra er tækifæri fyrir áhugasama því þar gefst færi á að taka þátt í þróun leikskólastarfs og hafa áhrif í sterku stjórnendateymi. Leikskólinn er staðsettur í fallegu grónu hverfi, hann er fjögurra deilda og þar er rými fyrir 82 börn. Bæjarból er heilsuleikskóli með áherslu á hreyfingu, sköpun og útiveru. Einkunnarorð skólans eru : Leikgleði – Agi – Lífsleikni. Heimasíða skólans er www.baejarbol.is

Starfsfólk í leikskólum Garðabæjar hefur möguleika á að sækja um styrki í **Þróunarsjóð leikskóla Garðabæjar** en sjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi. Einnig er til staðar sérverkefnasjóður innan hvers leikskóla sem styður enn frekar við skólastarfið.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins
- Sinnir þeim verkefnum sem yfirmaður felur honum

**Menntun, hæfni og reynsla:**

- Leyfisbréf til kennslu (leyfisbréf fylgi umsókn)
- Að lágmarki 60 námseiningar í uppeldis- og kennslufræðigreinum
- Reynsla af starfi á leikskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða reynsla af stjórnun æskileg
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni er skilyrði
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2022.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Anna Bjarnadóttir leikskólastjóri á annab@baejarbol.is eða Ragnhildur Birna Hauksdóttir leikskólastjóri á ragnhildurha@baejarbol.is eða í síma 5919351/5919340.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.*

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

Leikskólinn Bæjarból Garðabæ

GARÐABÆR gardabaer.is

## ARKITEKT BYGGINGAFRÆÐINGUR



Vegna **spennandi** verkefna framundan leitum við að starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- **Arkitekt** með góða færni í frumhönnun og hugmyndavinnu. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á grafískri framsetningu í tví- og þrívídd. Reynsla af þátttöku í samkeppnum er kostur.

- **Byggingafræðingur eða arkitekt** með gott vald á verkteikningum og deilihönnun í Revit.

**Arkþing-Nordic** er hluti af **Nordic Office of Architecture** sem er 270 manna fyrirtæki með starfsemi í fjórum löndum. Hér á Íslandi starfa 40 manns hjá fyrirtækinu á starfsstöðvum okkar í Reykjavík og á Akureyri. Við bjóðum upp á spennandi og skemmtilegan vinnustað þar sem unnið er af metnaði þvert á landamæri.

Upplýsingar veitir Heiður Hjaltadóttir í netfangið **hh@arkthing.is**
Umsóknir sendist til **hh@arkthing.is** fyrir **13.apríl.**

www.nordicarch.com ARKÞING | nordic

limtrevirnet.is

## SÖLUMAÐUR ÓSKAST

Límtré Vírnet ehf. auglýsir eftir sölumanni til starfa á byggingadeild að Lynghálsi 2 í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**

- Tilboðsgerð
- Sala og ráðgjöf fyrir byggingaefni, byggingalausnir og húsbyggingar.

**Hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun í byggingariðnaði.
- Iðnmeistari, iðnfræðingur, byggingafræðingur eða sambærileg menntun er kostur.
- Þekking á Word og Excel.
- Þekking á teikniforritunum AutoCAD og SketchUp er kostur.
- Rík þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskipum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.

**Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2022**

Umsóknir óskast sendar til Sigurðar Guðjónssonar forstöðumanns byggingadeildar sg@limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Spennandi tækifæri hjá Símanum



## RPA sérfræðingur

Við leitum að ferladrifnum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni við sjálfvirknivæðingu ferla og verkefna hjá Símanum.

**Helstu verkefni:**

- Sjálfvirknivæðing ferla og verkefna
- Rekstur á lausnum tengdum sjálfvirknivæðingu

**Hæfniskröfur og ákjósanlegir eiginleikar:**

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking eða reynsla af UiPath er kostur
- Ferladrifin greiningarhæfni og nákvæmni
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á að tileinka sér tækninýjungar

## Sérfræðingur í netbúnaði

Við leitum að einstaklingi í starf sérfræðings í netbúnaði fyrir heimili.

**Helstu verkefni:**

- Val og innleiðing á netbeinum og WiFi punktum fyrir internetþjónustu
- Utanumhald um samskipti við búnaðarbirgja
- Villugreining og eftirfylgni með úrlausn vandamála hjá birgja
- Umsýsla með miðlægum stýringum endabúnaðar
- Þátttaka í umbótaverkefnum innan deildar og mikil samskipti við framlínu

**Hæfniskröfur og ákjósanlegir eiginleikar:**

- Menntun á tæknisviði æskileg
- Reynsla af vinnu með netbúnað æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Skipulögð vinnubrögð
- Áhugi og þekking á tækni
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl næstkomandi.**
Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum siminn.is/storf.
Fyrirspurnum skal beint á netfangið mannaudur@siminn.is.
Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

# Ert þú sérfræðingur í áætlunum og greiningum?

Bláa Lónið óskar eftir að ráða til starfa öflugan sérfræðing í áætlanagerð og greiningar hjá fjármálasviði félagsins. Viðkomandi aðili mun leiða áætlanaferli hjá samstæðu Bláa Lónsins og stýra umbótum á því sviði auk þess að sinna greiningum á gögnum úr rekstri félagsins og taka þátt í vinnu við uppbyggingu stjórnendaskýrslna. Leitað er að talnaglöggum einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri í starfi og vill starfa í frábæru teymi sérfræðinga. Starfsemi Bláa Lónsins er fjölbreytt og er mikið lagt upp úr góðum starfsanda og teymisvinnu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Stýra og halda utan um áætlanagerð félagsins
- Frávikagreining í samvinnu við rekstrareiningar
- Þarfagreining og uppbygging stjórnendaskýrslna í Power BI
- Skilgreina, stilla upp og miðla lykilupplýsingum úr rekstri
- Þátttaka í stefnumótun sem tengist tekju- og áhættustýringu
- Arðsemisgreining fjárfestingarverkefna
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og aðrar einingar
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði áætlana og greininga

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af áætlanagerð og greiningu gagna
- Góð samskiptahæfni
- Metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á upplýsingatækni og viðskiptagreindartólum
- Góð íslensku- og enskukunnátta jafnt í ræðu sem riti

Skrifstofur félagsins munu flytjast í nýtt og glæsilegt skrifstofuhúsnæði í Urriðaholti á næstu misserum og mun þessi aðili koma til með að hafa starfsstöð þar.

Kynntu þér starfið á storf.bluelagoon.is I Umsóknarfrestur er til og með 2 .apríl 2022

BLUE LAGOON
ICELAND



# Öryggissérfræðingur
## Alcoa Fjarðaáls

**Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum og reyndum einstaklingi í starf öryggissérfræðings í umhverfis-, heilbrigðis- og öryggisteymi. Hjá Fjarðaáli er öryggi og heilbrigði starfsmanna ávallt í fyrirrúmi. Öryggissérfræðingur stuðlar að góðri öryggis- og heilbrigðismenningu með leiðsögn, ráðgjöf, þjálfun, fræðslu og eftirfylgni. Öryggissérfræðingur tekur þátt í starfi og stefnumótun umhverfis-, heilbrigðis- og öryggisteymis.**

**Ábyrgð og verkefni**

- Tryggja að öryggisstjórnkerfi sé virkt og að fyrirtækið uppfylli öryggisstaðla
- Umsjón með skráningu og greiningu öryggisatvika
- Virk þátttaka á öryggisfundum
- Ábyrgð á uppfærslu og viðhaldi öryggismælikvarða
- Samskipti við öryggissérfræðinga móðurfélagsins Alcoa Corporation
- Miðlun upplýsinga um öryggismál
- Þjálfun og fræðsla í öryggismálum

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði öryggis- og heilbrigðismála
- Sterk öryggisvitund og rík ábyrgðartilfinning
- Umhyggjusemi og samkennd
- Skipulagshæfni, frumkvæði, jákvæðni og lausnamiðað viðhorf
- Færni í mannlegum samskiptum, liðsvinnu og upplýsingamiðlun
- Gott vald á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar um starfið veitir Páll Freysteinsson, framkvæmdastjóri umhvefis-, heilbrigðis og öryggismála, í tölvupósti á netfangið **pall.freysteinsson@alcoa.com** eða í síma **843 7766**.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um starfið á **www.alcoa.is**.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl.**

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa




**Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík**
**Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is**

**RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF**

ÍSLANDS HÓTEL

# LEITUM AÐ METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGUM UM ALLT LAND

Íslandshótel skuldbinda sig að taka hið minnsta 25% af umsækjendum úr minnihlutahópum í ráðningarviðtöl fyrir allar lausar stjórnendastöður. Húsnæði er í boði á hótelunum okkar á landsbyggðinni.

**FRAMTÍÐARSTÖRF • HLUTASTÖRF • SUMARSTÖRF**
**STJÓRNENDASTÖÐUR • VAKTSTJÓRASTÖÐUR**
**GESTAMÓTTAKA • FRAMREIÐSLA • MATREIÐSLA**
**ÞRIF • MORGUNVERÐUR • ÞVOTTAHÚS • SKRIFSTOFA**

Frekari upplýsingar: hr@islandshotel.is




# SEEKING AMBITIOUS INDIVIDUALS AT OUR HOTELS ALL OVER ICELAND

Íslandshótel commits to offering a minimum of 25% applicants from underrepresented groups for a recruitment interview for all vacant management positions within the company. Accommodation is available in our hotels in the countryside.

**FULL-TIME • PART-TIME • SEASONAL**
**MANAGEMENT • SHIFT MANAGEMENT • RECEPTION**
**WAITERING • COOKING • CLEANING • BREAKFAST**
**LAUNDRY • OFFICE WORK**

For further information: hr@islandshotel.is

APPLY
SÆKTU UM

ISLANDSHOTEL.IS/STORF




HÓTEL REYKJAVÍK
CENTRUM | GRAND | SAGA

FOSSHOTEL



# Viltu vinnu í fallegu umhverfi með góðu og skapandi fólki?

**Fjarðabyggð auglýsir eftir skólastjórnendum í eftirtaldar skólastjórnendastöður**

***Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar***
Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar eru rúmlega 100 nemendur. Skólinn er í Skólamiðstöð Fáskrúðsfjarðar, þar sem einnig eru frístund, leikskóli, tónlistarskóli og bókasafn.

**Fjarðabyggð auglýsir eftir umsóknum í eftirtaldar stöður**

***við leikskólana í Fjarðabyggð***

| | |
|---|---|
| Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli: | Leikskólakennarar |
| Leikskólinn Dalborg Eskifirði: | Deildarstjóri, leikskólakennarar |
| Leikskólinn Kæribær Fáskrúðsfirði: | Leikskólakennarar |
| Leikskólinn Lyngholt Reyðarfirði: | Deildarstjóri, leikskólakennarar og þroskaþjálfi |
| Leikskólinn Eyrarvellir Norðfirði: | Deildarstjóri, leikskólakennarar og þrosaþjálfi |

***við grunnskólana í Fjarðabyggð***

| | |
|---|---|
| Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli: | Umsjónarkennari, grunnskólakennari |
| Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar: | Umsjónarkennari, sérkennari, verkgreinar |
| Grunnskóli Reyðarfjarðar: | Umsjónarkennari, grunnskólakennari, list- og verkgreinar, náms- og starfsráðgjafi |
| Nesskóli: | Umsjónarkennari, grunnskólakennari, yfirþroskaþjálfi, verkgreinakennari |

**Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is laus störf**

**Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 13. apríl 2022.**

**Sótt er rafrænt um starfið á ráðningarvef Fjarðabyggðar - starf.fjardabyggd.is**

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

## Starfsmaður í í sal

**Ginger óskar eftir starfsfólki í fullt starf á dagvaktir. Unnið er frá níu til fjögur alla virka daga.**

**Ef þú ert orðinn tuttugu ára, reyklaus, hefur reynslu af veitingastörfum og vilt vinna á skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á nonni@ginger.is**

**Umsóknarfrestur er til 22. apríl**

## Ginger restaurant is looking for employees on day shifts.

**Working hours are from nine a.m. to four p.m. all weekdays.**

**If you are twenty years or older, have experience of working in a restaurant, none smoker and interested in working at a nice workplace please send your c.v. to nonni@ginger.is**

**Application deadline is April 22**

GINGER
BE GOOD TO YOURSELF


# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




# Rafmögnuð fjármál og reikningshald

## Sérfræðingur á fjármálasviði

Hefur þú áhuga á tölum, uppgjörum og fjármálaskýrslum? Langar þig að vera hluti af góðum hópi sérfræðinga á fjármálasviði? Ef svo er, þá gæti þetta verið starf fyrir þig.

Við leitum að orkubolta til að bætast í hóp skemmtilegra sérfræðinga á fjármálasviðinu okkar. Einhverjum sem langar til að vinna að fjölbreyttum verkefnum tengdum reikningshaldi og uppgjörum, hafa umsjón með eignaskráningunni okkar, virðisaukaskattskilum og framtölum. Taka þátt með teyminu í verkefnum tengdum mánaðar- og ársfjórðungsuppgjörum ásamt því að þróa með okkur skýrslugerð og mælaborð fjármála.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, til dæmis viðskiptafræði með áherslu á reikningshald og/eða fjármál. Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur.
- Ástríða fyrir tölum, greiningum, mælikvörðum og framsetningu tölulegra gagna
- Reynsla af uppgjörum og reikningshaldstengdum málum er kostur
- Drífandi hugur, frumkvæði og færni í samskiptum
- Sveigjanleiki og geta til að takast á við tímabundið álag

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2022.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, á mannaudur@landsnet.is

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET

# SÉRFRÆÐINGAR Á BÓKHALDSSVIÐ FJÁRSÝSLUNNAR

Leitað er eftir tveimur áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum með þekkingu og reynslu af bókhaldi og uppgjöri í stöðu sérfræðinga á bókhaldssvið Fjársýslu ríkisins. Fjársýslan hefur yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og veitir um 300 ríkisaðilum bókhaldsþjónustu og ráðgjöf. Fjársýsla ríkisins leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna

### HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón og eftirlit með bókhaldi tiltekinna stofnana og fjárlagaliða
- Vinna við mánaðar- og ársuppgjör
- Ráðgjöf við stofnanir og ráðuneyti á sviði bókhalds og uppgjörs
- Þátttaka í gerð leiðbeininga og fræðslu
- Framþróun ferla og verklags

### HÆFNIKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af bókhaldi, uppgjöri og afstemmingum
- Þekking og reynsla af opinberum fjármálum er kostur
- Góð þekking á upplýsingatækni, sérstaklega bókhaldskerfum og Excel
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð íslensku kunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og FHSS/FSS. • Starfshlutfall hvers starfs er 100%
Við ráðningu er farið eftir jafnréttisstefnu FJS • Umsóknarfrestur er til og með 04.04.2022 • Sótt er um á www.starfatorg.is
Nánari upplýsingar veita: Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir • bjarkey.r.gunnlaugsdottir@fjs.is • 545-7500
Pétur Ó. Einarsson • petur.einarsson@fjs.is • 545-7500

Fjársýsla ríkisins

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála og veitir fjölbreytta þjónustu á sviði fjármála og mannauðsmála. Þar starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem hefur gildin ÞEKKING - ÁREIÐANLEIKI - ÞJÓNUSTA að leiðarljósi.

GRÆN SKREF

www.fjs.is

# Söludeild rafbúnaðar

## Smith & Norland vill ráða tvo starfsmenn í söludeild rafbúnaðar





## Deildarstjóri

### Smith & Norland vill ráða fagmann á rafmagnssviði til að stýra söludeild rafbúnaðar innan fyrirtækisins.

**Starfsvið:**
- Starfið felur í sér stjórn deildarinnar, stefnumótun, dagleg tengsl við rafverktaka og aðra viðskiptavini, markaðmál af ýmsu tagi og tengd störf.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Við leitum að rafiðnfræðingi/rafvirkja með góða alhliða tækniþekkingu.
- Viðkomandi þarf að hafa góða stjórnunar- og samskiptahæfileika og áhuga á sölu- og markaðsstörfum.
- Umsækjandi verður að hafa gott vald á ensku.
- Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi er skilyrði.

Umsóknir merktar „Deildarstjóri" skal senda á netfangið jonn@sminor.is.

## Rafvirki

### Smith & Norland vill ráða rafvirkja til sölustarfa í söludeild rafbúnaðar.

Starfið felur í sér kynningu og sölu á raflagnaefni og öðrum rafbúnaði sem og ýmis önnur verkefni. Leitað er að röskum, sjálfstæðum og samvinnuliprum einstaklingi með góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum, sem hefur einnig brennandi áhuga á sölu- og markaðsstörfum og mannlegum samskiptum.

**Starfsvið:**
- Kynning og sala á rafbúnaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Rafvirkjamenntun.
- Áhugi eða reynsla af sölustörfum er kostur.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknir merktar „Rafvirki" skal senda á netfangið jonn@sminor.is.

Umsóknarfrestur er til og með **31. mars** næstkomandi.
Umsjón með störfunum hefur Jón Norland (jonn@sminor.is).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




## > Kranastjóri á athafnasvæði Samskipa

**Hefur þú gaman af vélum og tækjum?**
Við leitum að öflugum og úrræðagóðum einstaklingi í starf kranastjóra á athafnasvæði Samskipa. Helstu verkefni eru losun og lestun skipa ásamt almennu og fyrirbyggjandi viðhaldi á krönum.

**Helstu verkefni**
- Umsjón með hífingum við losun og lestun skipa
- Eftirlit búnaðar og skráning eftirlits
- Umsjón með almennu og fyrirbyggjandi viðhaldi í samráði við viðhaldsdeild
- Hafa góða yfirsýn yfir afköst við losun og lestun
- Taka virkan þátt í að bæta vinnuferla og bestun ferla

**Hæfniskröfur**
- Kranaréttindi B og reynsla af vinnu á krana er mikill kostur
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Íslenskukunnátta er skilyrði
- Nákvæmni og geta til að vinna undir álagi
- Heiðarleiki, stundvísi og hæfni í mannlegum samskiptum

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til þess að sækja um. **Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl** og hægt er að sækja um á **www.samskip.is**. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa sterka öryggisvitund og hafa hreina sakaskrá.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Páll Sigurðarson, svæðisstjóri hafnarsvæðis, **gudni.pall.sigurdarson@samskip.com**.

Við hjá Samskipum einsetjum okkur að vera jákvæð, sveigjanleg og eiga góð samskipti, hvort sem er gagnvart viðskiptavinum, samstarfsfólki, birgjum eða öðrum hagaðilum.

Stefna okkar er að vera ávallt í fararbroddi á sviði umhverfismála. Í starfi okkar leggjum við áherslu á að rækta okkar samfélagslegu ábyrgð í öllum okkar starfsháttum. Við kappkostum að fylgjast vel með þróun og nýjungum og setjum okkur skýr markmið.


## Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR




## Spennandi uppbyggingarstarf

### LINUX SÉRFRÆÐINGUR

Við leitum að LINUX sérfræðingi með ríka öryggisvitund til að takast á við spennandi verkefni í uppbyggingu grunninnviða á sviði upplýsingatækni.

Stjórnkerfi flutningskerfis raforku á Íslandi byggir á rekstraröryggi tölvukerfa og því er um krefjandi og ábyrgðarmikið starf að ræða. LINUX kerfisstjóri hefur umsjón með daglegum rekstri upplýsingatæknikerfa Landsnets og hefur eftirlit með afköstum og rekstraröryggi kerfanna. Upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki í framþróun fyrirtækisins og framundan eru krefjandi og skemmtileg verkefni í samstarfi við innlenda og erlenda birgja.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af rekstri og viðhaldi á LINUX innviðum
- Reynsla af sýndarumhverfum er kostur
- Reynsla af rekstri gagnagrunna er kostur
- Þekking á skeljaskriftum er kostur
- Góð samskiptafærni og geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 5. apríl 2022.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, á mannaudur@landsnet.is

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET

**job**

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við
að leita
**að þér?**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Fjármálasérfræðingur - Skóla- og frístundasvið

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf fjármálasérfræðings laust til umsóknar.**
**Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs.**

Næsti yfirmaður fjármálasérfræðings er fjármálastjóri sviðsins og helstu verkefni tengjast fjármálaþjónustu, reikningsskil og gerð fjárhagsáætlunar fyrir starfsstaði sviðsins. Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.
Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra.
Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 60 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Fjárhagslíkan frístundastarfs
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Mánaðarleg uppgjör og frávikagreining.
- Fjárhagslegt eftirlit til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda.
- Greiningarvinna og fjárhagseftirlit.
- Innkaup á tækjabúnaði fyrir skólamötuneyti og skrifstofubúnaði fyrir skóla.
- Ráðgjöf við gerð rammasamninga vegna innkaupa á hráefni og tækjabúnaði fyrir mötuneyta.
- Gerð útboðslýsinga á búnaði v.nýframkvæmda og viðhalds.
- Fjarhagsupplýsingagjöf til stjórnenda.

**Hæfniskröfur**

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mastersgráða er kostur.
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð æskileg.
- Reynsla af lykiltalnagreiningu æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Þekking á rekstri grunnskóla er kostur.
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Skipulagshæfni, nákvæmni og öguð vinnubrögð.
- Lipurð í samskiptum.

Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 19.apríl 2022.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri og Guðmundur Guðbjörnsson, deildastjóri í síma 411-1111
Netföng: kristjan.gunnarsson@reykjavik.is , gudmundur.gudbjornsson@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Sérfræðingur í sjálfbærni

Við leitum að áhugasömum aðila með reynslu og þekkingu á verkefnum sem snúa að sjálfbærnimálum og upplýsingamiðlun. Viðkomandi mun tilheyra einingunni samskipti og sjálfbærni sem er hluti af skrifstofu bankastjóra.

**Helstu verkefni**

- Þátttaka í verkefnum sem snúa að sjálfbærnivegferð bankans
- Greining áhættu- og áhrifaþátta á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar
- Útreikningar í tengslum við fjárhagslega áhættu- og áhrifaþætti
- Upplýsingamiðlun í tengslum við sjálfbærni og græn fjármál
- Tilfallandi verkefni og upplýsingamiðlun sem fellur undir samskipta- og sjálfbærnisvið

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.a.m á sviði fjármála, raunvísinda eða verkfræði
- Haldgóð þekking og reynsla af sjálfbærni og samfélagsábyrgð fyrirtækja
- Góð greiningarfærni
- Hæfni í ritaðri og talaðri íslensku og ensku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Góð þekking á fjármálum

Arion banki ásamt dótturfélögunum Stefni og Verði veita íslensku samfélagi alhliða fjármálaþjónustu. Arion banki býður snjallar og traustar fjármálalausnir sem skapa viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu öllu verðmæti til framtíðar. Bankinn leggur ríka áherslu á umhverfis- og félagsþætti í sinni starfsemi og góða og vandaða stjórnarhætti.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á vef Arion banka **www.arionbanki.is/starf**

Arion banki er skráður á aðallista Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál. Arion banki er jafnlaunavottaður en það felur í sér formlega staðfestingu á því að fagleg vinnubrögð séu til staðar við ákvörðun launa og að starfsfólki í jafnverðmætum störfum sé ekki mismunað.

arionbanki.is **Arion banki** atvinna

LANDSRÉTTUR

# Verkefnastjóri

Landsréttur auglýsir lausa til umsóknar stöðu verkefnastjóra í fullt starf.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á skipulagshæfileika, öguð vinnubrögð og hæfni til að vinna sjálfstætt. Verkefnastjóri starfar við hlið skrifstofustjóra og er honum til aðstoðar við dagleg störf en vinnur jafnframt náið með öðru starfsfólki, þar á meðal dómurum réttarins.

**Helstu verkefni eru:**
- Bókhald og verkefni tengd fjármálastjórn
- Skipulag og umsjón verkferla
- Dagskrá dómsmála
- Umsjón með uppkvaðningu dóma og úrskurða
- Umsjón með skráningu mála í málaskrárkerfi og frágangi gagna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- Færni í ritvinnslu og helstu kerfum Office
- Reynsla af málaskrárkerfi GoPro er æskileg

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í maí 2022.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að sækja um óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið landsrettur@landsrettur.is. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar, gunnar.vidar@landsrettur.is eða í síma 432-5300.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2022.**

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Framkvæmdastjóri óskast

**Ösp eignarhaldsfélag** er eigandi hlutafélags sem er að sækja um starfsleyfi líftryggingafélags hjá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri Aspar eignarhaldsfélags verði framkvæmdastjóri líftryggingafélagsins eftir starfsleyfisveitingu. Markmið Aspar er að kaup persónutrygginga verði ánægjuleg, framsýn og án mikillar fyrirhafnar. Framkvæmdastjóri mun leiða vinnu við mótun starfseminnar í samræmi við eigendastefnu sem mun hafa sjálfbærni að leiðarljósi og starfa í sátt við umhverfið, samfélagið, jafnrétti og viðhafa góða starfshætti.

Í umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem koma þarf fram framtíðarsýn umsækjenda varðandi starfið og rökstuðningur fyrir fyrir hæfni.

**Nánari upplýsingar veitir Baldvin Samúelsson, stjórnarformaður gegnum netfangið baldvin@osplif.is.**

**Starfið er laust nú þegar og umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl 2022.**

Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur eru hvattir til að sækja um starfið, án tillits til kyns og óháð trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð eða fötlun.
**Allar upplýsingar um starfið er að finna inn á alfreð.is**

Öllum umsóknum verður svarað.

Ösp eignarhaldsfélag | osp@osplif.is | Stórhöfði 23 | 110 Reykjavík

ÖSP
Eignarhaldsfélag

AFLTAK

## Húsasmiður og kranamaður

Fullt starf | Iðnaðarmenn

Afltak ehf óskar eftir vönum húsasmið og kranamanni, næg verkefni framundan. Áhugasamir sendi tölvupóst á jonas@afltak.is eða hringið í síma 6600770

**Sjá nánar á Job**

job
Finnum draumastarfið saman

## Hjúkrunarfræðingar

**Við óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa við Meltingarsetrið sem fyrst. Starfið felst í aðstoð við meltingarfæraspeglanir. Tölvukunnátta æskileg. Starfshlutfall 20-70%.**

**Góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður.**

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda til Meltingarsetursins Þönglabakka 6, 109 Reykjavík eða á netfangið: meltingarsetrid@gmail.com**

**Umsóknarfrestur er til 7. apríl.**

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



## Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

## Staða deildarstjóra stoðþjónustu

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

**Við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri er laus staða deildarstjóra stoðþjónustu. Ráðið verður í stöðuna frá 1. maí 2022 eða samkvæmt samkomulagi.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón með sérkennslu og kennslu íslensku sem annars máls
- Sér til þess að veitt sé stoðþjónusta í hverjum árgangi eftir þörfum
- Er tengiliður skólans við sálfræðinga, talmeinafræðinga og aðra sérfræðinga og stofnanir sem tengjast skólanum
- Veitir stuðningsfulltrúum faglegan stuðning
- Situr teymis- og skilafundi eftir því sem við á
- Aðstoðar kennara við gerð einstaklingsnámskráa
- Hefur eftirlit með námsgögnum sem eru sérstaklega ætluð sérkennslu og sér um skipulagningu á sérkennsluaðstöðu í samráði við aðra stjórnendur
- Fundar með sérkennurum og þroskaþjálfum reglulega yfir veturinn
- Skrifar skýrslu um starf skólaársins sem er hluti af ársskýrslu skólans
- Útbýr aðlagaðar stundaskrár nemenda þegar þörf er á

**Menntunar og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (s.s. kennaramenntun, þroskaþjálfamenntun)
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði sérkennslu
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki
- Frumkvæði og metnaður
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, önnur tungumál kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari lýsingar eru að finna á ráðningavef Árborgar https://starf.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (gudrun.bjorg@barnaskolinn.is), aðstoðarskólastjóri í síma 480 3200.
**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2022.**

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambandi íslenskra Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is

*Í Barnaskólanum eru 145 nemendur í 1. – 10. bekk. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samskipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsueflandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinnu varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skólasýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugu samstarfi við aðra grunnskóla í Árborg.*

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Grasafræðingur

## við Lystigarðinn á Akureyri

Umhverfis- og mannvirkjasvið óskar eftir að ráða samviskusaman og vandvirkan einstakling sem grasafræðing í 100% starf í Lystigarð Akureyrar.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða

Umhverfis- og mannvirkjasvið hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins. Helstu verkefni þess eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleigu þeirra. Einnig dagleg stjórnun framkvæmda bæjarins. Undir þá fellur hönnun og mælingar, gerð og viðhald gatna og gangstétta, gatnalýsing, sorphirða, garðar og opið svæði. Þá heyra strætó og ferliþjónusta undir sviðið ásamt slökkviliði Akureyrar og rekstur skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.

Lystigarðurinn er rekinn af Akureyrarbæ sem grasagarður og skrúðgarður. Almenningsgarðurinn var opnaður formlega 1912 en grasagarðurinn 1957. Garðurinn er nú um 3,7 hektarar.
Hlutverk garðsins er margþætt. Fyrst og fremst er þó lögð áhersla á að finna með innflutningi og prófunum, fallegar, harðgerar, erlendar plöntur sem eftirsóknarvert væri að rækta hérlendis auk þess að vera almenningsgarður sem nýtist fólki til fróðleiks og skemmtunar.
Garðurinn er rómaður fyrir fegurð og mikinn fjölda tegunda.

**Helstu verkefni eru:**

- Sérfræðiþjónusta við að efla og viðhalda íslenskum og erlendum tegundum Lystigarðsins ásamt öðrum sérfræðistörfum sem yfirmaður felur honum.
- Yfirfara, safna, rækta og viðhalda plöntusafni Lystigarðsins.
- Umsjón með gagnagrunni á heimasíðu Lystigarðsins
- Afgreiða fyrirspurnir er varða greiningu plantna eða á öðru er lýtur að grasafræði.
- Umsjón með þátttöku Lystigarðsins í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.
- Önnur verkefni innan umhverfis- og mannvirkjasviðs.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Háskólagráða í líffræði eða vistfræði með áherslu á grasafræði eða sambærilegt nám.
- Þekking og reynsla af greiningu plöntusafna erlendra og íslenskra.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Viðtæk tölvukunnátta.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði, stundvísi og samviskusemi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2022.**
Umsókninni skal fylgja ítarlegt yfirlit yfir starfsferil og greinargóðar upplýsingar um störf umsækjanda, menntun og starfsreynslu ásamt greinargóðum upplýsingum um verkefni sem hafa tilvísun í starfið. Sótt er um starfið á www.mognum.is og nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, sigga@mognum.is.

*Tekið verður tillit til Mannréttindastefnu Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.*
*Laun eru samkvæmt kjarasamningi samband íslenskra sveitafélaga og félags íslenskra náttúrufræðinga.*
*Upplýsingar um kaup og kjör veitir launadeild Akureyrarbæjar: launadeild@akureyri.is*

Akureyrarbær

Geislagata 9 • Sími 460 1000 • www.akureyri.is • akureyri@akureyri.is

BÍLASTOÐ réttingar & sprautun

**Óskum eftir Bílamálara**
**- eða vönum manni í bílamálun.**
**Einnig aðstoðarmanni í bílamálun/réttingu.**

**Upplýsingar í síma 564 0606 eða bilastod@bilastod.is**

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
**að þér?**




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

os.is

# Viltu taka þátt í mótun orkuumhverfis á Íslandi?

**Orkustofnun auglýsir ný störf sem munu gegna lykilhlutverki í mótun umgjarðar orkumála í takt við kröfur samtímans þar sem áhersla er lögð á orkuskipti, nýsköpun og loftslagsmál.**

## Þróunarstjóri gagna

**Tilgangur starfsins** er að nútíma- og sjálfvirknivæða gagnamál Orkustofnunar í því skyni að setja fram hagnýtar upplýsingar og greiningar sem nýtast til ákvarðanatöku og bæta upplýsingagjöf til sérfræðinga, stjórnvalda og almennings.

Við leitum að kraftmiklum umbreytingaleiðtoga með þekkingu á uppbyggingu og hagnýtingu gagnagrunna og greiningartóla, hæfni til að setja fram gögn á skýran, faglegan og gagnvirkan máta og brennandi áhuga á á greiningu, nýtingu og framsetningu gagna.

## Sérfræðingur í greiningu orkumarkaðar

**Tilgangur starfsins** er gagnasöfnun, þróun mælaborðs orkumála og vinna tengd orkuspám og rekstrarhermunum raforkukerfisins.

Við leitum að öflugum greinanda með mikla færni í hagnýtingu gagnasafna, færni til að greina og miðla gögnum á skýran og faglegan máta og brennandi áhuga á þróun orkumála.

## Sérfræðingur á sviði vindorku og sjálfbærrar auðlindanýtingar

**Tilgangur starfsins** er að taka þátt í að móta umgjörð vindorkumála á Íslandi til framtíðar og stuðla að uppbyggingu þekkingar á sviðinu.

Við leitum að framsýnum sérfræðingi með þekkingu og reynslu á sviði vindorku og brennandi áhuga á orku- og umhverfismálum og sjálfbærri auðlindanýtingu í víðu samhengi.

## Sérfræðingur á sviði raforkurekstrar og hagræns eftirlits

**Tilgangur starfsins** er að greina rekstarforsendur fyrirtækja á raforkumarkaði og hafa eftirlit með rekstri dreifiveitna og flutningsfyrirtækis raforku. Meðal annars að tryggja fylgni við raforkulög, hafa eftirlit með tekjumörkum og rekstri og ákvarða tekjumörk og eftirlit með gjaldskrám raforkufyrirtækja.

Við leitum að öflugum greinanda með mikla færni í hagnýtingu gagnasafna, færni til að greina og miðla gögnum á skýran og faglegan máta og brennandi áhuga á þróun orkumála.

## Verkefnastjóri Orkuseturs Orkustofnunar

**Tilgangur starfsins** er að halda utanum starfsemi Orkuseturs Orkustofnunar, vinna að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um skilvirka orkunotkun og möguleika til orkusparnaðar og styðja við verkefni tengd orkuskiptum, loftslagsmálum og nýsköpun. Starfsstöð verkefnastjóra Orkuseturs Orkustofnunar er á Akureyri.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á loftslagsmálum, orkumálum og orkuskiptum, og reynslu í að leiða verkefni og virkja ólíka aðila til samstarfs.



**Nánari upplýsingar um störfin veita:**
Ólafur Dan Snorrason, mannauðsstjóri **olafur.dan.snorrason@os.is**
Anna Lilja Oddsdóttir, sérfræðingur **anna.lilja.oddsdottir@os.is**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og stutt bréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir áhuga og hæfni í starfi út frá hæfnikröfum auglýsingar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag. Um er að ræða fullt starfshlutfall. Starf verkefnastjóra Orkuseturs Orkustofnunar er með starfsstöð á Akureyri, önnur auglýst störf eru með starfsstöð í Reykjavík, nema um annað sé samið.

Umsóknir eru gildar í sex mánuði frá birtingu þessarar auglýsingar innan stofnunarinnar og umsóknir gilda í öll störf þessarar auglýsingar. Orkustofnun stefnir að því að halda jöfnu kynjahlutfalli í starfsliði sínu. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Orkustofnun starfar í þágu samfélagsins og í takt við orkustefnu Íslands. Hlutverk hennar er að skapa skýra umgjörð um orkumál, stuðla að nýsköpun og upplýstri umræðu og að veita stjórnvöldum faglega ráðgjöf í þágu almannaheilla.

Stefna Orkustofnunar er að byggja upp þekkingu á fagsviðum stofnunarinnar svo sem á sviðum orkuvinnslu, orkunýtingar og loftslagsmála, stunda skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu, sem og sjálfstætt vandað eftirlit. Orkustofnun leggur áherslu á að vera framsýn, traust og skilvirk.

Umsóknum skal skilað í gegnum 50skills.
**Umsóknafrestur er til og með 28.mars 2022**

ORKUSTOFNUN

# Skrifstofustjóri
## húsnæðis- og skipulagsmála



**Innviðaráðuneytið leitar að öflugum stjórnanda, sem hefur brennandi áhuga á húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmálum til að stjórna nýrri skrifstofu húsnæðis- og skipulagsmála og taka þátt í að móta framtíðarstefnu í þessum málaflokkum.**

Nýtt og öflugt innviðaráðuneyti tekst á við nýja tíma. Hlutverk þess er að líta eftir, upplýsa og leiða samfélagið til aukinna lífsgæða. Í ráðuneytinu fara saman mikilvægir málaflokkar, s.s. húsnæðismál, mannvirkjamál, skipulagsmál, sveitarstjórnarmál, byggðamál og samgöngumál. Stefnur og áætlanir í þessum málaflokkum eru samhæfðar.

Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála er ný skrifstofa sem mun hafa umsjón með stefnumótun á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála og framkvæmd laga í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar skuldbindingar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og rekstri skrifstofunnar í samræmi við áætlanir og markmið.
- Umsjón með stefnumótun í málaflokkum, áætlunum, umbótum og framtíðarþróun.
- Forgangsröðun og framkvæmd verkefna í samræmi við áætlanir og skipulagning á faglegu starfi.
- Tekur virkan þátt í samhæfingu áætlana á málefnasviði ráðuneytisins.
- Leiðir víðtækt samráð við stofnanir og hagaðila.

### Hæfnikröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun skilyrði eða umfangsmikil stjórnunarreynsla sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla af stjórnun.
- Árangursrík reynsla af stefnumótun og áætlanagerð.
- Framsýni, drifkraftur, metnaður og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Afburða hæfni til að tjá sig og eiga samskipti í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Hæfni til að skapa liðsheild ásamt jákvæðu og lausnamiðuðu hugarfari.

**Skipað verður í embættið til fimm ára frá og með 1. júní 2022. Um er að ræða fullt starf.**
Ráðuneytið hvetur alla hæfa einstaklinga til að sækja um, óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með fimmtudeginum **31. mars nk.** Umsókn skal skila rafrænt á **irn@irn.is**. Nánari upplýsingar um starfið á starfatorg.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Ragnhildur Hjaltadóttir** ráðuneytisstjóri, **ragnhildur.hjaltadottir@irn.is** eða **545-8200**.

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



# GOTT FÓLK ÓSKAST



### Þjónustudeild vinnuvéla

Við leitum að viðgerðarmönnum með þekkingu og reynslu af bilanagreiningum til starfa; vélstjórum, vélvirkjum og bifvélavirkjum. Góð tölvu- og enskukunnátta nauðsynleg. Möguleiki á að útvega viðgerðarmönnum íbúðarhúsnæði í Hafnarfirði.

### Söludeild vinnuvéla

Við leitum að jákvæðum einstaklingi til að starfa í söludeild okkar. Hæfni til að geta unnið sjálfstætt, reynsla sem nýtist í starfi og rík þjónustulund eru góðir kostir. Starfinu fylgja ferðalög innan- og utanlands.

### Söludeild varahluta

Við leitum að reynslumiklum einstaklingi í ráðgjöf og sölu á varahlutum. Rík þjónustulund og frumkvæði eru eiginleikar sem við leitum eftir. Góð ensku- og tölvukunnátta ásamt bílprófi er skilyrði.

---

Nánari upplýsingar veitir Hildur Gylfadóttir, framkvæmdastjóri í síma 575-2400

Umsóknir sendist á **hg@velafl.is**. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin. Fullum trúnaði heitið.

---

**Umsóknarfrestur er til 9. apríl nk.**

---

Vélafl ehf. hefur starfað á íslenskum vinnuvélamarkaði síðan árið 1998. Höfuðstöðvar okkar eru að Rauðhellu 11 í Hafnarfirði þar sem við erum með 1.380 m2 verkstæði og lager. Við erum umboðsmenn á Íslandi fyrir marga af fremstu vélaframleiðendum heims og leggjum við höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi góða og skjóta þjónustu.

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhellu 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

---

ICEWEAR · ICELAND ·

## ÞÍN ÚTIVIST ÞÍN ÁNÆGJA



# Prjónahönnuður

*Icewear óskar eftir að ráða prjónahönnuð til starfa. Um er að ræða spennandi starf innan Icewear þar sem viðkomandi gefst tækifæri á að taka þátt í stefnu og mótun vöruþróunnar á prjónamynstrum fyrirtækisins, hönnun á nýjum vörum ásamt öðrum verkefnum sem snúast að hönnun og prjóni. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyrirtæki.*

**Helstu verkefni:**

- Hönnun og vöruþróun á prjónamynstrum Icewear fyrir innlendan og erlendan markað.
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Fatahönnunarnám eða önnur haldgóð undirstöðumenntun s.s. klæðskeramenntun eða tæknimenntun á sviði fataþróunar og undirbúnings fatnaðar fyrir framleiðslu er kostur.
- Reynsla og brennandi áhugi af störfum í fataiðnaði, munsturgerð og þekking á handprjóni og vöruþróun æskileg.
- Góð almenn tölvuþekking, Illustrator, Photoshop, Word og Excel.
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð.
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfileikar og námkvæmni.
- Gott vald á ensku.

Ferðalög erlendis eru hluti af starfinu.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Rut, rakelrut@icewear.is.
Allar umsóknir fara í gegnum Alfred.is. Umsóknarfrestur er til 3. apríl nk.

***Icewear er íslenskt útivistarvörumerki og á sögu að rekja allt aftur til ársins 1972. Vörulína Icewear er mjög stór og saman- stendur af fjölbreyttu úrvali af útivistarfatnaði og fylgihlutum fyrir börn og fullorðna. Allar vörur Icewear eru hannaðar á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður. Icewear leggur ávalt mikið upp úr góðum verðum og góðri þjónustu enda er útivist fyrir alla.***

***Verslanir Icewear eru í dag 19 talsins og eru staðsettar um land allt undir merkjum Icewear, Icewear Magasín, Icemart og Arctic Explorer ásamt vefverslunin icewear.is.***

***Skrifstofur fyrirtækisins eru staðsettar í Suðurhrauni 10 í Garðabæ og starfsmenn eru um 150 talsins.***

---

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**MATVÍS**

# AÐALFUNDUR

Aðalfundur MATVÍS ( Matvæla-og veitingafélags Íslands ) verður haldinn í Húsi Fagfélaganna, Stórhöfða 31 **miðvikudaginn 27. apríl n.k. kl. 16.00.**

**Dagskrá fundarins:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

# Auglýsing um skipulagsmál í Hveragerði

HVERAGERÐISBÆR

## „ZIP LINE" Svifbraut og fjölgun bílastæða á Árhólmasvæði, - breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 10. mars 2022 breytingu á bæði aðal- og deiliskipulagi á Árhólmasvæði í Hveragerði. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér nýtt ferðamanna- og afþreyingarsvæði við Hengladalaá, stækkun á verslunar- og þjónustusvæði og nýjar gönguleiðir. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér tvær nýjar lóðir fyrir upphafs- og endapall svifbrautar, stækkun á almennu bílastæði fyrir ferðamenn, nýja göngustíga og stækkun á byggingarreit á lóðinni Árhólmar 1.

Aðal- og deiliskipulagsbreytingar þessar hlutu meðferð skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

***Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar***

## EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease a house/apartment in Reykjavik area as from 1st of June. Required size is 160 – 500 square meters, large living room, 2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years.
Please send an e-mail to: sveinssonk@state.gov before **April 5th.** with information about the house and location (photos,street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the property.

## SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið óskar eftir að taka á leigu hús/íbúð á höfuðborgarsvæðinu frá og með 1. júní. Æskileg stærð 160 – 500 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að halda gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinssonk@state.gov fyrir **5. apríl** með upplýsingum um eignina, staðsetningu (ljósmyndir, götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýnir eignina.

# Endurskoðun á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035

**Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi þann 21. desember 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að umhverfisskýrslu samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.**

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að **Tjarnargötu 12** og hjá Skipulagsstofnun frá og með **24. mars** 2022 til **6. maí 2022.** Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar **(reykjanesbaer.is)**

Íbúafundir um efni tillögunnar verður haldinn á auglýsingatíma og er nánar útlistað á heimasíðu Reykjanesbæjar **(reykjanesbaer.is)**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til **6. maí** 2022. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar að **Tjarnargötu 12** Reykjanesbæ eða á netfangið **skipulag@reykjanesbaer.is**

Reykjanesbæ, 24. mars 2022.
Skipulagsfulltrúi

HÚNAÞING VESTRA

## Húnaþing vestra leitar eftir samstarfsaðila um rekstur Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði

Húnaþing vestra leitar eftir áhugasömum aðila til að leiða rekstur og starf skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði fyrir hönd sveitarfélagsins frá og með 1. september 2022.

Á Reykjum í Hrútafirði hafa verið starfræktar skólabúðir frá árinu 1988. Sveitarfélagið leggur áherslu á að í skólabúðunum sé unnið faglegt starf sem byggir á lýðheilsu, ásamt samtali umhverfis, náttúru og menningar. Sveitarfélagið vinnur að innleiðingu heilsueflandi samfélags sem styður samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan. Auk þess vinnur sveitarfélagið að innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna og verður lögð áhersla á að þessar stefnur verði innleiddar í starf skólabúðanna.

Frekari gögn verða afhent hjá Húnaþingi vestra en beiðni þar um skal senda á netfangið rjona@hunathing.is. Verða umsækjendur metnir út frá þeim gögnum og upplýsingum sem skilað verður inn til sveitarfélagsins í samræmi við óskir þess. Umsóknir skulu berast á sama netfang fyrir 4. apríl nk.

Frekari upplýsingar gefur Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri, netfang rjona@hunathing.is eða í síma 455 2400.

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við að leita **að þér?**

### Fjölbreytt aðstaða fyrir skapandi fólk í Hafnarhúsinu

# Ert þú samstarfsaðilinn?

SKAPANDI BORG

Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðila til að reka miðstöð fyrir skapandi greinar í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Leitað er að aðila sem mun taka húsnæðið á leigu og sjá um framleigu og utanumhald.

Um 3000 ferm. eru til ráðstöfunar sem ekki eru í notkun í dag. Horft er til þess að starfsemin í húsinu falli að nærumhverfinu og gæði það lífi. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða í miðbæ Reykjavíkur þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman. Nánari upplýsingar má finna á vef okkar www.reykjavik.is/leiga. Fyrirspurnir um húsnæðið má senda til Eignaskrifstofu Reykjavíkur, esr@reykjavik.is

**Skilafrestur fyrir Áhuga- og Hugmyndalýsingu er til og með 13. apríl 2022.**

**Henni þarf að skila í tölvupósti til esr@reykjavik.is merkt „Áhuga- og hugmyndalýsing", eigi síðar en á 13. apríl n.k.**

Reykjavíkurborg





# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hverfið mitt 2021 – 2022 – austur. Ærslabelgir,** útboð 15455

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
**Sími 411 1111**
Netfang: utbod@reykjavik.is

# Útboð



## Ný útboð í auglýsingu

**Endurnýjun á gervigrasi í Risanum Kaplakrika**
Hafnarfjarðarbær, fyrir hönd FH, óskar eftir tilboðum í endurnýjun á gervigrasi í Risanum Kaplakrika. Útboð verksins nær til allra þátta við að fullgera verkið.

**Tilboð verða opnuð 12.04.22. kl. 14,** hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík.

**Endurnýjun á lýsingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum**
Hafnarfjarðarbær, fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Hauka, óskar eftir tilboðum í endurnýjun á lýsingu fyrir knattspyrnuvöll á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum. Útboð verksins nær til allra þátta við að fullgera verkið.

**Tilboð verða opnuð 12.04.22. kl. 14,** hjá Strendingi ehf. Dalshrauni 1, Hafnarfirði.

**Ræsting**
Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í ræstingar fyrir ýmsar stofnarnir og íbúðir á vegum bæjarins.

**Tilboð verða opnuð 26.4.2022 kl. 11:00,** hjá Strendingi ehf. verkfræðiþjónustu Dalshrauni 1, Hafnarfirði.

Nánar á:
**hfj.is/utbod**

Hafnarfjörður





Erum við
að leita **að þér?**


# ÚTBOÐ

## HÖRÐUVALLASKÓLI VALLAKÓR 14
**Innrétting neðri hæðar**

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í að innrétta u.þ.b. 1000 m² kennsluhúsnæði til afnota fyrir Hörðuvallaskóla. Húsnæði skilist fullbúið með öllum raf- og lagnakerfum, úttekið og tilbúið til afnota fyrir skólann.

Núverandi ástand er fokhelt. Húsið er fulluppsteypt með hrásteypuáferð á gólfum, veggjum og loftum. Tæknirými er að mestu tilbúið. Verki fylgir samtenging við núverandi aðstöðu Hörðuvallaskóla á efri hæð með frágangi tveggja stigaganga og ísetningu einnar lyftu.

**Verkinu skal skila fullfrágengnu 10. desember 2022.**

Útboðsgögnin eru afhent rafrænt í gegnum útboðsvefinn Tendsign frá og með **28. mars 2022**, sjá einnig utbodsvefur.is.

Tilboð skal gera í verkið í heild eins og því er lýst í útboðsgögnum. Tilboði ásamt fylgigögnum skal skila inn í gegnum útboðsvefinn Tendsign **fyrir kl 11:00 þann 19. apríl 2022.** Eiginlegur opnunarfundur með bjóðendum verður ekki haldinn. Niðurstöður opnunar verða sendar þeim aðilum sem skila inn tilboðum.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# ÚTBOÐ

## SKÓLATRÖÐ – NÝR LEIKSKÓLI
**Forval í lokað alútboð**

Kópavogsbær óskar eftir umsóknum um þátttökurétt í lokuðu alútboði vegna hönnunar og framkvæmd á nýjum leikskóla við Vallartröð 12a í Kópavogi.

Eldri leikskólabygging hefur verið rifin og mun á sömu lóð rísa ný leikskólabygging, sem skal innihalda 4 leikskóladeildir fyrir 80 börn, starfsmannaaðstöðu fyrir 24 starfsmenn, eldhúsaðstöðu og leikskólalóð. Leikskólabyggingin á að vera u.þ.b. 700 m2 á 2. hæðum og leikskólalóð er u.þ.b. 1600 m2.

Umsækjendur um þátttöku skulu skila inn upplýsingum samkvæmt forvalsgögnum, m.a. um reynslu verktaka af vinnu við sambærileg verkefni, þekkingu og reynslu lykilstarfsmanna og hönnuða. Umsækjendur verða metnir með stigakerfi. Þeir fimm umsækjendur sem fá flest stig verður boðið að taka þá í alútboði. Greitt verður fyrir þátttöku í alútboði.

**Verkinu skal skila fullfrágengnu 30. apríl 2024.**

Forvalsgögnin eru afhent rafrænt í gegnum útboðsvefinn Tendsign frá og með **29. mars 2022**, sjá einnig utbodsvefur.is.

Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila inn í gegnum útboðsvefinn Tendsign fyrir **kl 09:00 þann 19. apríl 2022.** Eiginlegur opnunarfundur með umsækjendum verður ekki haldinn. Opnunarskýrsla verður send þeim aðilum sem skila inn umsóknum.

Kópavogsbær
kopavogur.is

ÖLFUS

# ÚTBOÐ

**Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í verkið:**

## Vesturbakki

**Verklok eru 01.09.2022**
Verkið felur í sér gerð á nýrri götu, framhald af Vesturbakka, í Þorlákshöfn.
Verktaki skal jarðvegsskipta götur og gangstéttar samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, ljósleiðaralagnir, ljósastauralagnir, setja upp ljósastaura og aðstoða við lagningu annarra veitna.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gröftur | 3.200 m³ |
| Styrktarlag og fylling í lagnaskurði | 5.500 m³ |
| Fráveitulagnir | 465 m |
| Vatnsveitulagnir | 300 m |
| Ljósastaurar | 13 stk |
| Hitaveitulagnir | 815 m |

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér: https://olfus.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/739da902-a7bf-44ba-acc7-4b59877c2011

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour.
Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

**Skilafrestur tilboðs er til kl. 10:00 miðvikudaginn 13. apríl 2022.**

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

***Byggingarfulltrúinn í Þorlákshöfn.***

# Skipulagsauglýsing

VESTURBYGGÐ

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:***

## Fjósadalur-sorpsöfnunarsvæði.

Fyrirhugað er að færa aðstöðu fyrir móttöku og flokkunaraðstöðu sorps á Patreksfirði í þeim tilgangi að bæta aðstöðu þjónustuverktaka. Deiliskipulagssvæðið er um 0,5 ha að stærð og er staðsett neðst í Fjósadal.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 26. mars til 9. maí 2022 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 9. maí 2022.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Virðingarfyllst,*
*Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar*

EIGNAMIÐLUN

## Einbýlishús óskast Garðabær eða Fossvogur



Hef verið beðin um að leita að einbýlishúsi í Garðabæ eða Fossvogi fyrir áhugasaman kaupanda.

Æskileg stærð 240 - 350 fm

**Magnea Sverrisdóttir**
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**

job

Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**



BÚUM VEL

**Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+**

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

**Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð**
**Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is**

## Víkurgata 11

**210 Garðabær**

**Glæsilegt samtals 386,5 fm einbýlishús með þremur íbúðum og bílskúr á frábærum útsýnisstað við Urriðavatn**

- Tvær stórar íbúðir á sitthvorri hæðinni, stúdíóíbúð á neðri hæð og bílskúr á efri hæð (sem er innréttaður sem stúdíóíbúð)
- Húsið er hannað og teiknað af Baldri Svavarssyni hjá ÚTI og Inni Arkitektum
- Hér er allt mjög vandað og glæslegt
- Göngu og hjólastígar í allar áttir
- Heimörkin í göngufæri sem og golfvellirnir Setberg og Oddur Einnig stutt í skóla og verlsanir í Kauptúni
- Mjög áhugaverð toppeign

Verð: **295 millj.**






Nánari upplýsingar:
**Þórhallur Biering**
lögg. fasteignasali
**Sími: 896 8232**
thorhallur@miklaborg.is

**MIKLABORG** | Með þér alla leið

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

heimili fasteignasala
á traustum grunni

Sigríður Lind Eyglóardóttir
löggiltur fasteignasali

## Lautasmári 1 - Kópavogi




**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 29. Mars kl 17:30 – 18:00**
Glæsileg björt og rúmgóð 3ja herb útsýnisíbúð á 10. hæð í Lautasmára 1 Kópavogi.
Eignin er skráð samtals 104,8 fm. Íbúðin skiptist í stórt hol, tvö herbergi með góðu skápaplássi, baðherbergi með sturtu, þvottahús, eldhús með góðri innréttingu, og rúmgóðri samliggjandi stofu og borðstofu. Úr stofu er útgengt út á svalir til suðvesturs með glæsilegu útsýni. Gólfefni eru parket og flísar. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu auk sérgeymslu í sameign. Auk þess er stutt í þjónustumiðstöð aldraðra í Gullsmára þar sem margvíslegt félagsstarf fer fram. **Verð : 69.900.000**

Grensásvegur 3 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 FÉLAG FASTEIGNASALA

# Þú ert ráðin/n!

## Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST Ráðningar

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

## Lindargata 39 - íbúð 0102




**Opið hús sunnudaginn 27 mars frá kl 14-15**
**Lindargata 39 íbúð 0102. Lyftuhús og stæði í bílskýli.**
Falleg, björt og vel skipulögð 3ja herbergja 95,8 fm íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi auk 7,7 fm sérgeymslu í kjallara alls 103,5 fm. ( íbúðin er á 2. hæð frá Frakkastíg ) staðsett í Skuggahverfinu. Loftskiptikerfi er í íbúðinni. Þvottahús innan íbúðar. Baðherbergi með sturtu og baðkari. Á gólfum er hvíttuð, eik KÄHRS parket. Íbúðinni fylgir stæði í upphituðu og lokuðu bílskýli í kjallara. Íbúðin getur verið laus við undirritun kaupsamnings. **Verð 84,9 millj.**
**Verið velkomin frá kl 14-15 sunnudaginn 27. mars.**

**Kirkjubraut 2, 300 Akranesi**
**Sími: 570 4824 • gsm 898 9396 • hakon@valfell.is**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 52, 108 Rvk.
Sími 533 6050 / Fax 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson, lögg. fast., s. 892-7798
Ásmundur Skeggjason, lögg. fast., s. 895-3000
Brynjar Baldursson, sölufulltrúi, s. 698-6919
Jóhann Friðgeir Valdimarsson, lögg. fast., s. 896-3038
Kristinn Tómasson, lögg. fast., s. 820-6797
Þórarinn Friðriksson, lögg. fast., s. 844-6353

# Fyrir fólk á fasteignamarkaði

*Er ekki bara best að kjósa Höfða*

TRAUST ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
1997 - 2022






- Glæsilegar nýjar fjölskylduvænar íbúðir.
- Íbúðir afhentar fullbúnar án gólfefna.
- Stærðir frá 121 fm – 125 fm, 2ja til 4ra herbergja.
- Vandaðar innréttingar frá Axis.
- Stæði í bílageymslu með flestum íbúðum.
- Frístandandi sér loftræstikerfi sem eykur lífsgæði.
- Allar íbúðir með suðursvalir eða verönd.
- Glæsilegt útsýni að Urriðavatni.
- Frábær staðsetning við útivistarsvæði og úrval verslana.
- Traustur byggingaraðili, Mótx ehf.

Verð frá 79.9 - 86.9 millj.

## Opið hús laugardaginn 26. mars frá kl. 12:00 – 13:00



Afhending í lok júní 2022.

**BÓKIÐ YKKUR Í OPIÐ HÚS - SENDIÐ OKKUR PÓST.**



Gunnlaugur A. Björnsson
Löggiltur fasteignasali | s. 617 5161
gab@heimili.is

Finnbogi Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali | s. 895 1098
finnbogi@heimili.is





SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

**Grensásvegi 11** 108 Reykjavík | Sími **588-9090** | **eignamidlun.is**







## Laufásvegur 52 101 Reykjavík

**125.000.000**

**GLÆSILEG 149,9 FM HÆÐ OG RIS Í VIRÐULEGU 2-BÝLISHÚSI VIÐ LAUFÁSVEG 52 Í ÞINGHOLTUNUM.**

Sér inngangur. Á aðalhæð eru m.a. tvær glæsilegar samliggjandi stofur, skrifstofa, eldhús og baðherbergi. Rishæð skiptist í þrjú herbergi, baðherbergi/þvottahús og gang. Auk þess er manngengt risloft yfir íbúðinni. Stórar svalir útaf borðstofu. Lofthæð á aðalhæð hússins er 2,7 metrar.

Upprunalegar fallegar hurðir eru í íbúðinni. Stórir fallegir upprunalegir gluggar. Listar í loftum. Fallegur gróinn garður til suðvesturs sem tilheyrir íbúðinni. Einstök staðsetning. Húsið er friðað.



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali
861 8511
sverrir@eignamidlun.is

## BÓKIÐ SKOÐUN



### Klapparstígur 7
101 Reykjavík

Fjölbýli · 77.2 fm · 3 herb.

**Tilboð**



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og Löggiltur fasteignasali
herdis@eignamidlun.is
694 6166



### Laugarásvegur 75
104 Reykjavík

Hæð með bílskúr · 115 fm · 3ja herb.

**78.900.000**



**Magnea Sverrisdóttir**
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511




### Fálkagata 3
107 Reykjavík

Fjölbýli · 125,8 fm · 7 herb.

**79.900.000**



**Brynjar Þór Sumarliðason**
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
896 1168

NÝTT Í SÖLU



# Hávallagata 24
**101 Reykjavík**

## HAMRAGARÐAR eitt af „HÚSUM" miðborgarinnar ...

- Einstaklega glæsilegt 380 fm einbýlishús
- Teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, árið 1941
- Aukin lofthæð
- Möguleiki á auka íbúð í kjallara
- Einstaklega vandað og vel við haldið hús






**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is


Verð: **Tilboð**

---

NÝTT Í SÖLU





## Steinasel 6 - auka íbúð
**109 Reykjavík**

**Vel skipulagt og mikið endurnýjað 237,1 fm einbýlishús að meðtöldum 47,2 fm bílskúr**

- Um er að ræða eign sem hefur nánast öll verið endurnýjuð að innan á árunum frá 2013 til 2022. T.d. allar innréttingar, gólfefni og skápar.
- Hiti er í gólfum neðri hæðar og ofnar endurnýjaðir á efri hæð.
- Húsið var málað og múrviðgert árið 2017.
- Þak var riðhreinsað og málað árið 2015/2016 og þakkantur endurnýjaður.
- Auka íbúð og geymsla í bílskúr




Nánari upplýsingar:
**Páll Þórólfsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 893 9929**
pall@miklaborg.is


Verð: **132 millj.**

---

NÝTT Í SÖLU



**OPIÐ HÚS** sunnudaginn 27. mars kl. 14.30 - 15.00

## Hverfisgata 92 a
**101 Reykjavík - íb. 402**

**Ný og vel skipulögð 70 fm 2ja herbergja íbúð**

- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Vandaðar innréttingar og tæki
- Laus strax






**Ólafur Finnbogason**
lögg. fasteignasali
**Sími: 822 2307**
olafur@miklaborg.is


Verð: **68,9 millj.**

---

NÝTT Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Inga Þór í síma **698 4450**

## Neshagi 9
**107 Reykjavík**

**3ja herbergja 97,4fm íbúð á annarri hæð með útleiguherbergi í risi**

- Tvær stofur, svefnherbergi, baðherbergi, eldhús
- Herbergi í risi
- Sérgeymsla í kjallara auk hlutdeildar í sameign
- Sérlega vinsæl staðseting í vesturbænum




**Ingi Þór Ingólfsson**
lögg. fasteigna & skipasali
**Sími: 698 4450**
ingi@miklaborg.is


Verð: **69,9 millj.**

---

NÝTT Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Jasoni í síma **775 1515**

## Engjagil 3
**805 Geyrir**

**Glæsilegt og vandað sumarhús sem stendur á 4705 fm eignarlóð rétt við Geysi í Haukadal**

- Hitaveita
- Heitur pottur fylgir með ásamt innbúi fyrir utan persónulega muni
- Skv skráningu Þjóðskrár er húsið skráð að grunnfleti 78,9 fm og svefnloft 18,3 fm samtals 97,2 fm




**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1516**
jko@miklaborg.is


Verð: **44,9 millj.**

---

NÝTT Í SÖLU



**OPIÐ HÚS** mánudaginn 28. mars kl. 17.30 - 18.15

## Baugakór 20
**203 Kópavogur**

**Sérlega falleg og björt 96,6 fm 3ja herbergja íbúð á efstu hæð**

- Suðursvalir og flott útsýni Leikskóli, skóli, verslanir og íþróttamiðstöðin Kórinn í næsta nágrenni
- Bílastæði í bílakjallara
- Lyfta í húsinu






**Svan G. Guðlaugsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 697 9300**
svan@miklaborg.is


Verð: **68,4 millj.**

---

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

## TRAUSTI fasteignasala

**Vegmúla 4, 108 Reykjavík | Sími: 546-5050 | www.trausti.is**

### NJÁLSGATA 102 — 105 Reykjavík




**56,2 fm. | 3 herb. | Fjölbýli**

**OPIÐ HÚS**
**SUNNUDAGINN 27. MARS KL. 13:30-14:00**

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli í Norðurmýrinni. Frábær staðsetning í göngufæri við miðbæ Reykjavíkur. Parket á gólfum var hvítlakkað 2018 og veitir íbúðinni aukna birtu.

### ENGJASEL 65 — 109 Reykjavík




**131,5 fm. | 3 herb. | Fjölbýli**

**OPIÐ HÚS**
**ÞRIÐJUDAGINN 29. MARS KL. 13:30-14:00**

Björt og falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð miðsvæðis í Seljahverfinu. Búið er að endurnýja eignina töluvert. Rúmgott stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

### DRÁPUHLÍÐ 28 — 105 Reykjavík




**64 fm. | 3-4ra herb. | Fjölbýli**

**OPIÐ HÚS**
**MÁNUDAGINN 28. MARS KL. 13:30-14:00**

Falleg og vel skipulögð, 3-4ra herbergja risíbúð á góðum stað í Hlíðunum. Íbúðin er skráð 64 fm. en nýtanlegur óskráður gólfflötur er mun stærri auk þess sem óskráð rými með glugga er á risloftinu.

**Allar nánari upplýsingar veita**



**Aðalsteinn J. Bergdal**
Aðstoðarmaður fasteignasala
767-0777
alli@trausti.is



**Einar Örn Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
546-5050
einar@trausti.is





## Til leigu veitingastaður á besta stað í miðborg Reykjavíkur

Veitingastaðurinn stendur við Amtmannsstíg 1 á Bernhöftstorfu ( Humarhúsið )

Húsið er 390 m² að stærð, þar af 75 m² turnhús, möguleiki á góðu útisvæði

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 0900 eða netfanginu **fifasteignir@fifasteignir.is**

FÍ

**FÍ fasteignafélag slhf. – Katrínartúni 2 – 105 Reykjavík**



# DREYMIR ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI?



**NOVUS HABITAT** býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum. Við höfum um áralangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

**GOLFEIGNAKYNNING** í Golfhöllinni á Granda laugardaginn 26. mars frá kl. 12 til 17 þar sem áhersla verður lögð á að sýna eignir frá nokkrum af flottustu golfvöllum Spánar.

## FASTEIGNAKYNNING Á GRAND HÓTEL Á SUNNUDAG

Fasteignakynning Novus Habitat á Grand Hótel sunnudaginn 27. mars frá kl. 12 til 17 þar sem kynntar verða nýbyggingar á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum, þar á meðal glæsilegar eignir í Santa Rosalia hverfinu sem umkringir stærsta manngerða lón Evrópu.

## HEILDARLAUSNIR FYRIR KAUPENDUR




**NOVUS HABITAT**

**FASTEIGNIR**

novushabitat.es




# VÍSINDIN OG VIÐ

## MÁNUDAGA KL. 20.00 OG AFTUR KL. 22.00

Áhugaverð sjónvarpsþáttaröð um heillandi heima vísindastarfsins innan Háskóla Íslands þar sem prófessorar og fjöldi fræðimanna opna dyrnar upp á gátt og segja frá fjölþættum rannsóknum sínum. Þóra Katrín Kristinsdóttir efnafræðingur og Sigmundur Ernir Rúnarsson sjónvarpsmaður eru umsjónarmenn þáttanna.

Fjórði þáttur þáttaraðarinnar Vísindin og við er á dagskrá Hringbrautar á mánudagskvöld en þar verða rannsóknir Ársæls Más Arnarssonar á líðan skólabarna í sviðsljósinu.

Óheyrilega mikil skjánotkun barna er áhyggjuefni margra en eykur líka sjálfstraust þeirra og möguleika í lífinu.

HRINGBRAUT

# Vorútsala í Curvy

## 30% afsláttur

Af völdum vörum

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16





Úlpa
7.693 kr
~~10.990 kr~~



Peysukjóll
6.993 kr
~~9.990 kr~~



Blússa
6.293 kr
~~8.990 kr~~



Golla
6.993 kr
~~9.990 kr~~



Peysa
5.993 kr
~~7.990 kr~~



Sport toppur
4.893 kr
~~6.990 kr~~



Gallaskyrta
6.993 kr
~~9.990 kr~~



Toppur
4.893 kr
~~6.990 kr~~



Úlpa
13.993 kr
~~19.990 kr~~



Leggings
6.293 kr
~~8.990 kr~~



Peysa
6.993 kr
~~9.990 kr~~



Gallabuxur
6.993 kr
~~9.990 kr~~

Curvy Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

# Dýrðlegar blinis með heitreyktri bleikju



Lóan er komin og vor er í lofti og þá er tilefni til að fagna með ljúffengum smáréttum og freyðandi drykkjum. Í tilefni þess að vorið er komið og það styttist í sumarið er upplagt að bjóða upp á blinis með sælkeratvisti sem gleður bæði augu og munn.

sjofn@frettabladid.is j

Hér er á ferðinni uppskrift að blinis með heitreyktri bleikju og eplasalati toppuðu með rifnu, fersku, íslensku wasabi sem fullkomnar daginn. Hægt er að setja það sem hugurinn girnist á blinis, það má til að mynda framreiða blinis með piparrótarsósu, reyktum laxi og toppa með harðsoðnu kornhænueggi eða leika sér með tvisti af geitaosti og kryddjurtum. Leyfa bragðlaukunum og hugmyndafluginu að ráða för og bjóða upp á freyðandi drykki með.

## Blinis með heitreyktri bleikju, eplasalati og toppað með fersku wasabi

- 1-2 heitreykt bleikjuflök (hægt að kaupa í flestum matvöruverslunum)
- Wasabi rót - íslensk (fæst hjá Nordic Wasabi á Skólavörðustíg)
- Blinis
- Eplasalat

### Blinis

- 400 g bókhveiti
- 2 tsk. þurrger
- ½ tsk. salt
- 6 dl volg mjólk
- 4 egg
- 1 dl matarolía

Blandið þurrefnunum saman í skál, hellið svo volgu mjólkinni út í smátt og smátt og hrærið vel í. Bætið nú olíu og eggjum út í og látið skálina standa á hlýjum stað í klst. Bakið örlitlar lummur úr deiginu á meðal hita en notið góða pönnu, þá festast lummurnar síður á. Þegar búið er að kæla þær er upplagt að setja á þær kræsingar sem hugurinn girnist.

### Eplasalat

- 2 epli, skræld og skorin í bita
- 1 fennel, skorið í teninga
- ½ sítróna, safi og börkur
- Örlítið salt
- 100 ml rjómi, léttþeyttur
- 20-30 g rifið wasabi (ferskt)
- 10 g dill (eiga auka til skreytingar ef vill)
- 10 g hunang

Setjið epli og fenniku í skál, bætið smávegis sítrónusafa og salti saman við og látið standa. Saltið lítillega léttþeyttan rjóma og blandið honum saman við eplin og fennelið. Passið að það komi ekki of mikill safi af eplunum. Rétt áður en þetta er sett ofan á bleikjusneiðarnar á blinis-kökunum, bætið þá fínt söxuðu dilli og hunangi saman við. Vert er að geta þess að þetta salat passar með öllum reyktum og söltum mat og hægt er að leika sér með það sem meðlæti.

### Samsetning

Skerið bleikjuflökin í litlar sneiðar sem passa á blinis, mega fara aðeins út fyrir þegar þær eru lagðar þvert yfir á blinis-kökurnar. Raðið blinis-kökunum upp á bökunarpappír eða stóra ofnplötu, setjið eina sneið af heitreyktri bleikju á hverja blinis-köku, setjið síðan smá eplasalat ofan á bleikjusneiðina, rífið loks niður ferska wasabi-rót yfir hverja blinis og skreytið með wasabi-blómum og/eða dilli. ■

Hægt er að raða smáréttum fallega á borð.






Kjúklinganúðlur standa alltaf fyrir sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ofureinfaldar kjúklinganúðlur

oddurfreyr@frettabladid.is

Þessi bragðgóða og einfalda útgáfa af klassískum malasískum rétti birtist á matarvef BBC, Good Food. Það tekur bara um 15-20 mínútur að gera hana til og hún er nóg fyrir fjóra.

- 500 ml af heitu kjúklinga- eða grænmetissoði
- 400 ml af kókosmjólk úr dós
- 1 matskeið af grænu eða rauðu tailensku karrýmauki
- 1 teskeið af möluðu túrmerik
- 3 húð- og beinlausar kjúklingabringur, skornar í sneiðar
- 250 grömm af hrísgrjónanúðlum
- 300 grömm af foreldaðri „stir-fry" grænmetisblöndu sem inniheldur baunaspírur

**Skref 1:** Sjóðið fyrst vatn. Takið svo soðið, kókosmjólkina, karrýmaukið, túrmerik og kjúklinginn og setjið í stóra skál sem þolir örbylgjuofn. Setjið matarfilmu yfir, gatið hana nokkrum sinnum og hitið í örbylgjuofni á mesta hita í fimm mínútur. Takið skálina svo úr ofninum og fjarlægið matarfilmuna, hrærið og eldið í fimm mínútur í viðbót þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.
**Skref 2:** Á meðan skulið þið setja núðlurnar í aðra stóra skál. Hellið svo sjóðandi vatni yfir og látið þær liggja í bleyti í fjórar mínútur og hellið vatninu svo af.
**Skref 3:** Blandið grænmetinu og núðlunum út í skálina með kjúklingnum og notið svo ausu til að setja í djúpar skálar og berið fram með skeiðum og göfflum. ■

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

## Heilsa

### Heilsuvörur




## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Only 1-4 students per course ! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese. Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Víetnama og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personell. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 21/3, 4/4,18/4, 2/5, 16/5, 30/5, 20/6, 4/7, 18/7, 8/8, 15/8, 12/9 : * 4 weeks x 5 workdays or/eða * 10 weeks/vikur x Sat/Sun/ lau/sun. AM & PM/f.h&e.h. Price/ verð: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélög endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is . ff@icetrans. is - facebook.com/icetrans. IceSchool- Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.

## Heimilið

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 109.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is



**SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 219.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**2JA HERB ÍBÚÐ**

Til leigu 2ja hebergja íbúð í Þórðarsveig
Ca 70 fm með stæði í bílakjallara

**Uppl. á antonben@simnet.is og s. 895 9376**

Stúdíóíbúð til leigu í Stórholti. Uppl. 899 3749

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is




Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



# STARFSEMI Á ÁRINU 2021

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

**15,0**
MILLJARÐAR KR.
Í LÍFEYRISGREIÐSLUR

**9,89%**
HREIN
RAUNÁVÖXTUN

**572**
MILLJARÐAR KR.
HREIN EIGN

**20.038**
VIRKIR SJÓÐFÉLAGAR

## HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

### BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

| Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignar | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| | í milljónum kr. | |
| Iðgjöld | 20.048 | 18.709 |
| Lífeyrisgreiðslur | -15.012 | -13.840 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 75.958 | 55.268 |
| Rekstrarkostnaður | -838 | -772 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **80.157** | **59.365** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 491.394 | 432.029 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **571.551** | **491.394** |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

| Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignar | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| | í milljónum kr. | |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 303.550 | 223.249 |
| Skuldabréf | 246.660 | 242.862 |
| Bundnar bankainnstæður | 4.083 | 3.918 |
| Aðrar fjárfestingar | 13 | 13 |
| Kröfur | 2.480 | 2.641 |
| Handbært fé og rekstrarfjármunir | 15.377 | 9.236 |
| Skuldir | -611 | -525 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **571.551** | **491.394** |

### KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Hrein nafnávöxtun | 15,44% | 12,69% |
| Hrein raunávöxtun | 10,11% | 8,89% |
| Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal | 7,38% | 5,01% |
| Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal | 6,33% | 5,53% |
| Rekstrarkostnaður / meðalstaða eigna | 0,15% | 0,16% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 16.192 | 16.014 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 15.885 | 15.300 |
| Fjöldi stöðugilda | 28,6 | 27,8 |
| Tryggingafræðileg staða | -2,50% | -0,41% |

**Stjórn**
Pálmar Óli Magnússon, formaður
Álfheiður Ágústsdóttir
Sigurður R. Ragnarsson
Þóra Eggertsdóttir
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, varaformaður
Hilmar Harðarson
Hrönn Jónsdóttir
Örvar Þór Kristjánsson

**Framkvæmdastjóri**
Ólafur Sigurðsson

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn 19. maí næstkomandi.

## SKIPTING FJÁRFESTINGA SAMTRYGGINGARDEILDAR 2021




Þar af verðbréf og innlán í erlendri mynt 36,8%.

## SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGN

Hrein eign séreignardeildar var 19,6 milljarðar kr. í árslok 2021.




Hrein eign tilgreindrar séreignar var 2,2 milljarðar kr. í árslok 2021.



# Sannfærði fjölskylduna um að flýja til Íslands

María Vygovska starfar sem læknir hér á landi en er frá Úkraínu. Nánasta fjölskylda Maríu flúði stríðið og er komin í öruggt skjól hér nema bróðir hennar sem varð eftir vegna herkvaðningar. Olha Vyhovska, mágkona Maríu, segir tilhugsunina um að eiginmaðurinn verði sendur í herinn átakanlega, börnin þurfi á föður sínum að halda.



Frá vinstri: Oleh, Stefania, María, Alexander Emil, Nina, Olha, Tíma, Olha og Nikita. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Í litlu fallegu einbýli í Laugardalnum hefur María komið sér fyrir ásamt fjölskyldu sinni. Heill krakkaskari tók á móti blaðamanni þegar hann bar að garði. Þetta voru þó ekki allt börn Maríu en sjálf á hún einn son, hinn fimm ára gamla Alexander Emil, hin þrjú börnin koma frá Úkraínu og flúðu innrás Rússa í landið, sem hófst aðfaranótt 24. febrúar síðastliðins, ásamt mæðrum sínum tveimur og dvelja nú með Maríu og fjölskyldu hennar og hafa gert í rúmar þrjár vikur.

Önnur úkraínsku mæðranna er Olha, mágkona Maríu, og börnin hennar tvö, Tíma fjögurra ára og Stefanía tveggja ára. Bróðir Maríu, eiginmaður Olhu og faðir Tíma og Stefaníu, varð eftir í Úkraínu vegna herkvaðningar þar í landi.

„Venjulega erum við þrjú hér í húsinu en núna erum við tíu,“ segir María og bætir við að undir venjulegum kringumstæðum ætti hún erfitt með þetta, nú sé það alls ekki raunin.

„Ég hef grátið alla daga frá upphafi innrásarinnar. Ég eyddi nóttunum í að skoða fréttir og ég talaði við fjölskylduna mína stanslaust og var alltaf hrædd,“ segir María.

Hún segist mun rólegri núna eftir að hafa tekið á móti fjölskyldu sinni til landsins en ásamt mágkonu hennar og börnum dvelja foreldrar hennar hjá henni, vinkona mágkonu hennar og átta ára sonur hennar.

**Utanaðkomandi aðstoð**

María segist byrja alla daga á að skoða nýjustu fregnir frá Úkraínu ásamt því að heyra í vinum og kunningjum sem dvelja enn þar.

„Ég vildi að ég gæti gert eitthvað meira. Ég vildi óska þess að ég gæti bjargað fólki en ég get það ekki,“ segir María og brestur í grát.

„Við getum bara setið hér og talað og vonað að stríðið hafi áhrif á annað fólk og að hjálp berist. Úkraína getur ekki klárað þetta án utanaðkomandi aðstoðar. Rússland er stærsta land veraldar með risastóran her samanborið við her Úkraínu,“ segir María.

Að sögn Maríu hafa Rússar undirbúið innrásina hægt og rólega síðustu ár með ýmsum minni háttar aðgerðum sem þeir þó hafi fríað sig ábyrgð á. „Fólk hélt að þeir myndu ekki gera neitt en síðan ráðast þeir inn. Auðvitað héldu þeir að þetta yrði auðveldara, þeir áttu ekki von á þessu,“ segir María og vísar til hetjulegrar baráttu Úkraínumanna.

„Úkraínumenn eru bara að reyna að lifa af, það vill enginn þetta stríð,“ segir María og bendir á að íbúar Úkraínu séu friðsælir. Hún segist reið vegna stríðsins, „ég kýs að vera reið frekar en hjálparlaus. Hjálparleysi getur eyðilagt manneskjur.“

**Átti soninn á Íslandi**

María er sjálf fædd og uppalin í höfuðborg Úkraínu, Kænugarði, ásamt foreldrum sínum og bróður. Eftir að hafa stundað háskólanám í viðskiptafræði í heimalandi sínu skráði María sig í læknisfræði í Ungverjalandi, þá 25 ára gömul. Hún varð ólétt á lokametrum námsins en ákvað að eiga son sinn á Íslandi þar sem barnsfaðir hennar sem er íslenskur starfaði hér.

María eignaðist soninn fyrir rúmum fimm árum en sneri aftur til Ungverjalands til að klára námið. Ári síðar, fyrir fjórum og hálfu ári, flutti hún til Íslands, kláraði kandídatsárið og hóf sérnám sitt í læknisfræði á Landspítalanum. Fyrst í lyflækningum en síðar í meinafræði og starfar hún sem sérnámslæknir í meinafræði hjá Landspítala í dag.



Helena Rós Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

**Íslenska ekki einföld**

Fyrir flutninginn hafði María vanið komur sínar til Íslands um það bil tvisvar á ári til að læra íslensku. „Íslenska er ekki einfalt tungumál,“ segir hún og bætir við að hún þurfi að nota íslensku í starfi sínu á spítalanum.

Aðspurð segir María Íslendinga hafa tekið sér mjög vel. „Fólk var alltaf að hrósa mér fyrir íslenskukunnáttuna, sem ég trúði ekki. Ég hélt að allir væru að grínast,“ segir hún og skellir upp úr.

„Ég held að það sé gott fyrir Ísland að fá lækna og sérfræðinga frá öðrum löndum,“ segir María og bendir á að mikill skortur hafi verið á þeim hér.

María segir lífið í Úkraínu og á Íslandi afar frábrugðið. „Ég elska Ísland – það tók tíma að venjast veðrinu og hversu dimmt það er á veturna en ég elska það. Það er fullt af góðum hlutum á Íslandi og núna er ég þúsund sinnum þakklátari fyrir að vera hér vegna öryggisins.

Ég held að ég elski vonda veðrið meira stundum, þegar ég vil hafa það huggulegt inni, þá hækka ég bara hitann. Í Úkraínu getur þú ekki valið hitann, þér er gefinn hiti. Það er almennt hitakerfi,“ segir María og bætir við að í lok hausts í Úkraínu sé oft kalt og fólk bíði í örvæntingu eftir að loks sé kveikt á kerfinu.

**Ættingjar og vinir enn úti**

Undanfarnar vikur hafa verið átakanlegar fyrir Maríu og fjölskyldu hennar. Öll nánasta fjölskylda Maríu hefur nú flúið Úkraínu fyrir utan bróður hennar sem varð eftir vegna herkvaðningar. Þá eru margir ættingjar og vinir hennar enn úti.

Að sögn Maríu hefur bróðir hennar ekki enn verið kallaður í herinn. Áhersla hafi verið lögð á fólk með bakgrunn og reynslu af herstörfum og þá sem koma sjálfviljugir. Hann dvelji nú á heimili kunningja nálægt landamærum Póllands og sinni ýmsum sjálfboðaliðastörfum líkt og að reisa spítala á vettvangi átaka ásamt læknum sem hafa komið hvaðanæva til að aðstoða við að meðhöndla særða.

María er í daglegum samskiptum við hann símleiðis. „Af hverju ætti ég ekki að elska Ísland? Daginn eftir innrásina tilkynnti símafyrirtækið að öll símtöl til Úkraínu yrðu ókeypis. Ég hef nýtt mér það – það er miklu betra en að reyna að tala í gegnum netið þar sem tengingin er ekki góð,“ segir María og bætir við að fyrstu daga innrásarinnar hafi hafi hún reynt að vera í samskiptum við fjölskyldu sína í gegnum netið og að tengingin hafi ekki verið góð. Það hafi valdið miklu óöryggi og stressi um að eitthvað hefði komið fyrir þau.

> „Ég kýs að vera reið frekar en hjálparlaus. Hjálparleysi getur eyðilagt manneskjur.
>
> María Vygovska

**Tilfinningaþrungin stund**

Sem fyrr segir tók María á móti Olhu, mágkonu sinni, börnum hennar og vinkonu ásamt syni hennar á Keflavíkurflugvelli fyrir rúmum þremur vikum. Það var tilfinningaþrungin stund þegar þær gengu um hliðið í Keflavík eftir vikulangt ferðalag frá Kænugarði til Íslands og var ljósmyndari Fréttablaðsins viðstaddur.

Þá komu foreldrar Maríu til landsins fyrir tæpum tveimur vikum. Foreldrar Maríu hafa verið duglegir að heimsækja hana hingað til lands undanfarin ár og til stóð að þau kæmu hingað í apríl, á allt öðrum forsendum en nú.

Aðspurð hvort henni þyki líklegt að foreldrar hennar fari aftur út að stríði loknu segir María þau langa heim. „Þau tala um það alla daga og gera ráð fyrir því að stríðið standi stutt yfir.“

María segist hafa þurft að sannfæra þau um að koma til Íslands. Þau hafi ætlað að dvelja áfram úti. Það sama eigi við um mágkonu hennar, Olhu, og vinkonu hennar. Þær þrái að komast aftur heim til eiginmanna sinna og fjölskyldna.

**Sorgin áþreifanleg**

Fjölskylda Olhu dvelur enn í Úkraínu, nálægt Kænugarði. Móðir hennar, systir og þrír bræður, en tveir þeirra hafa nú þegar skráð sig í herinn til næstu þriggja ára, segir María og bendir á að það hafi verið þeirra val en ákvörðunin hafi tekið verulega á Olhu.

Olha kemur til okkar og sest niður með okkur. Sorgin er áþreifanleg og hún er uppgefin.

Aðspurð um ferðalagið segir hún þau hafa vaknað eldsnemma aðfaranótt 24. febrúar vegna sprenginga. Olha segir þau hafa ákveðið að fara frá heimili sínu í Kænugarði samdægurs þegar þau urðu vör við fljúgandi flugskeyti út um gluggann, eftir að hafa komið krökkunum í rúmið til að fá sér lúr um daginn.

Olha segir þau hjónin hafa pakkað í flýti, það hafi tekið í mesta lagi þrjátíu mínútur að klæða alla og koma þeim út. Planið hafi þó aldrei verið að flýja land heldur hafi þau ætlað í sumarhús foreldra Maríu og bróður hennar þar sem þau dvöldu.

**Erfitt ferðalag**

„Við tókum ekkert í rauninni, bara það sem þurfti fyrir sumarhúsið,“ segir Olha og bætir við að þau hafi ekki tekið neina nauðsynlega pappíra með sér líkt og fæðingarvottorð barnanna.

Á leiðinni í sumarhúsið skiptu Olha og eiginmaður hennar um skoðun eftir að hafa séð ástandið. Margir hafi verið á flótta frá Kænugarði og segir Olha ferðalagið út úr Kænugarði hafa verið erfitt, algjört umferðaröngþveiti á vegum og miklar tafir. Víða hafi bílslys orðið og neyðarástand hafi skapast á götunum. Fólk hafi verið hrætt.

Olha og fjölskylda gistu eina nótt í húsi kunningja nálægt Póllandi þar sem eiginmaður hennar hefur dvalið undanfarið. Ferðalagið frá Kænugarði til Póllands tók viku en þau fóru akandi alla leið.

Löng röð beið þeirra við komuna að landamærum Póllands. Olha segir eiginmann sinn hafa náð að troða þeim inn í fyrstu rútuna af tólf sem allar voru fullar af fólki og við tók löng bið.

»

SR30

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA




# GULLÖLD SVEIFLUNNAR

Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynnir:** Sigurður Flosason

- **1. APRÍL**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

**MIÐASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**



María í miðjunni ásamt Olhu mágkonu sinni til vinstri og vinkonu hennar, Olhu, til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Í tólf klukkustundir biðu Olha og vinkona hennar ásamt börnum þeirra þremur með hátt í níutíu manns í rútu sem venjulega rúmar fjörutíu manns. Á meðan stóð eiginmaður Olhu fyrir utan rútuna allt þar til þau fóru af stað.

**Börnin enn hrædd**

Aðspurð segir Olha krakkana ekki enn skilja að pabbi þeirra hafi orðið að verða eftir. „Á hverju kvöldi þegar sú stutta vaknar kallar hún á pabba sinn líkt og venjulega. Sá eldri kíkir út um gluggann og spyr hvenær pabbi hennar komi heim. Þau skilja þetta ekki,“ segir Olha og grætur.

Að sögn Olhu eru börnin enn hrædd, sér í lagi þegar þau verða vör við flugvélar og þyrlur. „Þau sáu þyrlu og sá eldri varð hræddur og spurði hvort þetta væri okkar þyrla eða þeirra.“

Olha segir loftvarnaflautur sífellt í gangi í Kænugarði þar sem fjölskylda hennar dvelur og að byggingar í nágrenni heimilis fjölskyldunnar séu allar orðnar gluggalausar eftir sprengingar. Eyðileggingin sé gríðarleg.

Þá hafi fjölskylda hennar verið án ljóss, hita og vatns í nokkra daga eftir árásir Rússa. Úkraínski herinn hafi þó náð að laga skemmdirnar en aðrar borgir búi ekki jafn vel og hafi verið án alls í fleiri vikur.

**Matur skammtaður**

Aðspurð hvort fjölskylda hennar hafi aðgang að mat segir Olha svo vera. Þau geti keypt mat, nóg til að seðja hungrið en að búðirnar séu hálftómar og langar biðraðir myndist daglega. Fólki sé skammtaður matur til að nóg sé til fyrir alla.

Olha segir fjölskyldu sína ekki hafa neinn stað til að fara á, aðspurð hvort þau hafi íhugað að flýja. Hún hafi beðið þau að koma til Íslands en segir að móðir hennar muni ekki yfirgefa syni sína sem nú eru gengnir í herinn. „Þau vilja ekki vera annars staðar en í Úkraínu. Ég vil hvergi annars staðar vera heldur, mig langar að fara heim,“ segir Olha en bætir við að hún verði hér á meðan stríðið stendur yfir.

Að sögn Olhu er Kænugarður nú undir stöðugum árásum. Hættulegt sé að reyna að flýja þar sem Rússar virðast nú skjóta á allt og alla sem verða á vegi þeirra.

> **Þau sáu þyrlu og sá eldri varð hræddur og spurði hvort þetta væri okkar þyrla eða þeirra.**
>
> Olha Vyhovska

**Á kvíðastillandi lyfjum**

Olha saknar augljóslega eiginmanns síns og fjölskyldu og tekur samtalið gríðarlega á hana. Hún segist vera í daglegum samskiptum við þau en viti þó ekki hvort þau séu örugg miðað við ástandið sem nú ríkir í borginni.

Tilhugsunin um að eiginmaður hennar verði sendur í herinn sé átakanleg, hún segist ekki geta hugsað um það. „Ég vona að hann fari ekki í herinn. Mér finnst nóg að herinn sé nú þegar með tvo úr minni fjölskyldu. Börn þurfa föður sinn.“ Sorgin er yfirþyrmandi.

Olha hefur átt gríðarlega erfitt fyrir og eftir komuna til landsins. Með hjálp kvíðastillandi lyfja hefur hún náð að hvílast aðeins.

**Rútínan mikilvægust**

María segir að þrátt fyrir að fjölskylda hennar vilji ekki hugsa um veruna á Íslandi til langs tíma sé mikilvægt að taka á móti flóttafólki með því hugarfari. Börn þurfi að komast í leikskóla og skóla og mikilvægt sé að þau geti haldið rútínu. Þá eigi alls ekki að hafa þau sér og kenna þeim á eigin tungumáli heldur sé betra fyrir þau að aðlagast strax hér á landi.

„Þau geta auðveldlega pikkað upp, þau eiga ekki að vera einangruð í einhverju samfélagi, þetta er svo lítið land,“ segir María að lokum. ■



María knúsar Olhu innilega við komuna á Keflavíkurflugvöll fyrir rúmum þremur vikum eftir vikulangt ferðalag þeirrar síðarnefndu frá Kænugarði til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Systkinin Tíma og Stefania við komuna til Íslands. Að sögn Olhu eru þau enn hrædd, sér í lagi þegar þau verða vör við flugvélar og þyrlur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Heimsferðir 30 ára 1992-2022

# 30 ára afmælisafsláttur!

## Albufeira Portúgal



Flug & hótel frá **88.850**

Verð frá kr. **120.700**

**Lækkaðu ferðina um 30.000 kr. á mann með kóðanum "30ARA"**

**Sjá dæmi um verð með afslætti hér að neðan.**

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN

Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

Athugið: Afsláttur gildir í allar brottfarir til Albufeira í sumar sem bókaðar eru fyrir 10. apríl eða á meðan sætaframboð endist

### Albufeira ★★★
Clube Albufeira Garden Village



29. maí í 9 nætur

**Frá kr. 88.850** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **120.700** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Albufeira ★★★★
Forte da Oura



7. júní í 7 nætur

**Frá kr. 89.900** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **124.800** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Albufeira ★★★
Apartamentos do Parque



21. júní í 7 nætur

**Frá kr. 99.800** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **118.400** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Albufeira ★★★★
Cerro Mar Atlantico



5. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 104.075** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **139.150** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Albufeira ★★★★
Areias Village Hotel Apartments



19. júlí í 7 nætur

**Frá kr. 105.150** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **145.300** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

### Albufeira ★★★
Mirachoro Albufeira



2. ágúst í 7 nætur

**Frá kr. 112.900** á mann

m.v. 2 fullorðna og 2 börn eða **138.700** m.v. 2 fullorðna

**Innifalið:** Flug, Gisting, Án fæðis

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

Heimsferðir – *fáðu meira út úr fríinu*

Guðmundur Ármann Pétursson og Birna Guðrún Ásbjörnsdóttir, foreldrar Nóa Sæs, tólf ára drengs með Downs heilkennið, segja það gamaldags hugsun að skima fyrir heilkenninu og að það vanti jákvæða umfjöllun fyrir verðandi foreldra til að geta tekið upplýstari ákvörðun.



Nói Sær er hress strákur sem æfir sund og segir skriðsund vera í uppáhaldi. Þá elskar hann að hlusta á sögur á meðan hann er að leika sér og eldar flest kvöld með mömmu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ekki galli heldur breytileiki



Svava Marín Óskarsdóttir
svavamarin
@frettabladid.is

Nói Sær Guðmundsson er tólf ára strákur með Downs-heilkennið. Hann er glaður og hraustur nemandi í sjötta bekk í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Nói æfir sund, þykir gaman að lesa, horfa á Mr. Bean og elda með mömmu sinni. „Hann er algjör mömmustrákur,“ segir Birna og horfir blíðlega á son sinn.

Foreldrar Nóa Sæs, Guðmundur og Birna, vissu ekki að Nói væri með Downs heilkennið fyrr en hann kom í heiminn, enda tóku þau meðvitaða ákvörðun um að fara ekki í sónar.

„Það var meðvituð ákvörðun að fá ekki að vita og takast á við það verkefni sem við fengjum í hendurnar, en við höfðum einhvers staðar grun um að það væri eitthvað,“ segir Birna og bætir Guðmundur við að honum sé minnisstætt samtal sem þau áttu á meðgöngunni.

„Við vorum að labba niður í bæ og það átti sér stað eitthvert samtal um að það væri mjög sérstakur einstaklingur á leiðinni í heiminn,“ upplýsir hann, „svo mætti þessi draumadrengur.“

Að sögn Birnu eru þau hjónin ákveðnir sérvitringar, og segist hún ekki hafa farið í neinar skimanir þegar hún var ófrísk að dóttur þeirra, en Birna og Guðmundur eiga tvö börn saman og Guðmundur eina stúlku úr fyrra sambandi.

Aðspurð segja þau samband sitt hafa orðið enn betra, „við urðum bara eitt,“ eftir tilkomu Nóa.

Birna vitnar í sérvisku sína þegar hún segist alltaf hafa ætlað sér að eiga eitt barn, svo hafi Nói komið undir. „Við höfum sagt, reyndar í gríni, að við hefðum viljað skjóta í annað ef við gætum tryggt að það barn væri einnig með Downs. Eins höfum við íhugað að ættleiða barn erlendis með Downs.“

21. mars var Alþjóðlegi Downsdagurinn, sem er haldinn með því markmiði að auka vitund almennings um heilkennið, og er fólk þá hvatt til að vera í ósamstæðum sokkum.

**Skimun á röngum forsendum**

Birna og Guðmundur eru sammála um að þau séu ekki á móti sónar og skoðunum á meðgöngu, en þykir ótrúlegt að það sé markvisst verið að leita að einni tegund fósturs og eyða því.

„Þetta er gamaldags hugsun, sérlega út frá þeirri mannréttindabaráttu sem er í gangi í samfélaginu í dag,“ segir Guðmundur.

„Foreldrar fara mikið til í skoðanir til þess að heyra að allt sé í lagi, og komast í mikið uppnám ef svo er ekki. Fólk er í raun ekki undir það búið ef það fer ekki eins og það vonar. Þá ertu kominn í erfiða stöðu, en svo eru niðurstöðurnar heldur ekki alltaf réttar. Það þarf að hugsa þetta vel,“ segir Birna.

**Samfélagsgerðin hefur áhrif**

„Samfélagsgerð okkar er orðin þannig að þegar þú færð þetta val eru um níutíu til hundrað prósent líkur á að þú ákveðir að eyða fóstrinu ef líkurnar á Downs heilkenni eru miklar,“ segir Guðmundur og bætir við að það segi í raun ekkert um Downs heilkennið sjálft, heldur meira um samfélagsgerðina og þann fullkomleika sem við viljum að barnið okkar hafi. Það er ekki langt síðan fóstrum með skarð í vör var eytt,“ segir hann.

„Til samanburðar má geta þess að það er sorglega stutt síðan meybörn voru borin út,“ segir Guðmundur og tekur dæmi um samfélagsgerðina í Kína.

„Þar er mikið lagt upp úr því að það fæðist drengir, og reynir fólk frekar að eignast drengi vegna þess að stúlkur eiga ekki jafna möguleika. Segir það eitthvað um stúlkur? Nei. Það segir allt um samfélagsgerðina,“ segir Guðmundur.

Að sögn Guðmundar erum við að lágmarka og í raun tryggja að börn með Downs heilkenni fæðist ekki á Íslandi, en það fara nánast allar konur í fóstureyðingu ef barn greinist með Downs í móðurkviði.

„Þetta er ekki einhver galli heldur erfðafræðilegur breytileiki,“ útskýrir Guðmundur.

„Þetta eru mannkynbætur í ræðu og riti, og þær eru gerðar með markvissum hætti. Ástæðan er sú að þetta er öðruvísi en við erum vön. Miðað við þær miklu framfarir sem orðið hafa í réttindum fólks og fjölbreytileika er bara rangt að það sé hægt að sækja á einn hóp í móðurkviði og tryggja að hann fái aldrei rödd,“ segir Guðmundur ákveðinn.

**Ekki nema von að fólk verði hrætt**

Aðspurð segir Birna að hún skilji að verðandi foreldrar séu hræddir og óöruggir þar sem þær upplýsingar sem þeir fái séu af neikvæðum toga, og leggi að mestu út af því sem mögulega geti farið aflaga.

„Það er sorglegt að hvergi er hægt að finna neitt um alla ánægjuna, alla kostina og allt þetta stórkostlega sem fylgir því að eiga barn með Downs heilkennið. Það er algjör vöntun og það er ekki nema von að fólki verði hrætt og taki þessa ákvörðun,“ segir Birna.

„Ég myndi óska þess að það væri meira um allt það jákvæða til að opna augu fólks, af því það er margt svo stórkostlegt, og trúi ég að margir myndu horfa öðruvísi á hlutina ef fólk kæmist betur að öllu því jákvæða.“

Guðmundur tekur undir orð Birnu. „Ég hef ekki hitt foreldri barns með Downs-heilkenni sem hefði óskað þess að hafa farið í fóstureyðingu né hef ég heyrt að líf þess sé ekki þess virði að hafa lifað og er athyglisvert að það eru foreldrar, systkini og einstaklingar með Downs heilkenni sem eru þeir sem berjast fyrir tilverurétti einstaklinga með Downs, að þau fái að fæðast eins og öll önnur börn.“

> „Miðað við þær miklu framfarir sem orðið hafa í réttindum fólks og fjölbreytileika er bara rangt að það sé hægt að sækja á einn hóp í móðurkviði, og tryggja að þau fái aldrei rödd.

„Það er heilbrigðiskerfið sem stendur fyrir því að heilkennið sé markvisst leitað uppi í móðurkviði, og sama heilbrigðiskerfið veitir verðandi foreldrum upplýsingar til að taka upplýsta ákvörðun sem nánast án undantekningar endar með fóstureyðingu,“ upplýsir Guðmundur.

Samkvæmt Fósturskrá hafa aðeins þrjú börn með Downs heilkennið fæðst á Íslandi á síðustu þremur árum. „Svo ég best veit, voru þessi þrjú börn ekki greind með Downs á meðgöngu.“

**Opin hjartaaðgerð**

Þegar Nói var aðeins tveggja mánaða gamall fór hann í opna hjartaaðgerð í Boston, þar sem hann fæddist með alvöru hjartagalla, eins og Birna orðar það.

„Ég fékk algjört áfall að hann væri með hjartagalla og þar kom skellurinn okkar,“ segir Guðmundur sem segist fyrst hafa farið að njóta tengslanna við son sinn til fulls þegar hann vissi að aðgerðin hafði gengið vel.

**Lífið betra í alla staði**

Aðspurð segir Birna Downs fyrir henni vera forréttindi. „Sem foreldri og ég held sem einstaklingur myndi ég óska þess að ég hefði þessa eiginleika sem sonur minn hefur. Hann er meira og minna glaður, ofboðslega hlýr, góður, mannblendinn og ræðinn, hann er bara sólskin,“ segir Birna og brosir. „Hann er líka hinn argasti fýlupúki, skemmtilega ákveðinn og mikill karakter,“ bætir Guðmundur við og hlær.

Þau segja Nóa vera orðinn flugslæsan: „Það er svo frábært með Downs-börn, að þau eru svo reglusöm og akkúrat. Hann passar alltaf upp á að það sé klárað að lesa eftir kvöldmat sama hvort klukkan er orðin margt, þá er lesið. Hann er sem slíkur sérstakur og gerir allt til að taka þátt en það eru auðvitað hindranir og takmarkanir og hann er lengur að læra hluti.

Hann er að breytast í unglinga núna þó svo að hann sé á ákveðinn hátt barn. Hann er samt mikið að tala um kærustu og kærustupör og er greinilega að velta fyrir sér sömu hlutum og jafnaldrar hans, þrátt fyrir að við sjáum að bilið við hin börnin sé að aukast núna,“ segir Birna.

Guðmundur og Birna segja framtíð sonarins afar bjarta, en þeirra helsta áhyggjuefni er að hann verði kominn í skjól öryggis þegar þau falla frá. „Við treystum á systur hans tvær, sem eru eldri en hann.“

„Við viljum fyrst og fremst tryggja það að hann fái tækifæri til að gera það sem hann langar í lífinu. Hann á fullan möguleika á að búa einn seinna meir með stuðningi og fyndist mér mjög gott að hann gæti búið í nálægð við okkur,“ segir Birna og brosir við tilhugsunina.

„Ég sé fyrir mér að hann gæti átt lítið hús eða íbúð hérna á Eyrarbakka, en það á að vera hans ákvörðun, ekki okkar.“ ■



Nói Sær Guðmundsson ásamt foreldrum sínum, Birnu Guðrúnu Ásbjörnsdóttur og Guðmundi Ármanni Péturssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Downs-börnum fækkar**

Samkvæmt upplýsingum úr Fósturskrá fæddust með Downs heilkenni:

- Árið 2021 – 1 barn
- Árið 2020 – 1 barn
- Árið 2019 – 1 barn
- Árið 2018 – 5 börn
- Árið 2017 – 3 börn




# VEIÐIN

## LAUGARDAGA KL. 19.30
## OG AFTUR KL. 21.30

Veiðimaðurinn Gunnar Bender býður landsmönnum í veiðiferð á Hringbraut. Stórskemmtilegir og fræðandi þættir þar sem Gunnar fær til sín góða gesti og slær á laufléttа strengi við árbakkann. Eini veiðiþátturinn í íslensku sjónvarpi í dag.

HRINGBRAUT

**Safa Jemai er hugbúnaðarverkfræðingur frá Túnis sem lætur verkin sannarlega tala en meðfram framkvæmdastjórastöðu í hugbúnaðargeiranum hefur hún stofnað fyrirtækið Mabruka í kringum heimagerð krydd frá heimalandi sínu.**



Safa er fædd í Túnis sem er nyrsta landið í Afríku og hefur allt frá barnsaldri verið metnaðarfullur námsmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Verkefnið sprottið af ást



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Safa Jemai vissi það strax í barnæsku að hún vildi fara óhefðbundnar leiðir í lífinu. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún afrekað ótrúlega margt og er hvergi nærri hætt. Safa er fædd í Túnis, nyrsta landi Afríku. Hún hefur allt frá barnsaldri verið metnaðarfullur námsmaður, haft gaman af náminu og sett sér markmið um góðan námsárangur. Sama má segja um önnur markmið sem hún setur sér, hún lætur verkin tala.

Safa er menntuð sem hugbúnaðarverkfræðingur og starfar sem framkvæmdastjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Vikonnekt sem tók meðal annars þátt í Gullegginu með Treatably-appinu, sem er hugsað fyrir einstaklinga sem glíma við króníska skjaldkirtilssjúkdóma. Safa er á 28. aldursári, búsett á Íslandi og á íslenskan kærasta. Nýjasta verkefnið sem Safa hefur tekið sér fyrir hendur er að stofna eigið fyrirtæki, Mabruka, sem flytur inn heimagerð krydd frá Túnis og hafa þau slegið í gegn.

„Ég lærði hugbúnaðarverkfræði í háskólanum í Túnis sem var bæði erfitt og krefjandi,“ segir Safa sem á einn bróður og tvær systur í Túnis og hefur alltaf verið mjög náin bróður sínum. „Síðan ég var barn langaði mig til að gera eitthvað öðruvísi, að búa til eitthvað sérstakt, því að mig langaði að gera foreldra mína stolta af mér. Ég hef líka verið heppin með fjölskylduna sem hefur stutt við bakið á mér, líka þegar ég ákvað að flytja að heiman.“

**Vann fyrst í gróðurhúsi**

*Safa er dolfallin yfir fegurð Íslands og hefur eignast marga góða vini á þeim tíma sem hún hefur búið hér. En hvers vegna lá leið hennar til Íslands?*

„Ég var 22 ára gömul þegar ég sá myndir af Íslandi í fyrsta sinn á fésbókarsíðu. Ég var alveg heilluð af þessu fallega og einstaka landi. Á þessum tíma var námið erfitt og ég var orðin þreytt á því. Mig langaði að gera eitthvað annað en að sitja allan daginn við tölvu að forrita. Ég sá að Aiesec var að auglýsa eftir fólki í sjálfboðaliðastarf sem vildi koma til Íslands og vinna í gróðurhúsi. Ég sótti um, fékk starfið og kom fyrst til Íslands í júní árið 2017 og var í Hveragerði í þrjá mánuði þar sem ég vann sem „Camp leader“ við að aðstoða sjálfboðaliða og vinna í gróðurhúsi.

Þetta var ein af bestu ákvörðunum sem ég hef tekið í lífinu. Þetta var gullið tækifæri til að læra um annan menningarheim og öðruvísi bakgrunn fólks. Ég fór heim til Túnis eftir þessa dvöl og það var erfitt að kveðja vini mína sem ég kynntist hér á Íslandi á þessum tíma. Mig langaði að kynnast landinu betur. Eftir að hafa hugsað mig vel um ákvað ég að tala við mömmu og sagði: Mig langar að fara aftur til Íslands og prófa eitthvað nýtt. Ég sótti um nám á Íslandi og kom aftur í ágúst 2018. Nýtt ævintýri hófst.“

**Besta leiðin til að læra íslensku**

„Mér var tjáð að ég þyrfti fyrst að læra íslenskuna áður en ég héldi áfram að læra hugbúnaðarverkfræði, sem ég gerði. Ég vissi ekkert hvað beið mín, fyrir mér var þetta spennandi, ég var 23 ára og tilbúin í allt. Ég átti mér eitt markmið sem var að skilja vel íslenska menningu og eignast fleiri vini. Ég vissi að ef ég vildi ná þessu markmiði þyrfti ég fyrst að læra tungumálið og það hef ég gert en fyrir talaði ég arabísku, frönsku, ensku og smá þýsku.“

Safa tók eitt ár í íslenskunámi í HÍ en þar lærði hún málfræði og beygingu orða. „Þetta var besta leiðin til að læra íslenskuna almennilega. Árið 2019 starfaði ég jafnframt við liðveislu og aðstoðaði fatlaðan einstakling og náði mjög góðum tökum á íslenskunni enda samskiptin náin. Eftir átta mánuði var ég orðin mjög fær í íslenskunni.“

**Heimagerð krydd frá Túnis**

„Þegar ég flutti til Íslands tók ég góðan tíma til að upplifa íslenska menningu. Það liðu tvö ár áður en ég heimsótti fjölskyldu mína til Túnis og það var magnað. Þegar þú býrð í 20 ár á sama stað hættirðu stundum að sjá hlutina í kringum þig. Mamma eins og flestar mömmur elskar að elda góðan mat fyrir börnin sín. Í þessari heimsókn fann ég hvað maturinn hennar var bragðgóður, hún malaði ferskan chilli og setti það út í kúskús, fékk hvítlauk frá nágranna sem ræktar hvítlauk heima hjá sér og notaði. Mömmu finnst mikilvægt að fá ávallt bestu hráefnin og búa til sín eigin krydd.

Ég var úti í tíu daga og kom til baka til Íslands með margar tegundir af kryddi sem mamma gaf mér. Ég byrjaði strax að prófa kryddin með íslensku hráefni, eins og bleikju, þorski, kjöti og íslensku grænmeti. Útkoman var frábær og ég fór að deila kryddinu með kærastanum mínum og vinkonum. Allir voru alsælir að fá að prófa ný og spennandi brögð. Við kölluðum þetta „Game changer“.

Í framhaldi langaði mig að leyfa fleirum að smakka kryddið að heiman, sannfærð um að ef Íslendingar fengju að smakka kryddin frá Túnis myndu þeir finna ný brögð og nýja matarupplifun. Eftir að hafa ígrundað þetta mjög vel ákvað ég að hefja innflutning á kryddum frá Túnis. Þráinn Freyr Sigfússon, eigandi Óx og Sumac, hvatti mig líka áfram þegar ég nefndi þetta við hann og var strax spenntur fyrir vörunni. Í framhaldi hóf ég að skoða að stofna fyrirtæki sem er risavaxið verkefni. Ég var heppin að fá bróður minn til að aðstoða mig og leita ráðgjafar, hjálp hans hefur verið ómetanleg. Þetta verkefni er sprottið af ást beint frá hjartanu.“




Nýjasta verkefnið sem Safa hefur tekið sér fyrir hendur er að stofna eigið fyrirtæki, Mabruka, sem flytur inn heimagerð krydd frá Túnis.



Mamma Söfu, Mabruka, hefur tekið fullan þátt í þessu með henni ásamt bróður hennar Yosri. MYND/AÐSEND

> ” Hún kaupir stóran poka af hvítlauk frá bónda, tekur hýðið af og malar hann með mortéli, svo þurrkar hún hvítlaukinn í sólinni og malar hann svo aftur.

> ” Mig langaði að gera eitthvað annað en að sitja allan daginn við tölvu að forrita.

**Mabruka eftir móður Söfu**

Móðir Söfu gerir kryddin frá grunni og aldagamlar hefðir eru í forgrunni. „Hún vill alltaf gera hluti eins og í gamla daga og vill ekki breyta neinu. Til dæmis kaupir hún stóran poka af hvítlauk frá bónda, tekur hýðið af og malar hann með mortéli, svo þurrkar hún hvítlaukinn í sólinni og malar hann svo aftur. Allt sem hún gerir er gert með höndunum.“

Safa segir það ekki hafa verið auðvelt að finna nafn á fyrirtækið. „Þetta var ekki einfalt verkefni. Fólk í kringum mig sagði að það væri best að nefna það eftir mömmu, hún heitir Mabrúka (Mabrouka á arabísku). Mér fannst það skrítið vegna þess að nafnið hennar mömmu er of persónulegt og ég prófaði margt annað, en það var ekkert sem passaði vel nema Mabrúka svo það var niðurstaðan að lokum og ég er alsæl.“

Safa lagði mikla áherslu á að hafa umbúðirnar umhverfisvænar. „Við erum mjög lánsöm með hönnuðinn okkar, Hönnu, sem er virkilega hugmyndarík og frábær samstarfsaðili. Saman tókst okkur að hanna flott vörumerki og lógó. Eitt af erfiðustu verkefnunum var að finna umhverfisvænar og flottar umbúðir. Flestir eru að nota plast eða gler. Okkur langaði ekki að nota plast og eftir langa leit og vangaveltur kom hugmyndin um að nota viðarstauka. Við fundum aðila sem er að framleiða viðarstauka úr ólífutrjám. Hugmyndin var að við myndum nota viðarstauka og áfyllingu í pappírspokum. Viðskiptavinir kaupa því bara einu sinni viðarstauk eftir tegund og svo áfyllingu í pappírspoka. Þetta er umhverfisvæn og sjálfbær aðferð.“ ■


Hjálpaðu barni
Of mörg börn eru yfirgefin, án kærleiks og umönnunar.
Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku.
Vertu SOS-foreldri og fylgstu með uppvexti barnsins.
Skráðu þig á sos.is
SOS BARNAÞORPIN



Kári Stefánsson, stjórnarformaður Velferðarsjóðs barna: „Við látum börn borga fyrir skólamáltíðir sem út af fyrir sig er vitleysa. En hvernig heldurðu að þeim börnum líði sem hafa ekki efni á að greiða fyrir þessa mikilvægustu máltíð dagsins?" spyr Kári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fátækt barna okkar er svívirða

**Samfélagið útskúfar enn þá fátækum börnum, að mati stjórnarformanns Velferðarsjóðs barna sem spyr áleitinna spurninga í dag á málþingi um barnafátækt.**

ser@frettabladid.is

Málþing Velferðarsjóðs barna um barnafátækt fer fram í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu í Reykjavík í dag og hefst klukkan 13.00. Yfirskrift þess er sú ágenga spurning hvort við höfum efni á barnafátækt.

Svar Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar og stjórnarformanns Velferðarsjóðs barna, við þeirri spurningu er afdráttarlaust, en hann segir það vera svívirðu hvernig Íslendingar komi fram við þau börn og ungmenni samfélagsins sem hafi minnst á milli handanna. Þau séu beinlínis niðurlægð og útskúfuð – og það sé pínlegt hvernig skólayfirvöld og önnur embætti landsins hagi sér gagnvart þessum hópi fólks. „Við erum að eyðileggja börn, við látum það viðgangast, það er raunasaga okkar," segir Kári.

**Velferð barna styrkt**

Málþingið er haldið í minningu eiginkonu Kára, Valgerðar Ólafsdóttur sem féll frá fyrir aldur fram í nóvember á síðasta ári, en velferð barna var henni einkar hugleikin. Valgerður vann að undirbúningi þingsins á sínum tíma, en fresta varð því vegna samkomutakmarkana.

Kári segir að kona sín heitin hafi verið honum hvatning í þessum efnum, en Íslensk erfðagreining hafi fyrir vikið lagt sitt af mörkum til að styrkja velferð barna um allt land og megi þar nefna Mentorverkefnin í skólum landsins og eins megi nefna Rjóðrið, en fyrirtæki hans hafi hlúð að því góða hjúkrunar-, hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn og langveik fötluð börn.

Kári segir þessi málefni brenna á eigin skinni. „Við látum börn borga fyrir skólamáltíðir sem út af fyrir sig er vitleysa. En hvernig heldur fólk að þeim börnum líði sem hafa ekki efni á að greiða fyrir þessa mikilvægustu máltíð dagsins og þurfa að leita ásjár skólayfirvalda í þeirri von að fá máltíðina ókeypis? Og þurfa svo að útskýra það fyrir jafnöldrum sínum að svo þröngt sé í búi heima fyrir að það verði að þiggja ókeypis máltíð af skólanum. Hvernig halda menn að þessu barni líði?" spyr Kári Stefánsson.

**Ögrandi spurningar**

Og spurningar málþingsins í dag eru raunar margar ásæknar og ögrandi, jafnvel óþægilegar, en þar verður meðal annars spurt af hverju börn eru rukkuð fyrir leikskóla, tónlistarnám, tannréttingar og frístundir. Og eins verður spurt hvað það myndi kosta að losa öll börn undan fjárhagsáhyggjum.

„Við verðum að svara þessum spurningum," segir Kári og ekki síst núna í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. „Við verðum að fá heiðarlegt svar við því af hverju fátækir foreldrar sem eru varla búnir að koma sér þaki yfir höfuðið þurfa að greiða tugþúsundir á mánuði fyrir fyrsta skólastigið í landinu. Hverjum datt það eiginlega til hugar að rukka fólk fyrir leikskóla, einmitt á þeim árum þegar foreldrar hafa minnst á milli handanna?" spyr Kári enn fremur.

**Mælikvarðar ójöfnuðar**

Á málþinginu verður rætt hvaða leiðir eru færar til að bregðast við ójöfnuði meðal íslenskra barna og skapa umhverfi þar sem börn geta notið sín óháð efnahag. Þar verður viðruð skýrsla hagfræðinganna Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur og Gylfa Zoëga þar sem þau kynna til sögunnar Gíni-stuðul barna, en þetta mun verða í fyrsta sinn þar sem þessum mælikvörðum ójöfnuðar er varpað eingöngu á börn.

Málþingið endar á pallborði undir stjórn Kára þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, ræða hvort það sé raunverulegur vilji til þess að öll börn fái jöfn tækifæri í lífinu, hvaða leiðir séu færar í þeim efnum og hvað þær megi kosta.

**Tækifæri til að jafna aðstöðu**

Kári segir að eitt ríkasta samfélag heims eigi að skammast sín í þessum efnum. „Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna verðum við að huga að því sem þjóð hvernig við getum bætt leikskóla okkar og grunnskóla þar sem við höfum hvað besta tækifærið til að jafna aðstöðu barna okkar. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir misskiptingu á þessum skólastigum, ella bregðumst við börnum sem fyrir vikið eiga ekki fyrir höndum þá björtu framtíð sem þau eiga skilið," segir Kári Stefánsson, stjórnarformaður Velferðarsjóðs barna. ■

**„ Hverjum datt það eiginlega til hugar að rukka fólk fyrir leikskóla, einmitt á þeim árum þegar foreldrar hafa minnst á milli handanna.**

## Í minningu Valgerðar

Málþingið í dag er haldið í minningu Valgerðar Ólafsdóttur, eiginkonu Kára sem féll frá seint á síðasta ári, sjötug að aldri, en velferð barna var henni einkar hugleikin. Hún stofnaði Velferðarsjóð barna árið 2000 og var framkvæmdastjóri hans, en allt stofnframlag sjóðsins, rúmur hálfur milljarður króna, kom frá Íslenskri erfðagreiningu. Markmið sjóðsins er að hlúa að velferð barna á Íslandi, meðal annars með fjárframlögum til heilbrigðis, velferðar- og menntamála. Valgerður var menntaður þroskasálfræðingur.



---



✝

Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför elsku frænda okkar,

**Jóhannesar Helgasonar**
Brenniborg, Skagafirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Sauðárkróki, fyrir alúð og einstaka umönnun. Og einnig fólkinu í sveitinni sem jafnt að nóttu sem degi reyndist Jóa einstaklega vel alla tíð.

**María Bergþórsdóttir**
**Helgi Bergþórsson**
**Kristín Bergþórsdóttir**
**Ingibjörg Halldóra Bergþórsdóttir**
**Guðmundur Örvar Bergþórsson**
**Rúnar Þór Bergþórsson**
**Haukur Þór Adólfsson**
**Guðrún Ingibjörg Adólfsdóttir**
**Helga Adólfsdóttir**
**Sigurlaug Anna Adólfsdóttir**
**og fjölskyldur okkar.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is ◆ Auðbrekku 1, Kópavogi
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson S: 896 8242
Jóhanna Eiríksdóttir
Jón G. Bjarnason S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is ◆ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Nærgætni, hlýja og virðing · Við andlát ástvinar



ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Útfararþjónusta í yfir 70 ár



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Helgadóttir**

rithöfundur og alþingismaður,
Túngötu 43, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 23. mars.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Hörður Hauksson** **María Guðfinnsdóttir**
**Þorvaldur Sverrisson** **Aðalheiður Ámundadóttir**
**Helga Sverrisdóttir** **Bjarni Ármannsson**
**Halla Sverrisdóttir** **Egill Axelsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Faðir minn, tengdafaðir,
afi okkar og bróðir,

**Sigurður Jósef Björnsson**

frá Hólum í Hjaltadal,

er látinn.

**Ari Björn Sigurðsson** **Rebekka Stefánsdóttir**
**Ynja Mist Aradóttir, Óðinn Arason, Urður Aradóttir**
**Ragnar Björnsson, Björn Friðrik Björnsson,**
**Gunnhildur Björnsdóttir**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hildigunnur Hjálmarsdóttir**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund laugardaginn 19. mars. Útför
Hildigunnar fer fram frá Dómkirkjunni í
Reykjavík miðvikudaginn 30. mars kl. 15.
Innilegar þakkir til starfsfólks Grundar fyrir
einstaka umönnun og hlýju.

**Uggi Agnarsson** **Margrét Guðnadóttir**
**Úlfur Agnarsson** **Ásta Gunnlaug Briem**
**Sveinn Agnarsson** **Gunnhildur Björnsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Aðalheiður Elsa Helgadóttir**

frá Borgarfirði eystra,
áður til heimilis að Kleppsvegi 46,

lést á Hrafnistu í Laugarási 11. febrúar.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Baldur Birgisson** **Lovísa Jónsdóttir**
**Sigrún Linda Birgisdóttir** **Birgir Björgvinsson**
**Grétar Sigmarsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Magnús Ólafsson**

Norðurvör 2, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð,
þriðjudaginn 22. mars.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju,
miðvikudaginn 30. mars klukkan 13.

**Garðar Ólafsson** **Lilja Garðarsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson** **Guri Grønbech Fredriksen**
**Arnar Ólafsson** **Eyrún Björk Eyjólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elsku eiginmaður minn, sonur, faðir,
stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Guðjón Baldursson**

lést í faðmi fjölskyldunnar þann
21. mars sl. í íbúð Krabbameins-
félagsins í Reykjavík. Útförin fer fram frá
Lindakirkju miðvikudaginn 30. mars kl. 13.00.
Athöfninni verður einnig streymt á vef Lindakirkju,
www.lindakirkja.is/utfarir

**Guðrún Jónsdóttir**
**Hertha Sylvía Andersen**
**Erla Sylvía Guðjónsdóttir** **Karl Viggó Vigfússon**
**Elva Guðrún Guðjónsdóttir** **Magnús Heiðar Magnússon**
**Ágústa Guðjónsdóttir** **Atli Guðnason**
**Ásdís Guðjónsdóttir** **Einar Ólafur Vilmundarson**
**Björn Logi Guðgeirsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Kjartan Blöndahl Magnússon**

lést þann 22. mars.
Útför fer fram föstudaginn 1. apríl
í Grafarvogskirkju kl. 13.

**Sigrún Erla Þorsteinsdóttir**
**Magnús Blöndahl Kjartansson** **Sunna Ósk Kristinsdóttir**
**Fanney Blöndahl Kjartansdóttir** **Gunnlaugur Magnússon**
**Íris Blöndahl Kjartansdóttir** **Arnar Freyr Magnússon**
**og börn.**

---



✝

Elskulegur föðurbróðir okkar,

**Snæbjörn Gíslason**

frá Litla-Lambhaga,
Skilmannahreppi,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða þriðjudaginn 22. mars.
Útför hans fer fram frá Akraneskirkju
föstudaginn 1. apríl kl. 13.

**Hrefna Sigurðardóttir**
**Ármann Sigurðsson**
**Sigurjón Sigurðsson**
**Þóra Gísladóttir**
**Gísli Gíslason**
**Björgvin Ómar Gíslason**

---



✝

Ástkær systir, móðir, tengdamóðir,
mágkona og amma,

**Gunnlaug Sverrisdóttir**

læknaritari,
áður Dalalandi 12, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu Sléttuvegi í Reykja-
vík, fimmtudaginn 10. mars. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 29. mars kl. 13.00.
Nálgast má streymi frá jarðarförinni á eftirfarandi slóð:
https://www.youtube.com/watch?v=DWYYCC12o1o

**Guðlaug Sverrisdóttir** **Magnús Einarsson**
**Gústaf Sigurðsson** **Candra Farida Simanjuntak**
**Sverrir Sigurðsson** **Auður Daníelsdóttir**
**Gunnar Már Sigurðsson**
**Árni Sigurðsson** **Elín Kristín Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Kristinn Páll Einarsson**

Tjarnartúni 7, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri
þriðjudaginn 22. mars.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 1. apríl klukkan 13.00.
Þökkum starfsfólki Sjúkrahússins á Akureyri innilega
fyrir kærleiksríka umönnun og stuðning. Blóm og kransar
vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans
er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

**Sóley Guðmundsdóttir**
**Halldór Sveinn Kristinsson** **Guðrún Karítas Bjarnadóttir**
**Kristinn Freyr Kristinsson**
**Sigríður Ósk Kristinsdóttir** **Björgvin N. Ásgeirsson**
**Davíð Már Kristinsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Egill Guðmundsson**

frá Ólafsvík,

lést á dvalarheimilinu Jaðri miðviku-
daginn 23. mars. Útförin fer fram frá
Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 1. apríl kl. 13.
Athöfninni verður streymt á kirkjanokkar.is

**Jónas Egilsson**
**Elísabet Eygló Egilsdóttir**
**Sveinn Egilsson** **Margrét Bjartmarsdóttir**
**Elín Þuríður Egilsdóttir** **Guðjón Kristinn Kristgeirsson**
**Guðmundur Gísli Egilsson** **Guðlaug Jóhanna Steinsdóttir**
**Sigurður Egilsson** **Herdís Þórðardóttir**
**Guðbjörg Egilsdóttir** **Guðbrandur Björgvinsson**
**Gústaf Geir Egilsson** **Vaida Visockaite**
**Hólmar Egilsson** **Halldóra Einarsdóttir**
**Sigurlaug Egilsdóttir** **Ingólfur Gauti Ingvarsson**
**Agla Egilsdóttir** **Arnljótur Arnarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Steinunn Jóna Bárðardóttir**

húsmóðir,
Sléttuvegi 17, Reykjavík,

lést á Landspítala Fossvogi þriðju-
daginn 15. mars. Útför hennar fer fram
frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 30. mars klukkan 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Bárður Marteinn Níelsson**
**Karen Níelsdóttir**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
vegna andláts ástkærs eiginmanns,
föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðjóns Weihe**

Dverghamri 17,
Vestmannaeyjum.

**Erla Hrönn Snorradóttir**
**Jóhanna Guðný Guðjónsdóttir** **Stefán Einarsson**
**Hrafnhildur Bára Guðjónsdóttir** **Björn Svavar Axelsson**
**Haukur Örvar Weihe Guðjónsson** **Caryn Leigh Wilson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Við þökkum auðsýnda samúð og
hlýhug vegna andláts okkar ástkæru
eiginkonu, móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Jónu Fríðu Leifsdóttur**

Nönnö

**Birgir Guðmannsson**
**Guðmann Bragi Birgisson** **Anna Lilja Magnúsdóttir**
**Árný Björk Birgisdóttir**
**Ásta Katrín, Tyrfingur, Fjóla Ósk, Sigurrós Arey, Birgir Óli,**
**Lára Hlín, Ýmir og Ylfur**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Magnúsdóttir**

lést 7. mars.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

**Magnús Guðfinnsson** **Inga Dóra Halldórsdóttir**
**Sigurður Jón Guðfinnsson** **Halla Elísabet Guðmundsd.**
**Guðni Guðfinnsson** **Sondy Haldursd. Johansen**
**Jens Guðfinnsson** **Erla Rúna Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Örn Pétursson**

Strandgötu 43, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 20. mars á
hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík.
Starfsfólki Markar þökkum við fyrir góða
og hlýja umönnun. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 31. mars kl. 15.00.
Allir velkomnir.

**Inger Steinsson**
**Helgi Ólafsson** **Lisandra Leon**
**Inger Rós Ólafsdóttir** **Baldvin Þ. Baldvinsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, sonur, stjúpsonur og bróðir,

**dr. Arnar Már Búason**

nýdoktor við hagfræðideild HÍ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild
Landspítala í Kópavogi miðvikudaginn
16. mars. Útförin fer fram frá Laugarnes-
kirkju þriðjudaginn 29. mars klukkan 13.00.

**Camila Pía Canales O.**
**Viktor Örn Arnarsson**
**Búi Kristjánsson** **Sif Sigfúsdóttir**
**Haukur Þór Búason**
**Birgir Hrafn Búason**
**Kristín Mjöll Bjarnad. Johnsen**
**Telma Sif Búadóttir**
**Hildur Björk Búadóttir**
**og fjölskyldur okkar.**

## Merkisatburðir

**1876** Lúðurþeytarafélag Reykjavíkur stofnað. Það er talin vera fyrsta hljómsveit á Íslandi.
**1920** Varðskipið Þór kom til Vestmannaeyja, en hann er fyrsta björgunar- og varðskip Íslendinga.
**1947** Knattspyrnusamband Íslands er stofnað.
**1995** Schengensáttmálinn gengur í gildi.
**1997** Lík 39 meðlima í nýtrúarhreyfingarinnar Heaven's Gate finnast í Kaliforníu.
**2000** Vladimír Pútín kosinn forseti Rússlands.
**2002** Íslenska kvikmyndin Reykjavík Guesthouse er frumsýnd.
**2003** Félag lesblindra á Íslandi stofnað.
**2017** Yfir 700 eru handteknir í víðtækum mótmælum gegn stjórn Pútíns í Rússlandi.
**2018** Yfir 100 rússneskir ríkiserindrekar í 20 löndum eru reknir vegna eitrunar Sergej og Juliu Skripal.



Faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Arthur Sveinsson**
frá Norðfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund,
2. mars sl. Útförin hefur farið fram.
Þökkum auðsýnda samúð.

**Rúnar Ármann Arthúrsson**
**Brynja Arthúrsdóttir**
**Rut Arthúrsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósamunda Kristjánsdóttir**
Rósa
Roðasölum 4, Kópavogi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, laugardaginn 19. mars.
Útför verður frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 31. mars klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, kt. 590406-0740, reikn. 0130-26-410420.

**Stefán Arndal**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Pétur Júlíus Halldórsson**
**Auður S. Arndal** **Vignir Örn Guðnason**
**Elísabet S. Arndal** **Hafþór Þórarinsson**
**Hlíf S. Arndal** **Jón Sigurðsson**
**Sigrún G. Arndal** **Sveinn Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Valdemar Hansen**
læknir,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold
14. mars sl. Útför hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Ísafoldar fyrir einstaka umönnun og kærleika í hans langvarandi veikindum.
Þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins, www.hringurinn.is

**Erna Andrésdóttir Hansen**
**Hlíf Hansen** **Ásbjörn Björnsson**
**Thelma Hansen**
**Arna Hansen** **Guðjón Norðfjörð**
**Drífa Hansen** **Konráð Sigurðsson**
**barnabörn og langafabarn.**



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi Björnsson**
Hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða, Akranesi,
áður til heimilis að Jaðarsbraut 33,
Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, þriðjudaginn 22. mars. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 5. apríl kl. 13.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða fyrir hlýja og góða umönnun.
Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is

**Helga Bjarnadóttir**
**Bryndís Tryggvadóttir** **Áki Jónsson**
**Guðbjörn Tryggvason** **Þóra Sigurðardóttir**
**Tryggvi Grétar Tryggvason** **Þórey Þórarinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**




Sunnlenska hljómsveitin RetRoBot fóru með sigur úr býtum í keppninni árið 2012. MYND/ ÁRNÝ FJÓLA ÁSMUNDSDÓTTIR

# Fertugar Músíktilraunir

Músíktilraunir hófu göngu sína árið 1982 og fagna því fertugsafmæli í ár. Keppnin í ár hefst í dag með sannkölluðu Pálínuboði tónlistar í Hörpu.

benediktboas@frettabladid.is

Músíktilraunir fagna nú fjörutíu ára stórafmæli. Keppnin hófst árið 1982 og er ein elsta tónlistarhátíð og keppni landsins. Þessi rótgróna tónlistarhátíð er vel þekkt af fagfólki innan tónlistariðnaðarins, sérstaklega þar sem margt af því fagfólki hefur sjálft tekið þátt í keppninni á einhverjum tímapunkti. Um 1.670 hljómsveitir hafa tekið þátt í Músíktilraunum síðustu fjörutíu ár eða um 8.350 manns.

Hátíðin er stökkpallur fyrir ungt tónlistarfólk þar sem það fær tækifæri til að spila við góðar aðstæður, kynnast öðru tónlistarfólki og freista þess að vinna til veglegra verðlauna sem geta hjálpað því í sinni tónlistarvegferð.

Hátíðin hefst í dag og er fyrir alla, konur, hán og kalla, krakka með hár og kalla með skalla. Undankvöld Músíktilrauna verða haldin í Norðurljósasal Hörpu alla helgina og hefjast hálf átta.

Litríkt úrslitakvöld verður síðan á sama stað 2. apríl, kl. 17.00. Það má með sanni segja að um Pálínuboð tónlistar sé að ræða þar sem alls konar tónar munu óma áhorfendum til skemmtunar.

Um 10-12 hljómsveitir komast í úrslit og hljóta efstu þrjár sveitirnar glæsileg verðlaun. Efnilegustu hljóðfæraleikararnir eru einnig valdir af dómnefnd en áhorfendur velja vinsælustu hljómsveitina með símakosningu. Undanfarin ár hefur úrslitakvöldinu verið útvarpað um land allt af Rás 2.

Músíktilraunirnar veita frábært tækifæri til þess að fylgjast með grasrótinni í íslensku tónlistarlífi og hafa hljómsveitir á borð við Of Monsters and Men, Samaris, Vök, Mínus og Mammút borið sigur úr býtum. Miðaverð á hvert undankvöld er 1.500 krónur. ■



Of Monsters and Men unnu Músíktilraunir árið 2010, skömmu áður en sveitin vann sér inn til heimsfrægðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> „1.670 hljómsveitir hafa tekið þátt í Músíktilraunum síðustu fjörtíu ár, eða um 8.350 manns.




Ungir meðlimir Bróður Svartúlfs 2009.

**Þetta gerðist:** 26. mars 1973

## TF-VOR ferst með sex um borð

Flugvélin TF-VOR hrapaði yfir Búrfjöllum þennan dag árið 1973. Sex létust, þar á meðal Björn Pálsson flugmaður. Umfangsmikil leit var gerð að vélinni, en að morgni 27. mars 1973 lögðu tólf flugvélar af stað frá Reykjavík til leitar og tvær þyrlur frá Keflavíkurflugvelli.

TF-VOR fannst í Búrfjöllum, norðan Langjökuls. Hún var í heilu lagi en mikið skemmd. Ljóst var að mennirnir sex hefðu látist samstundis og var ástæða óhappsins rakin til mikillar og skyndilegrar ísingar sem leiddi til þess að hreyflarnir misstu afl.

Björn Pálsson fæddist 10. janúar árið 1908 og var frumkvöðull í sjúkraflugi á Íslandi. Honum var lýst sem brautryðjanda og varð hann landsþekktur fyrir sjúkraflug sitt, oft við hrikaleg skilyrði. Árið 1960 hóf Björn sjúkraflug með TF-VOR, sem var tveggja hreyfla Beech Twin-Bonanza-flugvél. Um mikla byltingu var að ræða í íslensku sjúkraflugi. Þegar Björn lést þann 26. mars árið 1973 hafði hann flutt 3.400 sjúka og slasaða. ■



Frá slysstað í Búrfjöllum, norðan Langjökuls. Allir sex farþegarnir um borð létust.

# Ennþá meira úrval af listavörum








AMSTERDAM dream × create | van Gogh | REMBRANDT The Professional Choice | Liquitex | Conté à Paris | LEFRANC BOURGEOIS PARIS

**Listverslun.is**

## Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur















# Verkfæralagerinn

**Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is**

**Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16**

## Krossgáta



Lausnarorð síðustu viku var

**SKURÐLÆKNINGAR**



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Leit ég þar afar mikinn berserk Báru (9)
**8** Minni hús og bollar? (6)
**11** Rennum fram með Gretti og Gísla (7)
**12** Þau létu einfaldlega glepjast af gulli (9)
**13** Æða á næsta kjána sem þekkir þau Dísu og Legolas (6)
**14** Tek hring um vel ort og samþykkt ljóð (7)
**15** Malað bygg var mesta flan/maísinn og hveitið líka (9)
**16** Hver segir að þessi maður setji fram þessa kröfu? (6)
**17** Á fyrsta degi bylgjar allt en byrjendur kvarta ekki (7)
**18** Sérðu kinnung hvítan í bjarma hliðarljóma? (9)
**20** Hér skynjum við mar hryggja og sársauka! (7)
**23** Sögur af lambám og lömbum sem við venjum undan þeim (8)
**26** Mikil er flónska óbreyttra en bílífra sveina (9)
**30** Fljót kjaftar frá kvenheiti kersins (7)
**31** Svar? Svar? Nei fjandakornið! (6)
**33** Þetta er ekki óbrenglað hlutskipti vel skóaðra manna (7)
**34** Keldulöng að kálfum nær mín kápa (7)
**35** Af fávísu fólki sem aldrei var skipað í flokk (8)
**36** Það er helst utan við höfðingjana sem lausnin liggur (7)
**37** Pési gaf út fjölda verka sem eitt (7)
**41** Sú rauðhærða smurði sprett (7)
**44** Hingað og ekki lengra, því þetta er þinn síðasti áfangi (8)
**48** Burt með fallin fól, kostnaðurinn er ærinn án þeirra (7)
**49** Blað fyrir Óðinn og eikur í blóma (7)
**50** Vilja að breið blási og geri sig breið, enda skipta þau máli (8)
**51** Finnst að hræ eigi að vera svipað kívíi ef þessi heldur því á lofti (7)
**52** Ljómandi lifa við átökin (7)
**53** Við munum komast yfir föt hinna föllnu (8)
**54** Mesta mildi að skelin ver þann sem skýlt hefur verið (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Útilega? Hvers lags árangur er það? (11)
**2** Ýti sínkuðum vegvísum úr vegi (9)
**3** Kvart króksins minnir mig á ískyggilegan fuglasönginn (9)
**4** Vatnahestur í leit að blómum, aðallega vatnaliljum (10)
**5** Veiði roðagægi utan ránar en innan minnar leiðar (8)
**6** Einföld stjarnan er eins og íhaldssöm sóleyjarfrænkan (8)
**7** Hér sérðu munn másandi konu sem vegið var að með hnífi (9)
**8** Hann hrakyrðir hrakyrði mín (9)
**9** Gleypti í mig alkana og græðgisspírurnar miklu (9)
**10** Illa skrýtnir eru vökvar vitleysingja (9)
**19** Er einhver tími eftir haf, spyr Mundi (8)
**21** Utan við hret og vallarmörk er varp í góðu lagi (7)
**22** Set dísakór hins gríska stíls út af laginu (7)
**24** Jú, öskuill en skynjar alltaf öryggi við loforð mitt (7)
**25** Framvinda sláttar breytir röð tiltekinna hlaupa (7)
**27** Hef fína en nafnlausa menn sem fela það sem ég hef upp úr þessu (7)
**28** Tafs Arnar geri þetta minna sleipt (7)
**29** Skilmist drengir, en ofmetnist ekki, hvernig sem fer (7)
**32** Ég mála þessa gaura, því það er töff (10)
**38** Grimm, eitruð og sérlega hættuleg! (7)
**39** Ferðalag kolefnisagna espar afar ill (7)
**40** Ég var sóttur til að fela þýfið (7)
**42** Þessi bátur er frændi Málfríðar og mömmu hennar (6)
**43** Hveitilengjan ruglar lúðann (6)
**45** Hin skælda þrjóska (6)
**46** Orð um höggbraut kemur frá hjartanu (6)
**47** Einhvern veginn nöldur um teningu tímans (6)

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist örnefni og sveitarfélag (12)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 31. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. mars “.

**VEGLEG VERÐLAUN**




Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Merking eftir Fríðu Ísberg** frá Forlaginu. Vinningshafar síðustu viku voru **Saga og Birta Björgvinsdættur, Reykjavík.**

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli





Eucerin®
NÆSTA KYNSLÓÐ
HYALURON-
FILLER
3x EFFECT
1 FYLLIR
2 ÖRVAR
3 VER
NÝTT
99%* STAÐFESTA:
MINNI HRUKKUR
Eucerin
HYALURON-FILLER
+ 3x EFFECT
* Vörupróf með 120 konum í janúar 2021, niðurstöður eftir 4 vikna notkun.

# Laugardagur

## Hringbraut

**18.30 Vísindin og við (e)** er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknastarf innan Háskóla Íslands.
**19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
**19.30 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
**20.00 Bíóbærinn (e)** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
**20.30 Vísindin og við (e)**
**21.00 Undir yfirborðið (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**10.50 Hvað getum við gert?** Ískonan
**11.00 Meistaradeildin í hestaíþróttum** Bein útsending frá skeiðmóti.
**13.00 Vikan með Gísla Marteini**
**13.50 Kastljós**
**14.05 Verksummerki** Steinunn Sigurðardóttir.
**15.00 Sætt og gott**
**15.30 Kiljan**
**16.10 Í saumana á Shakespeare - Vetrarævintýri - Simon Russell Beale**
**17.05 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Allt um dýrin**
**18.25 SOS**
**18.37 Lúkas í mörgum myndum**
**18.45 Bækur og staðir** Reykjavík
**18.52 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Bandaríska söngvakeppnin (1 af 8) American Song Contest**
**21.15 Spiderwick-sögurnar The Spiderwick Chronicles** Ævintýramynd um þrjú systkini sem flytja á niðurnýtt óðal ásamt móður sinni. Systkinin komast fljótlega að því að húsið býr yfir ýmsum leyndardómum.
**22.50 Fun Mom Diner. Mömmufrí**
**00.10 Poirot. Agatha Christie's Poirot**
**01.00 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 Dr. Phil**
**13.00 Dr. Phil**
**13.45 A Hologram for the King**
**16.15 Spin City**
**16.40 The King of Queens**
**17.00 Everybody Loves Raymond**
**17.25 About a Boy** Skemmtileg kvikmynd frá 2002 með Hugh Grant í aðalhlutverki.
**19.05 mixed-ish**
**19.30 Venjulegt fólk** eru grínþættir með dramatísku ívafi.
**20.00 Það er komin Helgi** Helgi Björns ásamt Reiðmönnum vindanna bauð landsmönnum upp á kvöldvöku heima í stofu.
**20.50 Win a Date with Tad Hamilton!** Rosalee Futch vinnur í matvöruverslun í strjálbýlinu í West Virginia og dreymir um það að dag einn muni hún hitta átrúnaðargoðið sitt, Tad Hamilton. Hún fær drauminn uppfylltan þegar hún vinnur stefnumót með Tad, besta vini hennar og samstarfsfélaga Pete til talsverðrar gremju.
**22.25 Like a Boss** Þær Mel og Mia eru bestu vinkonur sem hafa gengið saman í gegnum súrt og sætt og reka sína eigin verslun með förðunarvörur.
**23.45 My Sister's Keeper**
**01.30 The Godfather. Part II**
**04.50 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Baenaefni**
**11.50 Impractical Jokers**
**12.10 The Goldbergs**
**12.30 Bold and the Beautiful**
**14.00 Bold and the Beautiful**
**14.20 Bob's Burgers**
**14.45 Hvar er best að búa?**
**15.25 First Dates Hotel**
**16.15 Fyrsta blikið**
**16.55 Kviss**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**19.00 The Masked Singer**
**20.10 Garfield**
**21.30 He Got Game**
**23.45 Jexi** Gamanmynd frá 2019 um það hvað getur gerst þegar þú elskar símann þinn meira en allt annað í lífinu.
**01.05 John Wick. Chapter 3 - Parabellum**
**03.15 The Goldbergs**
**03.35 Bob's Burgers**
**04.00 First Dates Hotel**

# Sunnudagur

## Hringbraut

**18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Mannamál (e)**
**21.00 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

## RÚV Sjónvarp

**07.15 KrakkaRÚV**
**09.56 Eldhugar - Agnodice - kvensjúkdómalæknir**
**10.00 Reikningur**
**10.15 Ferðastiklur** Austfirðir
**11.00 Silfrið**
**12.10 Okkar á milli** Sóley Tómasdóttir.
**12.40 Matur með Kiru**
**13.10 Húsið okkar á Sikiley**
**13.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Kári Helgason
**14.05 Árstíðirnar fjórar**
**15.35 Endurfundir í náttúrunni**
**16.20 Það kom söngfugl að sunnan** Seinni hluti.
**17.30 Íþróttagreinin mín - Tvíenda skíði**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Menningarvikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Landinn**
**20.15 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku** (2 af 5).
**21.10 Eldflaugasumar. Summer of Rockets**
**22.05 Gómorra. Gomorrah** Önnur þáttaröð þessara ítölsku spennuþátta um umsvif Camorra-mafíunnar í Napólí. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Maðurinn sem drap Don Kíkóta. The Man Who Killed Don Quixote**
**01.10 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**11.30 Dr. Phil**
**12.15 Dr. Phil**
**13.00 Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
**16.15 Spin City**
**16.40 The King of Queens**
**17.00 Everybody Loves Raymond**
**17.25 Heil og sæl?**
**17.55 MakeUp**
**18.25 Morð í norðri**
**19.10 The Block**
**20.30 Venjulegt fólk**
**21.05 Law and Order. Special Victims Unit**
**21.55 Billions**
**22.55 Godfather of Harlem**
**23.55 Berlin Station**
**00.50 FBI. International**
**01.40 Blue Bloods**
**02.25 Mayans M.C.**
**03.25 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Barnaefni**
**11.55 Simpson-fjölskyldan**
**12.15 Nágrannar**
**13.40 Nágrannar**
**14.05 Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir Kópasker, í síðari þætti af tveimur um Öxarfjörð.
**14.40 DNA Family Secrets**
**15.40 The Masked Singer**
**16.50 Famili Law**
**17.35 60 Minutes**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hvar er best að búa?** Lóa Pind heimsækir listræna íslenska fjölskyldu sem býr skammt frá Páfagarði í Róm.
**19.50 Shetland**
**20.50 Leonardo**
**21.45 Coroner**
**22.30 Dröm**
**23.00 Rauði dregillinn** Bein útsending frá forsmekknum af Óskarsverðlaunahátíðinni 2022 þar sem fylgst verður grannt með helstu stjörnum kvikmyndaheimsins renna í hlað Dolby-leikhússins og ganga rauða dregilinn í sínu fínasta pússi.
**00.00 Óskarsverðlaunahátíðin 2022** Bein útsending frá Óskarsverðlaunahátíðinni 2022 þar sem helstu stjörnur í Hollywood verða viðstaddar.
**03.40 30 Rock**
**04.00 The Righteous Gemstones**
**04.40 Schitt's Creek**
**05.00 The Goldbergs**
**05.25 Dagskrárlok**

# Mánudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Draugasögur** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan .
**19.30 Undir Yfirborðið** Í sjónvarpsþættinum Draugasögum kynnumst við lífinu að handan.
**20.00 Vísindin og við** Vísindin og við er ný þáttaröð um fjölþætt fræða- og rannsóknarstarf innan Háskóla Íslands.
**20.30 Fréttavaktin (e)**
**21.00 Draugasögur (e)**



Helgi og Reiðmenn vindanna kveðja.

## Kveðjupartí Helga

Það er komið að kveðjupartíi Helga Björnssonar og hrynþéttrar sveitar hans, Reiðmanna vindanna, sem telja í síðustu sjónvarpslögin í kvöld í sjónvarpi Símans, en Helgi og meðreiðarsveinar hans eru á meðal helstu bjargvætta þjóðarinnar á tímum pestarinnar sem ætlaði aldrei að taka enda, hafi hún þá á annað borð gert það.

Lífsgleði og smitandi kærleikur Helga og félaga hefur verið áberandi í þessum tónlistarþáttum sem hafa verið sendir út í öruggri myndstjórn Þórs Freyssonar gítarleikara Baraflokksins og sjónvarpsframleiðanda til áratuga, en leitun er að betri stjórnanda á bak við vélarnar í tónlistarþáttum af þessu tagi.

Þættirnir hans Helga Björns hafa verið sannkallað vítamín að vetri og hafa öðru fremur sýnt og sannað hvað landsmenn eiga ríkulega breidd af íslenskum dægurlögum, fyrir nú utan það að vera vettvangur fyrir leiklistarhæfileika Hallgríms Ólafssonar. ■




# Gamli maðurinn og dýrin

## ■ Við tækið

Kannski er það skrifað sakir persónulegra hagsmuna að gamlir sjónvarpsmenn gera besta efnið, en alltént svíkur reynslan ekki – og þroskinn, þessi jafnlynda ró sem fólgin er í andliti manns sem veit hvað hann er að segja.

David Attenborough er fæddur upp úr fyrra heimsstríði og fagnar 96 ára afmæli innan skamms, en ellikerling hefur ekki haft nema svo sem eins og tiltölulega mikinn áhuga á honum.

Unun er að horfa á hvern dýralífsþáttinn af öðrum sem hann færir landsmönnum í sjónvarpi hins opinbera – og enda þótt bakvarðasveit Davids eigi sennilega mestan heiður fyrir kvikmyndatökuna og þolinmæðina að baki hennar – skapar sá gamli glampann á skjánum.



David Attenborough er heimildamyndamógúll af dýrari gerðinni.

**»** David Attenborough fagnar 96 ára afmæli innan skamms.

Hann er andi þáttanna og yfirbragð.

Eigi það að heita svo að ríkissjónvörp séu réttlætanleg eiga þau einmitt að sinna sjónvarpsþáttagerð af taginu að tarna þar sem þolinmótt fjármagn ýtir undir afbragðsefni sem á hvergi betur heima en einmitt í sjónvarpi. ■



ÞAÐ MÁ EKKERT KLIKKA Í ÞESSUM TÚR!
NÝJAR HENDUR EHF/MARKELL PRODUCTIONS KYNNA Í SAMVINNU VIÐ SÝN/STÖÐ2 OG MYNDFORM
Allra SÍÐASTA VEIÐIFERÐIN
KOMIN Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ
MYNDFORM



Breytingar á nýjum BMW iX1 eru ekki miklar frá X1 ef grillið er undanskilið. MYND/BMW

## BMW með mynd af væntanlegum iX1

njall@frettabladid.is

BMW hefur látið frá sér mynd sem sýnir hluta útlits nýs rafbíls af minni gerðinni en hann mun kallast iX1. Áætlað er að bíllinn fari í sölu undir lok næsta árs en hann verður frumsýndur í lok þessa árs ásamt bensínknúinni útgáfu.

Myndin sýnir að bíllinn er hefðbundinn í útliti með breytingum á grilli sem er kantaðra og minna en áður. Engar tækniupplýsingar um bílinn hafa verið gefnar út en búast má við að hann verði byggður á endurhannaðri útgáfu UKL-undirvagnsins sem er undir X1-bílnum í dag fyrir bensínútgáfuna.

Rafútgáfan mun fá næstu kynslóð undirvagns og rafmótora sem gefur möguleika á allt að 282 hestafla rafmótor. ■

» **Nýr BMW X1 verður byggður á endurhannaðri útgáfu UKL-undirvagnsins sem er undir núverandi kynslóð en rafútgáfan fær nýjan undirvagn.**



Sportleg Abarth útgáfa byggir á grunni Fiat 500 rafbílsins. MYND/ABARTH

## Abarth 500 rafbíllinn á leiðinni

njall@frettabladid.is

Abarth-merkið er á leiðinni að fara að frumsýna fyrsta bíl merkisins sem byggður er á rafútgáfu Fiat 500 bílsins.

Bíllinn á að hafa meira afl og aksturseiginleika og vera með sportlegra útliti þegar hann kemur á markað í byrjun næsta árs.

Öflugasta útgáfa Fiat 500 er með 42 kWst rafhlöðu og 116 hestafla rafmótor svo það er pláss fyrir meira afl. Hann þarf þó að keppa við bíla eins og Alpine R5 sem byggir á Renault 5 sem er með 215 hestafla mótor.

Fiat 500 er með 320 km drægi en ólíklegt er að Abarth 500 bæti nokkru við það. ■

» **Fyrsti bíll Abarth sem nýtt merki verður rafúgáfa byggð á Fiat 500 bílnum.**

## BMW yfirtekur Alpine-fyrirtækið

njall@frettabladid.is

BMW hefur tekið yfir Alpine breytingafyrirtækið, en Alpine hefur meðal annars breytt BMW-bílum í hartnær 60 ár. Fyrstu BMW-bílarnir með Alpine-hlutum komu fram á sjónarsviðið árið 1964.

Réttur BMW á merkinu gefur BMW leyfi að nota nafnið á BMW-bíla og þess er eflaust ekki langt að bíða að við sjáum Alpine-útgáfur í sýningasölum.

Þegar er samningur í gangi á milli fyrirtækjanna sem rennur út árið 2025, en þangað til mun Alpine starfa sjálfstætt.

Um 300 manns vinna hjá Alpine og breytti fyrirtækið um 2.000 bílum fyrir fyrir viðskiptavini sína. ■

» **Alpine hefur breytt BMW bílum í næstum 60 ár og byggt stóran hluta framleiðslu sinnar á þeim.**



Von er á nýrri kynslóð Honda HR-V á næsta ári hérna í Evrópu en styttra er í að bíllinn komi á markað í Bandaríkunum. MYND/HONDA

# Tveir nýir jepplingar koma frá Honda á næsta ári

Honda hefur kynnt til sögunnar tvo nýja jepplinga sem væntanlegir eru á markað á næsta ári.

njall@frettabladid.is

Honda e:Ny1 er frumgerð rafdrifins jepplings sem mun verða miðpunktur framleiðslu þeirra á komandi árum. Stærðarflokkur bílsins er sá sami og fyrir Opel Mokka eða Hyundai Kona Electric. Bíllinn verður annar bíll Honda sem er 100% rafdrifinn fyrir Evrópumarkað, en fyrir er Honda e smábíllinn. Botnplata nýja jepplingsins verður byggð á stækkaðri útgáfu botnplötu Honda e en með stærri rafhlöðu og meira drægi.

Honda hefur kynninguna með því að senda frá sér myndir af frumgerð hans sem sýna að um Evrópuútfærslu e:NP1 jepplingsins sé að ræða sem er fyrir Kínamarkað. Sá bíll er með framdrifi og 68,8 kWst rafhlöðu og drægi allt að 500 km. Hvort að hann fái sömu innréttingu með 15 tommu miðjuskjá er ekki vitað enda engar myndir birtar af innréttingu bílsins. Bíllinn byggir mikið á útliti hans sem og núverandi kynslóðar HR-V en nýrrar kynslóðar hans er að vænta á næstunni. Sá bíll mun stækka nokkuð og keppa nú við bíla eins og Nissan Qashqai og Kia Sportage. Nýr HR-V verður þó aðeins seldur sem tvinnbíll enda telur Honda að slíkir bílar eigi enn þá töluvert inni. Ef hann fær sömu tvinnútfærslu og nýr Honda Civic verður hann með tveggja lítra vél sem skilar 181 hestafli og 315 Nm togi. ■



Honda e:Ny1 verður annar rafbíll Honda fyrir Evrópumarkað þegar hann kemur á næsta ári. MYND/HONDA

# Renault lokar verksmiðju í Moskvu og endurskoðar Autovaz-samstarf

njall@frettabladid.is

Vegna stríðsins í Úkraínu hefur Renault þurft að stöðva aftur framleiðslu í verksmiðju sinni í Moskvu, sem framleiðir um 20% af bílum Renault árlega. Eru það bílar eins og Renault Captur og Arkana, sem og Dacia Duster, Logan og Sandero. Renault hafði lokað verksmiðju sinni þegar stríðið hófst, en svo opnað hana aftur. Var Renault gagrýnt harðlega fyrir að halda framleiðslu áfram, meðal annars af forseta Úkraínu, Volodímír Selenskíj. Renault er að 15% í eigu frönsku ríkisstjórnarinnar og því þótti það alvarlegt í ljósi þess að einkarekin merki eins og Volkswagen, BMW og Mercedes-Benz höfðu stöðvað framleiðslu sína.

Renault bílaframleiðandinn á einnig 67% hlut í rússneska bílaframleiðandanum Autovaz sem framleiðir Lada og hefur um 45.000 manns í vinnu. Autovaz framleiðir Lada Niva ásamt fimm öðrum gerðum og rekur tvær stórar verksmiðjur. Renault hefur fjárfest mikið í innviðum þeirra og gert framleiðslu þeirra nýtískulegri. Renault hefur stefnt að því að nota íhluti frá Renault svipað og hjá Dacia og því hafa þessar væringar haft mikil áhrif á framleiðsluna og sett framtíð hennar í uppnám. ■





Renault-bílarisinn gæti þurft að taka afdrifaríkar ákvarðanir vegna framleiðlu í Rússlandi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


KRÓNAN
Pssst ...
Einn smellur
og maturinn
lifnar við!
Þú finnur
Snjallverslun
Krónunnar í
App store
Play store
kronan.is
– með Snjallverslun
Krónunnar!
Kíktu á www.kronan.is

”

**Bókin er mjög aðgengileg og varpar ljósi á sögu og tíðaranda íslenskrar listpólitíkur.**



Guðbjörg Lind Jónsdóttir er formaður Félags íslenskra myndlistarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

# Bók sem er hin stóra sýning

**Að finna listinni samastað – Þættir úr sögu Félags íslenskra myndlistarmanna, er ný bók eftir Kristínu G. Guðnadóttur. Bókin er gefin út af FÍM í tilefni 80 ára afmælis félagsins.**

kolbrunb@frettabladid.is

Guðbjörg Lind Jónsdóttir er formaður Félags íslenskra myndlistarmanna. „Það er þó nokkuð síðan stjórnin fékk umboð félagsmanna til að láta skrá sögu félagsins og var þá ákveðið að miða útgáfuna við áttræðisafmæli félagsins sem var í fyrra, en við höldum upp á það núna með afmælis- og útgáfuhófi á Kjarvalsstöðum 1. apríl næstkomandi,“ segir hún.

Guðbjörg segir að nafn Kristínar G. Guðnadóttur listfræðings hafi fljótlega komið til tals varðandi skráningu sögu FÍM. „Hún á að baki langan og glæstan rannsóknaferil á íslenskri myndlist og hefur skrifað margar bækur. Bókin er mjög aðgengileg og varpar ljósi á sögu og tíðaranda íslenskrar listpólitíkur og um leið samfélagsins þessi 80 ár sem sagan spannar. Jafnframt getur bókin nýst til heimildavinnu og kennslu til dæmis í íslenskri listasögu en hún er líka mjög fallega hönnuð og gaman að fletta henni.“

**Fjölbreytt efni**

Í bókinni er varpað ljósi á stöðu myndlistar hérlendis allt frá aðdraganda og stofnun FÍM. Saga félagsins er rakin og sagt frá byggingu Listamannaskálans, og afskiptum stjórnvalda af vali listamanna á Rómarsýninguna árið 1955. Hlutur FÍM í byggingu Kjarvalsstaða er rakinn sem og listrænn ágreiningur borgarráðs og félagsins. Stofnun Sambands íslenskra myndlistarmanna eru gerð góð skil. Í bókinni er lögð áhersla á að gera þátt kvenna í FÍM sýnilegan og má þar nefna birtingu viðtals við Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá. Sagt er frá sýningum á vegum félagsins meðal annars á Listahátíð í Reykjavík og haustsýningum þess. Efni bókarinnar er fjölbreytt og hún er sneisafull af myndum.





Bókin er bæði fróðleg og skemmtileg.

**Fróðleg og skemmtileg**

Félag íslenskra myndlistarmanna var stofnað árið 1941. „Eftir stofnun félagsins, sem hafði áður starfað sem deild innan Bandalags íslenskra listamanna, fóru hlutirnir fyrst að gerast. Með byggingu Listamannaskálans höfðu myndlistarmenn sjálfir tekið frumkvæðið í því mikilvæga verkefni að skapa viðunandi rými fyrir listsýningar í Reykjavík,“ segir Guðbörg. „Félagið sá um undirbúning og val á listamönnum á sýningar erlendis og hélt einnig uppi reglulegu sýningahaldi félagsmanna lengi vel. En haustsýningar FÍM áttu æ erfiðara uppdráttar og lögðust loks af með þeirri síðustu árið 1989. Stór hluti sýningastarfs félagsins fólst í að setja upp vandaðar sýningar á verkum einstakra listamanna sem unnið höfðu staðfastlega að listsköpun sinni en söfnin ekki haft bolmagn eða áhuga á að sinna.

Árið 2000 hélt félagið sýninguna List í orkustöðvum þar sem list var unnin inn í hrátt umhverfi orkustöðva og ári seinna var sýningin Í skugga trjánna haldin í Hallormsstaðaskógi þar sem félagsmenn spreyttu sig á að vinna verk inni í skóginn. FÍM er enn starfandi en sýningahaldið hefur legið í dvala síðustu árin. Nú er þessi bók komin út og hún er okkar stóra sýning. Ég veit að mörgum mun þykja hún fróðleg og skemmtileg,“ segir Guðbjörg að lokum. ■





## Olga á toppnum

kolbrunb@frettabladid.is

Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu eftir Nóbelsverðlaunahafann Olgu Tokarczuk er í fyrsta sæti á metsölulista Eymundsson. Páll Valsson útgáfustjóri Bjarts, sem gefur bókina út, segist halda að þetta sé í fyrsta sinn sem Nóbelsverðlaunahöfundur sjái bók sína verma efsta sæti á metsölulista á Íslandi. Hann hefur þegar sent fréttirnar til rithöfundarins og umboðsmanns hennar.

Aðalpersóna skáldsögunnar er hin magnaða Janina sem er mikill dýravinur og áhugamanneskja um stjörnuspeki. Einn daginn finnst nágranni hennar látinn og hinum látnu fjölgar síðan. Þetta er djúp, meinfyndin og frábærlega vel skrifuð saga, full af vangaveltum um samband manna og dýra og stöðu mannsins í veröldinni. ■



Olga Tokarczuk slær í gegn. MYND/WIKIPEDIA

# Melissa Dream

## – töflur sem fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur




Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (Lemon balm) jurtin, Melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þetta vísindalega samsetta náttúrulega bætiefni er hannað til að stuðla að góðum nætursvefni og vakna endurnærð(ur) án þess að innihalda efni sem hafa sljóvgandi áhrif.

Sítrónumelis (Lemon balm) taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B vítamíni, sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið magn af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur úr þreytu og lúa.




**Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.**

# Geimferð til Mars

kolbrunb@frettabladid.is

Destination Mars er einkasýning Söru Riel í Ásmundarsal og er sett upp sem geimferð til Mars. Listamaðurinn beitir fjölbreyttri tækni til að fjalla um grundvallarspurningar svo sem uppruna, tilgang, siðferði og örlög. Sýningin er í öllu húsinu og samanstendur af málverkum, teikningum, grafík, ljósmyndum, lágmyndum, innsetningu og veggverkum.

Sara Riel (f. 1980) nam höggmyndalist við Kunsthochschule Weissensee Berlin, og útskrifaðist með meistaragráðu og sem heiðursnemandi DAAD 2005 og meistaranemi (post-grad) árið 2006. Sara hefur frá námsárunum tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi götulistamanna í Evrópu og víðar. Hún hefur sýnt verk sín í flestum höfuðsöfnum Íslands og tekið þátt í fjölmörgum sýningum hérlendis og erlendis og verið heiðruð af virtum menningarstofnunum. Verk eftir hana eru í eigu bæði stofnana og einkasafnara. ■



Sara beitir fjölbreyttri tækni í list sinni. MYND/AÐSEND







Kópavogsbær

AUGLÝST EFTIR BÆJARLISTAMANNI KÓPAVOGS 2022

Lista- og menningarráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum eða ábendingum um bæjarlistamann Kópavogs.

Þeir listamenn koma einir til greina sem eiga lögheimili í Kópavogi.

HÆGT ER AÐ SENDA INN UMSÓKN EÐA ÁBENDINGU FYRIR 16. APRÍL Á NETFANGIÐ MENNING@KOPAVOGUR.IS.

Bæjarlistamaður Kópavogs skal vera tilbúinn til að vinna með Kópavogsbæ að því að efla áhuga á list og listsköpun í bænum og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi. Styrkupphæð bæjarlistamanns er 1,5 milljónir króna.

Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og ábendingar. Í þeim skulu koma fram upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um með hvaða móti bæjarlistamaður hyggst auðga lista- og menningarlíf bæjarbúa.

MEKó
MENNING Í KÓPAVOGI
Lista- og menningarráð Kópavogs

MEKO.IS




Hér mætast gamlir og nýir tímar og fjöldinn allur af ævintýralegum persónum og furðuverum. MYND/AÐSEND

# Stuð í stuðlaberginu

LEIKHÚS

## Umskiptingur

**Sigrún Eldjárn**
**Þjóðleikhúsið**
**Leikstjóri:** Sara Martí Guðmundsdóttir
**Leikarar:** Arnaldur Halldórsson, Katla Líf Drífu-Louisdóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Auðunn Sölvi Hugason, Hjalti Rúnar Jónsson, Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir og Andri Páll Guðmundsson
**Leikmynd, búningar og brúður:** Snorri Freyr Hilmarsson
**Tónlist og tónlistarstjórn:** Ragnhildur Gísladóttir
**Söngtextar:** Sigrún Eldjárn, Sara Martí Guðmundsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir
**Hljóðhönnun:** Kristján Sigmundur Einarsson og Ragnhildur Gísladóttir
**Lýsing:** Jóhann Friðrik Ágústsson
**Sviðshreyfingar:** Rebecca Hidalgo

Sigríður Jónsdóttir

Tröllskessan Viktoría Sigríður er í leit að fegurðinni. Hún finnur hana óvænt í ungri stelpu steinsofandi í stuðlaberginu. Bella mannabarn er þannig numin á brott eftir að hafa orðið viðskila við Sævar bróður sinn í berjamó og Steini tröllastrákur er skilinn eftir af móður sinni í hennar stað. Umskiptingur er nýtt íslenskt barnaleikrit eftir Sigrúnu Eldjárn, einn af bestu barnabókahöfundum Íslands, og var frumsýnt á Litla sviði Þjóðleikhússins um síðastliðna helgi. Leikritið var valið úr 150 leikritum sem bárust þegar Þjóðleikhúsið kallaði eftir leikritum og hugmyndum að leikritum fyrir börn.

Hér mætast gamlir og nýir tímar og fjöldinn allur af ævintýralegum persónum og furðuverum: álfar, tröll, mannfólk og ofurhetjur. Í fyrstu sat ofurhetjuviðbótin svolítið illa í sýningunni en svo kom í ljós að hún smellpassar inn í söguheiminn. Ofurmenni eru nefnilega þjóðsagnapersónur 21. aldarinnar. Leiðir þessara mismunandi hópa mætast og allar persónurnar, óháð uppruna, eru tilbúnar að leggja hönd á plóg til að ná markmiðum sínum. Ja, fyrir utan kannski eina ónefnda tröllskessu.

### Kostuleg tröllskessa

Leikhópurinn er að mestu samansettur af ungu fólki sem stendur sig afskaplega vel, allt með tölu. En fyrst þurfum við að aðeins að ræða um fullorðna fólkið sem er hársbreidd frá því að stela sýningunni. Arndís Hrönn Egilsdóttir smjattar á hlutverkum sínum með bestu lyst og er algjörlega kostuleg í hlutverki tröllskessunnar Viktoríu Sigríðar, svo ekki sé nú minnst á gelgjulegu pylsugerðarkonuna. Hér er hún á heimavelli og virkilega gaman að sjá hana á þessum vettvangi. Á síðastliðnum árum hefur Hjalti Rúnar Jónsson verið að safna í reynslubankann og uppsker ríkulega hér. Alger unun er að sjá hann nýta hvert einasta tækifæri til að kæta og skemmta leikhúsgestum. Í hans höndum verður Ofur-pabbi bæði hlýr og aulalegur en aðallega bráðfyndinn.

> Leikhópurinn blómstrar í fallegri og bráðskemmtilegri sýningu um ólíklega vináttu.

En þá að unga fólkinu. Mannabörnin tvö, Sævar og Bellu, leika þau Arnaldur Haraldsson og Katla Líf Drífu-Louisdóttir af mikilli sannfæringu. Katla syngur eins og engill en er líka ansi fær leikkona, enda skiptir Bella skapi af miklum krafti. Arnaldur er þessi týpíski stóri bróðir sem elskar litlu systur en vill stundum fá frið frá henni, og hann leysir það lipurlega. Auðunn Sölvi Hugason leikur orkuboltann Steina tröllabarn af einlægni og er sneisafullur af fjöri. Ofursystkinin Ofur-Sól og Ofur-Mána leika Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir og Andri Páll Guðmundsson. Þau vinna skemmtilega saman og sýna okkur sannfærandi systkinasamband sem einkennist af ljúfmennsku og húmor.

### Upp á sitt besta

Sara Martí Guðmundsdóttir hefur sérhæft sig í að leikstýra barnaleikritum síðastliðin ár og er hér upp á sitt besta. Umskiptingur er leiftrandi og lifandi allan tímann. Hún reiðir sig ekki á risastóra leikmynd eða tölvubrellur heldur leggur áherslu á leikhústöfra í sinni tærustu mynd og gefur öllum leikurunum tækifæri til að njóta sín, sem er merki um góðan leikstjóra.

Virkilega ánægjulegt er að sjá listræna aðstandendur nýta sér möguleika Litla sviðsins en brekkan hefur verið færð. Sviðið er langsum yfir salinn sem færir framvinduna nær áhorfendum og býr til pláss fyrir ærslagang þvert á leiksviðið. Snorri Freyr Hilmarsson er einn af okkar færustu leikmyndahönnuðum og sviðsmyndahönnun hans fyrir Umskipting sannkallað listaverk. Stuðlabergið teygir sig yfir allt sviðið og geymir marga leyndardóma, þar á meðal einkar eftirminnilegan dreka. Búningarnir eru líka listilega vel gerðir þar sem hver samfélagshópur hefur sín séreinkenni og litróf.

### Réttir strengir

Tónlistina semur engin önnur en Ragnhildur Gísladóttir. Júróvisionlag ofurfjölskyldunnar er klárlega besta sneiðin af þessari ljúffengu tónlistarköku sem er kannski ekki flókin í uppbyggingu en slær á alla réttu strengina. Hljóðhönnunin er í höndum Ragnhildar og Kristjáns Sigmundar Einarssonar og heppnast hún þokkalega en hljóðnemanotkunin er frekar yfirþyrmandi í þessu litla rými. Hefði ekki verið nóg að nota þá í söngatriðunum? Rúsínan í pylsuendanum er síðan sviðshreyfingar Rebeccu Hidalgo. Hún lætur ekki plássleysið trufla sig og finnur frábærar lausnir, til dæmis með virkilega vel samansettum handahreyfingum.

Leikritasamkeppnir eru ágætar til síns brúks en hefði ekki verið skynsamlegt að hafa hreinlega samband við höfundinn að fyrra bragði og biðja hana um leikrit? Sigrún hefur nefnilega engu gleymt, handritið endurspeglar hennar mörgu kosti þá aðallega frumleg efnistök og hlýju. Sara Martí sýnir sömuleiðis að hún er einn færasti baranasýningaleikstjóri landsins um þessar mundir. Leikhópurinn blómstrar í fallegri og bráðskemmtilegri sýningu um ólíklega vináttu þar sem allir leikararnir fá að njóta sín. ■

**NIÐURSTAÐA:** Stórskemmtileg og hrífandi sýning.

# Nýjar kiljur á tilboði

Spennandi og skemmtilegar sögur sem enginn má missa af!




Natríumklóríð
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Úti
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Rauð rúlletta
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Lok, lok og læs
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Fiðrildið
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Elsku sólir
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Nú er þér óhætt að fara heim
**3.399 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.100 KR.




Játningar bóksala
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.




Drag plóg þinn yfir bein hinna dauðu
**3.699 kr.** VERÐ ÁÐUR 4.459 KR.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 28. mars eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

**Frí heimsending***
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

## Hvað ertu að lesa?



**Kamilla Einarsdóttir**
*rithöfundur*

„Í haust verð ég meðal höfunda á Iceland Noir og mér finnst svo gaman að vera búin að lesa bækur höfundanna þegar ég fer á svona hátíðir.

Meðal þeirra sem koma í ár eru Liz Nugent sem kom líka í fyrra. Hún er svakalega fyndin og ljúf kona í persónu, en bækurnar hennar eru mjög hrollvekjandi. Þegar ég var að lesa bækurnar hennar fyrir síðustu hátíð endaði ég á því að þurfa að taka þær með mér í vinnuna og lesa þær þar því ég þorði ekki að lesa þær ein heima. Bókin Afhjúpun Olivers hefur komið út á íslensku og ég mæli heils hugar með henni.

Um daginn rann ég í hálku og á leiðinni á Slysó greip ég með mér bókina Vatnsmelóna eftir Marian Keys. Hún er svo fyndin og skemmtileg að ég hló og hló á milli þess sem ég fór í röntgen og gifs og ég held það séu ekki margar bækur sem geta látið fólk sem er nýbúið að brjóta í sér nokkur bein veltast um af hlátri.

Fimmtudagsmorðklúbburinn eftir Richard Osman er bók um hóp af eftirlaunaþegum sem dunda sér við að leysa morðmál saman sem mér finnst hljóma ógeðslega spennandi. Þar á eftir ætla ég að lesa bókina Konan í lestinni eftir Paulu Hawkins. Ég veit samt ekkert um þessa bók nema hún seldist svakalega vel og að það er búið að gera bíómynd úr henni á bæði ensku og hindí. Ég hlakka mjög mikið til að lesa hana og sjá svo báðar myndirnar.“ ■



**Brynjar Jóhannesson**
*skáld*

„Ég hef verið að lesa Guð leitar að Salóme eftir Júlíu Margréti Einarsdóttur. Svo erum við að lesa núna í hálfgerðum húslestri Það sem við tölum um þegar við tölum um ást, eftir Raymond Carver.

Ég hef reyndar lesið hana áður en kærastan mín er að lesa hana í fyrsta skipti. Mér finnst hún skemmtileg. Einhver töfrandi hversdagsleiki. Ég á svo enn þá eftir að lesa Kona lítur við eftir Brynju Hjálmsdóttur, ég hugsa að ég lesi hana næst.“ ■

# Arfleifð Íslendingasagna misnotuð af bandarískum kynþáttahöturum

**Bandaríski fræðimaðurinn John Sexton stjórnar vinsælasta Íslendingasögu-hlaðvarpi heims. Hann segir að í fræðunum þurfi að „lesa gegn þögninni“. Hann hefur rannsakað birtingarmyndir fötlunar í sögunum og spáir byltingu á fræðasviðinu á næstu árum.**

ninarichter@frettabladid.is



John Sexton, prófessor í miðaldafræðum, segir að sjónvarpsþættirnir Vikings kveiki áhuga á norrænum fræðum í bandarískum háskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þegar ég var tíu ára fékk ég þýðingu á Gylfaginningu frá frænku minni sem var bókasafnsfræðingur,“ segir bandaríski fræðimaðurinn John Sexton, sem er annar stjórnenda hlaðvarpsins Saga Thing, sem er vinsælasti hlaðvarpsþáttur heims sem fjallar um Íslendingasögurnar.

„Ég elskaði bókina og fór að lesa hana fyrir vini mína. Við lögðum söguna á minnið og sögðum brandara um persónurnar, á hátt sem tíu ára krakki myndi gera. Ég hélt fast í þetta allar götur síðan.“

John Sexton er fæddur í Queens í New York. Hann starfar sem prófessor við enskudeild Háskólans í Connecticut. Samhliða því er hann forseti sögufélagsins í New England. Hann stendur fyrir hlaðvarpsþáttunum Saga Thing ásamt doktor Andrew Pfrenger, þar sem Íslendingasögurnar eru krufnar frá alls konar frumlegum vinklum, í bland við klassískari nálgun.

„Hlaðvarpið var hugmynd frá Andy, en við höfðum verið að ræða þetta í dágóðan tíma. Við enduðum á að starfa sitt hvorum megin í Bandaríkjunum, og Bandaríkin eru stórt land,“ segir John.

### Vikings-þættirnir hafa áhrif

Aðspurður hvort tilkoma ofurhetjumynda sem byggja á norrænum goðsagnaheimi hafi áhrif á aðsókn í norræn fræði í Bandaríkjunum svarar John: „Það hafa komið tímabil. Við vorum með fyrirlestur fyrir nokkrum árum sem fjallaði um framsetningu á persónu Þórs í poppkúltúr. Þessa stundina er kveikjan að áhuganum í Bandaríkjunum því miður kolröng framsetning og misnotkun á norrænum sagnaarfi hjá kynþáttahöturum,“ segir hann. „Þessi vinkill knýr að stóru leyti áfram rannsóknir í þessum fræðum. Við sinnum þó miðaldafræðunum og það kemur fyrir að hægt sé að aðskilja þetta tvennt.“

> ”
> **Þessa stundina er kveikjan að áhuganum í Bandaríkjunum því miður kolröng framsetning og misnotkun á norrænum sagnaarfi hjá kynþáttahöturum.**
>
> John Saxton

John segir að sjónvarpsþættirnir Vikings séu einnig sterkur áhrifaþáttur. „Þættirnir hafa gert meira til að draga að nemendur en til dæmis ofurhetjur Marvel hafa gert. Nú hefur Þór til dæmis verið til sem ofurhetja mjög lengi, en Vikings hafa haft gríðarleg áhrif. Margir fóru til dæmis að hlusta á hlaðvarpið okkar eftir að Vikings kveiktu áhugann,“ segir hann.

„Við gerðum fjölda hlaðvarpsþátta út frá Vikings og ég var meira að segja einhvern tímann með beina lýsingu þegar þættirnir voru sýndir.“

### Loki sem trans persóna

„Það er fjöldi kvenna og hinsegin fólks að útskrifast á þessu fræðasviði núna, fólk með vinkla sem sáust hvergi fyrir einni kynslóð síðan. Þar eru rannsóknir á trans fólki í Íslendingasögunum, en þú ert í rauninni að „lesa gegn þögninni“ af því að textinn viðurkennir ekki fyrirbærið.“

John nefnir Loka Laufeyjarson sem dæmi. „Þú ert með persónu eins og Loka sem er trans persóna, en hann er bæði karl og kona. Þegar hann er kona í textanum er stuðst við kvenkyns fornöfn. Loki er þannig ekki í dulargervi í textanum heldur er hún kona,“ segir hann.

„Þetta er ólíkt því þegar Þór klæðist brúðarkjól, en þá er haldið í karlkyns persónufornöfn og kyn hans breytist ekki. Hann er karl í kjól.“

„Fyrir tuttugu árum síðan fór ég að rannsaka fatlaðar persónur í Íslendingasögunum. Það var spennandi og nýtt en núna eru allir að tala um það. En það er svo margt nýtt í gangi. Við erum að fara að sjá algjöra byltingu í þessum geira. Á vissan hátt þarf að bíða af sér eldri kynslóðina, og ég tilheyri henni, ég er að verða fimmtugur,“ segir John og hlær.

### Af karlmennskuhugmyndum

Íslendingasögurnar hafa lengi vel verið á stalli og óhætt að ætla að íslenskar karlmennskufyrirmyndir séu jafnvel sóttar þaðan.

Aðspurður hvernig gangi að kynna nýja vinkla inn í jafn rótgróin menningarfyrirbæri og Íslendingasögurnar, svarar John: „Allar þjóðir eiga sínar menningarlegu hetjur, en í Íslendingasögunum er svo margt í gangi. Ég held að fókusinn á karlmennskuna sé alveg réttmæt túlkun á sögunum, af því þær fagna svo sannarlega þessum karlmennskuhugmyndum sem í dag eru kallaðar skaðleg karlmennska. Hún þykir ekkert skaðleg í þessum textum,“ segir hann.

„En svo eru líka sögur sem endurspegla að þetta sé óæskilegt, sorglegt. Að ofbeldi leiði af sér eyðileggingu. Að því beri ekki að fagna. Stærsta Íslendingasagan er um mann sem fer aldrei í bardaga, Njáll er lögfræðingur. Hann berst aldrei en hvetur hins vegar aðra til að gera það.“

Hlaðvarpið Saga Thing má nálgast á vefslóðinni sagathingpodcast.wordpress.com. ■

# Rauð panda í kynþroskavanda

**KVIKMYNDIR**

**Turning Red**
**Leikstjóri:** Domee Shi
**Dreifing:** Disney+

Nína Richter

Hin þrettán ára gamla Mei Lee er hlýðin og námsfús fyrirmyndardóttir kínverskra innflytjenda í Toronto-borg í Kanada. Þegar hún breytist í rauða pöndu verður fjandinn laus, en kemur á daginn að sú bölvun eða blessun erfist í kvenlegg.

Hér erum við með nokkuð grímulausa líkingu fyrir kynþroskaaldurinn og tíðablæðingar, málefni sem stóru bandarísku teiknikvikmyndaverin hafa alla tíð sneitt snyrtilega hjá til þessa. Nema við ætlum í djúpa greiningu á Grimms-ævintýrum, sem við gerum ekki hér.

Á meðan Íslendingar tala um mánaðarlega heimsókn Rósu frænku talar Pixar um rauðu pönduna. Sagan fetar þannig braut sem mynd eins og Moana ruddi, þegar hún glímdi við áföll kvenna og Frozen sem fjallaði um kvennasamstöðu og systrabönd.

Rauða pandan er þannig að mörgu leyti sterk kvennamynd. Hún höfðar til yngstu kynslóðarinnar, þeirra sem ekki enn hafa hitt sína eigin rauðu pöndu, en talar einnig sterkt inn í hjörtu kvenna sem þegar hafa mætt henni.



Gagnrýnandi segir Turning Red vera sterka kvennamynd. MYND/PIXAR

Sögusviðið er ekki nútíminn heldur eltir það vinsælt aldamótatrend. Sagan gerist fyrir tuttugu árum og því er gaman fyrir fólk um þrítugt að heimsækja kynþroskaskeiðið aftur í gegnum sísvöng tölvudýr og takmarkalausa hrifningu aðalpersónunnar á hljómsveitinni 4*Town, sem er innblásin af *NSYNC og Backstreet Boys.

Sagan á annars góða spretti enda er efniviðurinn góður.

Billie Eilish sér um tónlistina í Turning Red og að þessari stærstu poppstjörnu heims ólastaðri er tónlistin veikasti hlekkurinn. Þar vantaði einhvern neista til að sannfæra áhorfendur og lagið sem allir áttu að fá á heilann var ekki betra en svo að ég man ekkert hvernig það er, þrátt fyrir að hafa séð myndina fjórum sinnum. ■

**NIÐURSTAÐA:** Fínasta fjölskylduskemmtun. Það er ánægjulegt að sjá kvikmynd þar sem handrit og leikstjórn er í höndum kvenna af asískum uppruna, sem hafa verið svo til ósýnilegar hjá stóru kvikmyndaverunum. Hér er á ferðinni fyndin mynd um vandræðagang unglingsáranna, sem margir munu tengja við, sér í lagi þeir sem voru unglingar í kringum 2000.


NÝTT!
NÓA
TROMP
BITAR
Hið eina sanna Tromp fæst nú í bitum.
Gríptu poka í næstu verslun.
NÓA
NÝTT!
TROMP
BITAR
285 g
cocoa
HORIZONS







Verkið Sundlaugin Akureyri má finna á sýningunni sem stendur til 3. apríl. MYND/BRAGI Þ. JÓSEPSSON

# Finnar og Íslendingar leiða saman hesta sína

Félag íslenskra samtímaljósmyndara stendur fyrir sýningunni Hérna, í samstarfi við Nordic Photographic Center í Finnlandi. Sýningin er sett upp í Hlöðuloftnu að Korpúlfsstöðum og er lokahnykkur Ljósmyndahátíðar Íslands 2022.

ninarichter@frettabladid.is

Sýningarstjóri ljósmyndasýningarinnar Hérna er Mike Watson. Að sýningunni standa 23 íslenskir ljósmyndarar auk fjögurra frá Finnlandi. Að sögn ljósmyndarans Spessa, sem er framkvæmdastjóri Félags íslenskra samtímaljósmyndara, sem skammstafast FÍSL, eru Finnar gríðarlega framarlega í samtímaljósmyndun og hafa rekið fagfélag í á fjórða áratug. „Við Íslendingar verðum samt fljótir að ná þeim,“ segir Spessi og hlær.

Í fréttatilkynningu segir að sýningunni sé ætlað að sameina listamenn frá tveimur svipuðum en þó mjög ólíkum löndum í samræðu um hvað þýðir að vera til staðar, hér og nú.

Sýningin stendur um helgina og þá næstu og lýkur þannig þann 3. apríl. Rýmið er opið á laugardögum og sunnudögum milli 13 og 17. ■


Á meðal framlags finnsku ljósmyndaranna er verkið Sisko og Rauni MYND/ TEIJA SOINI


Verkið Composition 1 má finna á sýningunni. MYND/EINAR SEBASTIAN

# Þriggja vikna ferð á Grænlandsjökli

ser@frettabladid.is

Aprílmánuður verður í meira lagi grænlenskur í tilviki fimm vinkvenna sem ætla að þvera ógnarstóran frera landsins á þremur vikum, en lagt verður í hann þegar tólf dagar eru liðnir af apríl.

Vinkonurnar eru Brynhildur Ólafsdóttir, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Karen Kjartansdóttir, Sibylle Kull og Vilborg Arna Gissurardóttir, sem allar eru vanar fjallakonur – og hafa raunar, í tilviki þeirrar síðastnefndu, tekist á við breiðu Suðurskautslandsins.

En það eru líka strákar með í för, svo allrar sanngirni sé gætt, þeir Aðalsteinn Árnason, Steinn Hrútur Eiríksson og Hermann Þór Baldursson.

Áttmenningarnar skipta ferðinni í fimm áfanga, að sögn Karenar Kjartansdóttur, eins leiðangursmanna sem iðar heldur betur í skinninu, en fyrst er haldið frá höfuðstaðnum Nuuk og þaðan upp á jökulhvelið við Kangerlussaq og er það erfiðasti áfanginn, „á brattann að sækja og þetta verður víst óttalegt klifur og brölt,“ segir Karen, en getur ekki beðið eftir erfiðinu.


Karen Kjartansdóttir, göngugarpur.

Frá sprungnum jökulsporðinum er svo skíðað yfir á sléttur íssins uns komið er að yfirgefinni ratsjárstöð frá kalda stríðinu sem er að sökkva í jökulgarðinn. Þá er hópurinn kominn í 1.600 metra hæð, tæpum þúsund metrum frá hæsta kolli, en þá verða 290 kílómetrar að baki og annað eins fram undan. Er þá skíðunum stefnt að Isortoq, hábreiðunni, með vindinn vonandi í bakið og hallann til austurs, uns klöngrast er niður af harðfenninu og allt til byggða í Tarsilaq.

Alls verður þetta 21 göngudagur „og ég get ekki beðið,“ segir Karen Kjartansdóttir. ■




# HVERNIG ER AUGNHEILSAN?

Augun eru eitt mikilvægasta skynfæri okkar. Meirihluti þeirra upplýsinga sem við móttökum skynjum við með augunum. Upplifðu og njóttu alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Hugaðu að augnheilsunni. Hjá okkur færð þú fjölbreytta fræðslu, ráðgjöf, bætiefni, augnvörur, gleraugu og linsur.

Sjáumst í Lyfju

LYFJA

# Hörmungar hildarleikur og átök um áfengi

## Frétt vikunnar

Guðmundur Björn Þorbjörnsson

ninarichter@frettabladid.is

„Frétt vikunnar, ársins og mögulega þessa áratugar, eru auðvitað þau hryllilegu mannréttindabrot sem Vladimír Pútín og hans hundtrygga hirð fremur nú í Úkraínu. Rúmur mánuður er frá innrás Rússa inn í nágrannaríki sitt, og ef finna má eitthvað til að gleðjast yfir í tengslum við þennan hörmungar hildarleik, er það sú staðreynd að stríðsrekstur Rússa gengur mun verr en Pútín áætlaði og varnir Úkraínu eru miklu sterkari en nokkur þorði að vona.

Af innlendum vettvangi finnst mér áframhaldandi sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka ekkert sérlega fréttnæm, enda var viðbúið að hún myndi eiga sér stað, þótt það hafi komið internetinu í opna skjöldu. Hins vegar finnst mér það stórmerkilegt, þótt það komi mér akkúrat ekkert á óvart, að ÁTVR hafi ákveðið að kæra til Landsréttar úrskurð héraðsdóms sem hafði komist að þeirri niðurstöðu að netverslanir mættu bara víst selja fólki vín. Hvað þessi málarekstur mun kosta á eftir að koma í ljós, en það er gott að hugsa til þess að íslenska forsjárhyggjan lifir enn góðu lífi – og það á kostnað skattgreiðenda.“ ■

> Hvað þessi málarekstur mun kosta á eftir að koma í ljós.






# Sálmurinn sunginn um íslenska svartmálminn

**Wacken Open Air Metal Battle hljómsveitakeppnin er haldin á Íslandi í tíunda sinn. Þar keppa sex þungarokkshljómsveitir um að komast á Wacken Open Air keppnina í Þýskalandi að spila fyrir mörg þúsund manns, í þrjátíu sveita úrslitum. Að sögn skipuleggjanda taka á sjöunda tug landa þátt í keppninni.**

ninarichter@frettabladid.is



Þorsteinn segir íslenskt þungarokk ómengað af meginstraumum.

„Uppsetningin hér heima er ekkert ósvipuð þeirri keppni sem er úti. Sveitin má spila í 20 mínútur. Fjöldi laga skiptir ekki máli,“ segir skipuleggjandi Wacken Open Air Metal Battle þungarokkskeppninnar, Þorsteinn Kolbeinsson. „Svo eru dómarar og dágóður slatti af þeim, bæði innlendum sem erlendum,“ segir hann. „Ég er búinn að bjóða sjö erlendum aðilum að koma. Kannski verða þeir fleiri.“

### Segir alla þekkja alla

Þorsteinn segir að sökum fámennis sé mjög nauðsynlegt að fá utanaðkomandi eyru til að dæma keppnina.

„Allir þekkja alla hérna heima,“ segir hann. Sveitin sem sigrar í keppninni fær styrk frá ÚTÓN til ferðarinnar til Þýskalands. „Síðan þegar á Wacken er komið, tekur keppnin tvo daga í tjaldinu, sem er tíu þúsund manna tjald,“ segir hann.

Þorsteinn segir íslensku metalsenuna fara stöðugt stækkandi. „Fyrir tíu árum síðan vissi enginn í útlöndum hvað íslenskur metall var, nema kannski Sólstafir. Þeir hafa svona hægt og rólega orðið stærri og stærri og eru núna komnir í aðalnúmerageirann á mörgum þessum festivölum,“ segir hann. „Menn hafa sérstaklega hælt íslensku black-metal senunni fyrir mikil gæði.“

### Sérstaðan í íslensku þungarokki

*En hefur íslenskt þungarokk einhverja sérstöðu úti í hinum stóra heimi metaltónlistar með allar sínar undirgreinar?*

„Mér finnst við oft vera svolítið ómenguð af meginstraumum þarna úti,“ svarar Þorsteinn. „Nú er ég einn af dómurum í keppninni úti, eins og margir aðrir af mínum kollegum sem sjá um keppnirnar í sínum löndum,“ segir hann.

„Sveitirnar sem eru að vinna undankeppnirnar í sínum löndum hljóma eins og afrit hver af annarri,“ segir Þorsteinn, en bætir við að hann vilji ekki tala niður aðrar sveitir. „Kannski er það út af stríðum straumum af böndum sem fara í gegnum þessi lönd. En margir hafa lýst þessu íslenska fyrirbæri, sérstaklega í gegnum black-metalinn. Að þú fáir tilfinninguna að þú sért á Íslandi í gegnum þessa tónlist. Við erum ekki með sérstök íslensk hljóðfæri, en menn heyra svona aðra elementa,“ segir hann.

Skráning og frekari upplýsingar eru á Facebook-síðu keppninnar. ■

# Skólastjóri Borgarhólsskóla segir símabann nemenda hafa gefist vel

ninarichter@frettabladid.is

Borgarhólsskóli á Húsavík er orðinn símalaus skóli síðan á miðvikudag. „Við höfum verið að ræða skjánotkun barna og unglinga og eftir Covid hefur okkur fundist meiri þörf á því að þau séu í félagslegum samskiptum,“ segir Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, starfandi skólastjóri við skólann.

„Við sáum að síminn var farinn að éta upp þeirra tíma og þeim þótti erfitt að leggja hann frá sér þegar þau komu í tíma,“ segir hún. „Þau eru öll með Chromebook-tölvur í skólanum, þannig að þau þurfa ekki að nota símann í náminu.“

Þrátt fyrir þessa tilhögun er ekki gerð athugasemd ef nemandi er með símann meðferðis, svo lengi sem er slökkt á honum og hann geymdur í tösku.



Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, starfandi skólastjóri við Borgarhólsskóla á Húsavík

Aðspurð hvernig nemendur taki í þessar breytingar, svarar Kolbrún Ada: „Það var alveg misjafnt. Sumum fannst við vera að eyðileggja líf þeirra. Aðrir voru bara spenntir og voru alveg til í að gera eitthvað annað en að vera í símanum,“ segir hún. „Sögðu bara: Já, ég finn það að ég ræð ekki við mig. Ef það er dauður tími, þá er ég búinn að grípa símann án þess að hugsa um það.“ Þannig hafi sumir nemendur verið tilbúnari en aðrir. „Það voru ekkert allir kátir en þau voru til í að prófa þetta.“

Að sögn Kolbrúnar Ödu hefur tilraunin gefist vel. „Við sáum rosalegan mun í frímínútum, það er verið að spila og gera hluti sem var ekkert verið að gera,“ segir hún. „Drífa sig út í fótbolta. Það er meiri kliður og meira um að vera. Samtöl og meira í gangi,“ segir Kolbrún Ada og bætir við að kennarar og starfsfólk skólans sjái mikinn mun. En á móti komi að starfsfólk hafi útvegað spil og afþreyingu fyrir nemendurna.

Aðspurð hvort kennarar sitji við sama borð í símabanninu segir Kolbrún Ada svo vera. „Það er mjög mikilvægt að fólk sé ekki með símann í vinnunni og á vinnutíma. Kennarar eru ekki með símana með sér þegar þeir eru að kenna eða annað. Fyrir þá gildir það sama,“ segir hún. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


GLEÐILEGA PÁSKA
APPOLO LAKKRÍS PÁSKAEGG
MEÐ FYLLTUM LAKKRÍS
PÁSKASMELLUR
Hraun egg
KARAMELLU
Alltaf jafn gott
Eigðu Góa páska
Góa


MITT
BYK


FLJÓTLEGT OG EINFALT FYRIR FAGFÓLK
Reikningsviðskipti á sjálfsafgreiðslukössum
Auðkenning með rafrænu BYKO korti
Yfirsýn yfir viðskiptin þín á mitt.byko.is
Kíktu á okkur á stórsýningunni Verk og vit í Laugardalshöll 24.–27. mars.
Nánari upplýsingar á byko.is
BYKO

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

EMIL í Kattholti
Astrid Lindgren

■ **Bakþankar**



Óttars Guðmundssonar

# Aumingja Rússar

Njáll á Bergþórshvoli þótti einn mesti spekingur sinnar samtíðar. Þegar Flosi og brennumenn sóttu að Njáli og fjölskyldu brást honum þó ráðsnilldin. Hann ráðlagði sínu fólki að ganga inn í bæinn sem var í raun dauðadómur. Njáll sýndi að á ögurstundum geta miklir stjórnvitringar lagst í hættulegt bull.

Í heimi vímuefnalækninga er býsna algengt að sjúklingurinn varpi allri ábyrgð á umhverfi sitt. Vandamálin stafa af ástarsorg, einelti, illri meðferð eða bara einhverju. Mestu máli skiptir að viðkomandi er fórnarlamb illra örlaga og ber enga ábyrgð á eigin lífi.

Þessi blóraböggulskenning kemur víða við sögu. Sumir telja að í átökunum í Úkraínu séu Rússar þolendur en ekki gerendur. Þeir hafi ekki átt annars úrkosta en að fara með stríði á hendur nágrönnum sínum og frændum. Átökin séu í raun Úkraínumönnum sjálfum að kenna og Vesturlöndum.

Fyrrverandi forseti Íslands sýndi á dögunum mikinn skilning á árásarstríði Rússa. Nató og kó þrengdu svo mjög að hýði rússneska bjarnarins að hann neyddist til að sprengja í loft upp spítala, skóla, elliheimili og fjölbýlishús. Þjáningar og umrót heillar þjóðar skiptu engu gagnvart særðu stolti Rússa. Úkraínumenn gátu sjálfum sér um kennt.

Í Brennu-Njáls sögu bregst Njáli dómgreindin aðeins í þetta eina sinn. Fyrrverandi forseti hefur á hinn bóginn ítrekað gert sig sekan um grátlegan skynsemisbrest. Hann mærði útrásarvíkinga í hástert og fagnaði umsvifum þeirra.

Gamalt minni úr þjóðsögum kemur í hugann. Þeir sem ganga í bland við tröllin glata mennskunni. ■




